Hann gekk og til sama bartskera sitt sár að umbinda láta. Síðan sendir hann tvo arkelímeistara, sem að eru constabel, uppá. týhúsinu (þeir menn eru æðri sljettum byssuskyttum, og hver einn þeirra er yfir sjerhvers skips arkelí settur, það er yfir allan þann stríðsbúning, og hafa lóð og púður með öðru þesshátta í sínum reikningsskap) til mín að útvega sátt og forlíkun, og bauðst til það alt að halda, er eg tilskildi, en eg girntist ei meira af honum, en hann bartskerans laun hvorutveggju ríflega borgaði, hvað og skeði. En með því hann hafði þjent í sömu vist með bartskerans kvinnu fyrmeir, og margt erfiðissamt af henni tekið, naut hann þess að, og þurfti ei meir en 12 dali að gefa, 8 fyrir mig og 4 fyrir sig, og bartskerasveininum hálfan þriðja sljettadal. Frá þeim tíma kyntist eg enn meir við M. Jakob, og var eg af honum vel látinn og hans kvinnu.

Sex vikna tíma þar eftir um haustið bar svo við eitt kvöld, þá klukkan var 4 slegin, sem var vor máti heim frá týhúsinu að ganga hvert kvöld, að vjer hlupum yfir slotsplássið kapphlaup, og mikill kuldi var, því vindur bljes af landnorðri hart með frosti; og á miðju hlaupi á sljettu plássi hrökk Marteins fótur í sundur hinn hægri, og var borinn heim af 6 mönnum til síns heimilis. Hann var fyrir hálfu ári giftur, þegar svo bar við. Þennan vetur var oss fenginn kostur heim í vort herbergi. Fjekk eg Marteini allan helming míns kosts, hvað hann stórum þakkaði, og margir vel virtu og prísuðu. Oft vitjaði eg hans um veturinn í þær 13 vikur, er hann lá undir bartskerahendi, og margfaldlega bað hann mig um fyrirgefning, hvers eg honum vel af hjarta unti, sem sjálfum mjer. Þessum manni fjell svo lítt um síðir, að hann á reisu til Spanía varð einum ungum manni dægilegum að skaða um morguninn um frúkost, sá eð Jacob hjet og hafði 22 ár. Eftir stríðsrjettinum og skipslögmáli varð hann bundinn lifandi til hins dauða og útvarpaður síðan.

Á sömu reisu, en öðru skipi, varð annar maður Olafur að nafni, norskur að ætt, með raffír[1]) í hel stunginn af

[1]) ɔ: lagsverði, d. Rappier.

einum í Spanía þar innlendum. Þessi hafði um veturinn fyr slegið mig í höfuðið með krús án allra orða og kallaði mig sinn elskulegan bróður, slökti ljósið, greip krús og sló í myrkrinu rjett ofan í hvirfilinn. Mjer vildi það til lukku, að eg náði undirkefli kvenna, og í myrkrinu varði mig með því, fyrir þeim tveimur, mínum húsbónda og þessum Olafi, hverjir gjört höfðu samtök sín í milli að lúskra mjer alvarlega fyrir engar sakir, utan húsbóndans órjettferðuga illþyngni. Barnfóstran með barnsvöggu á gólfinu hugði mig dauðan vera, en Guð gaf mjer þá lukku, að eg fjekk ekkert annað skaðræði, en sem eg fjekk í öndverðu, af þeim arga skálk Olafi, hver mjer saklausum launaði gott með illu. Af þessum tveimur mönnum fjekk eg áverka, en ekki fleirum, utan litla skinnsprettu hjá hægra auga af soldátaverju, hverri eg náði í myrkri.

Item einn tíma eitt kvöld, er eg sat í húsi þess manns, er Sveinn hjet, og þrír menn aðrir og vorum að spila, varð slegið með steini á þann fjalarhlemm, er um nætur til hlífðar við glergluggana verður uppdreginn, svo glerið fauk um vor andlit, þar vjer sátum við borðið. Vjer strax í mesta skunda gripum vor vopn, og æddum eftir þeim skara, er fyrir dyrnar gekk, sem voru herramannasveinar. Þeir hlupu undan sem mest máttu, því þeir vissu sig líflaust verk gjört hafa, og í þeim gangi, sem liggur í gegn undir þeim hvelfingi við þá þýsku kirkju,[1]) náðum vjer í eins þeirra kápu, svo hún hlaut með oss að fara, því hann hafði sín skikkjubönd uppleyst, svo sem plagast, svo þeir grípist ei nje höndlist. Þessa kápu seldum vjer fyrir 12 sljetta dali; eigi vogaði neinn eftir að klaga.

[1]) St. Pjeturskirkjuna.

X. KAP.

Í þann tíma, er sá frómi dándissveinn Finnur Böðvarsson var enn á lífi í Kaupinhafn, vorum við einn tíma til gesta boðnir af einum málara að nafni Martínus. Hans kvinna hjet Elína. Það var Marteinsaftan, sem var kvöldið fyrir S. Marteinsmessu. Þessi hjón höndluðu vel og sæmilega við okkur og báðu okkur með elsku og kærleika einnin þar um nóttina af að hvílast, heldur en mjög seint á strætum að svakka til heimkynna, og kváðu þá ei síst von á drukknum mönnum. Eg vildi gjarnan þiggja þeirra boð, en við minn fróma lagsmann tjáði ei að nefna utan prófoss[1]) heim að ferðast, hvað svo hlaut að vera. Okkur varð fengin ein lítil ljóslykt í hönd með einu litlu ljósi.

En nær við til strandar vorum komnir á heimleið, þar sem kallast »Lækkerbisken« eður »Garð-kík-inn«,[2]) það er: þar sem fá má matarbita fyrir peninga, svo lítið og mikið sem einn vill, hjón þau, þar bjuggu, voru bæði þýsk — maðurinn hjet Jacob en kvinna hans Anna; bæði voru þau mæt og ágæt, en hvernig eg komst í þeirra kynning hlýtur seinna að segjast — þar nálægt þeirra húsi sloknaði okkar ljós; var þá svo myrkt, að við gátum ei sjeð hvar vegur lá með ströndinni. Finnur gekk frá lítið og vissi hann ei fyrri til, enn hann datt í eina skútu, sú eð var þilfarslaus, ofan á kjöl á millum stórra steina, er þar lágu. En Guð blessaður gaf þar sína náð til, að hann slasaðist ei, hvað sig sýndi stór dásemd að vera.

Nú er þar frá að segja, að skútumaðurinn vaknar, sem lá aftur í sinni káhyttu, og brá undarlega við, því hann

---

[1]) o: fyrir hvern mun.

[2]) o: Lækkerbidsken eða »Gaard Kig ind«; það var alkunnur veitingastaður á þeim tíma við Amagertorv, milli Østergade og Store Kirkestræde. — Sbr. RC. og rit þau er þar eru nefnd.

meinti okkur aðra menn vera, en eg með þeim ljúfustu góðyrðum afsakaði okkar málefni, og sagði honum ei með verri ásetningi eður aðburðum skeð hafa, en sem nú er greint, og bað eg hann ljós að kveykja, því hans [ɔ: Finns] hattur var af hans höfði fallinn. Ei vildi Finnur fyr upp- standa en hattur hans fundinn væri, og lofaði skútumanni hálfum dal, ef hattinn fyndi. Nú klæðir hann sig nauðugur og maldandi; eg stóð á bryggjunni og beið eftir að eg mætti fá minn stallbróður aftur, en í því bili kom öll skar- vaktin með ströndinni gangandi með stórluktum, sverðum og spjótum, sem nýlega voru af ráðhúsinu útgengnir að passera og um æða öll stræti borgarinnar, eftir venju og skikkan um sjerhvert miðnætti, að reyna og hugleiða, hvort engir fyndust drukknir eða ósvífnir á strætunum. Nær þessi skútumaður sjer vaktina koma, kallar hann með ákefð að sú góða vakt skyldi koma með hast og hjálpa sjer, því tveir menn sjeu komnir í sína skútu og gjöri sjer stórt ónæði. Þeir skunda með mesta flýti, líkt sem nokkuð sjer- legt viðlægi, en mín þessa hans kalls afbeiðni dugði ekkert. Eg bað Finn uppstanda. Hann kvaðst þar liggja mundi, til þess hattur sinn fyndist, hver eð keyptur var fyrir 2 dögum fyrir 5 dali. Vaktmeistarinn, Söfrin Trafn, skipar sínu liði okkur að grípa og strax að fanga. Engin vopn bárum við í þann tíma, utan einn lítinn hníf, hvern eg greip og varði mig litla stund með. Einn með honum lítið skurslaðist. Hnífinn slógu þeir úr hendi mjer með sínum spjótum og gripu mig. Einn að nafni Andrjes vefari, sem verið hafði eitt ár uppá týhúsinu og þekti mig, hann greip og geymdi minn hníf. Vaktmeistarinn skipaði þeim mjer fast að halda, berja og slá, ef brytist móti. Þeir sem mjer hjeldu urðu fyrir mínum olbogaskotum hnálega, svo margir af þeim blóð uppgáfu. Síðan leita þeir Finns, míns kæra stallbróðurs, upprjettu hann og leiddu á land, því skútan bar ei hærra en bryggjur, og fundu hattinn. En sem Finnur komst á land gjörðist hann þeim þungur í fangi, og óþjálgur í gangi. Því

Margur þá að hauðri hnje
og hrökk við ekki í glímu
dregist hefði að Dönskum spje
ef dagurinn brygði grímu.

Þetta þjark varaði víst hálfan eyktartíma. Þeir leituðu við harðlega að koma okkur í kjallara, sem kallast ráðhúskjallari, þar sem fangar eru inni hafðir, en þeim veitti það ógreitt, því við settum okkur út af öllum krafti okkur að verja og mótstand gjöra. Einu sinni hafði eg svosem náð atgeirnum úr vaktmeistarans hendi í skjótu tilgripi, því hann steytti mig illa með atgeirsendanum fyrir brjóstið, en með því eg var svo hart í höndum margra umgripinn og beltaður, náði eg ei að falla, en eg fjekk gripið í skaftið, og svo kipti eg honum hart að mjer, að honum var búið við hörðu falli. Eftir það ólmaðist hann og æsti upp sinn selskap okkur að lemja. Síðan spyr hann okkur að nafni, mig fyrst og hvers lands maður eg sje, og hverjum eg þjóni. Eg segi hann hljóti svo vel honum að hneigja sem eg. Hann segir þó eg þjóni kóngi, samt muni hann ei hafa skikkað mjer svo seint á ferð að vera. Eg kvaðst engum mein gjört hafa í fyrstu, en hann ranglega með sínum selskap hafi okkur yfirfallið, hvers minst skuli verða. Síðan spyr hann Finn að nafni og hvers lands maður hann sje, eður embættis, hvað hann honum skýrlega hermdi. Hann lætur sem hann vilji ei uppgefa. En Jacob um hvern eg áður áveik, sem var með sinni kvinnu Önnu uppá loftsalnum í sinni hvílu og hafði alt tilheyrt frá því fyrsta, hann þá loksins upplýkur sínum glerglugga og kallar ofan til vaktmeistarans, og bað hann að sleppa okkur og þakka Guði að svo stæði, því ef til rjettar kæmi mundi ei betur fara fyrir honum, því hann hefði gjört okkur opinberan órjett, og segir að týhússins rjettur og slotsins mundi honum nógu skarpur verða, hann og þeirra hálærðu, vegna Finns, sem var studiosus. Hann dignaði hjer mjög við, og gaf okkur þar með lausa. Við komum síðan heim í mitt lossamenti, sem var skamt þaðan í Víngarðsstræti, hjá minum góðum

vin og trúföstum stallbróður, Jóni Halldórssyni, og Kristínu Söfrínsdóttur, sem var ein prestsdóttir, ættuð úr landi Holsten. Jón óskaði sjer að hann hefði nálægur staðið, og mundi einhver þá hafa að velli lotið.

Svo bar til að þessi Söfrin Trafn komst síðar uppá Bremerholm, í það mikla fangelsi, og eg hefi fyr um skrifað.

Einn stúdent var í borginni meðal annara, sem í þann tíma voru eitt hundrað að tölu, sá eð Michel hjet, og kallaður Michel Norðbaggi. Söfrin Trafn og hann áttu stundum gráglettur saman, sem hann á nætur, þegar skarvaktin gekk sinn æðigang um stræti borgarinnar, (hvers fyr var getið) hafði Michel dregið í sinn flokk þau mestu fól og illmenni, er hann gat útlesið úr tölu bátsmanna og annars handverksfólks, og setti sig með þessum selskap oftlega í gegn vaktmeistaranum og hans skarvakt, en urðu þó svo búið að hafa og láta þá frítt spássera. Með því Michel var nógu ríkur hjelt hann oft veislur Söfrin og hans selskap og voru miklir kunningjar.

Finnur gekk til Michels að morgni og greindi honum alt hið glöggvasta frá vorum viðskiftum. Söfrin var sóttur og síðan eg þangað kallaður, og gjörði Michel stóra veislu í sínu herbergi. Varð svo glaumur og gaman úr öllu og gjörðust miklir kunningjar framvegis.

Nú eftirfylgir hvernig eg komst í kynni við Jacob, sem hjelt matborð og gesthús við ströndina.

Einn tíma er eg og einn Íslenskur að nafni Einar, ættaður úr Eyjafirði, vorum þar inngengnir litla máltíð að taka um kvöldtíð, og sátum tveir einir við borðkorn lítið, sem ofan venti að sjóarströndinni, Jacob með sínum mörgum gestum sat við háborð uppi. Einn hvatorður maður, sá eð var múrmeistari, sat þar á meðal annara, og ljest kunna að segja hegðan og háttalag fólks í mörgum löndum, á meðal hverra var Íslands innbyggjarar, sem aumlega sáu út í hans texta og óvandaðri útleggingu. En hans tilheyrendur voru auðtrúa og dáðust að hans ræðu. Hann tók

því vel og teygði ræðuna, svo mikill glaumur gjörðist þar, en grátur eigi. Eg spyr Einar að, hversu lengi hann geti slíkt liðið. Hann kvað slíkt tíðum mega heyra um Ísland talað. Eg spyr Einar að, hvort eg eigi nokkurs von, ef eg með þyrfti hjá honum. Hann kvað sá vísari vera. Eg geng svo upp að háborði; fæ eg húsbóndanum þá peninga, er fæðsluverðinu gilti. Hann meðtekur og þakkar. Eg stend svo fyrir framan mitt borðið og tala eg til þessa manns, er svo lastlega hafði þessa lands fólki tiltalað, og til ályktunar hafði sagt, að þetta fólk mætti ekki fólk heita, heldur sem svívirðilegustu kvikindi. Eg segi: »Vinur, eg heyri þú ert víða um lönd kunnugur og kant dáfallega frá mörgu að skýra, og hvað mig ei síst undrar, að þú um Íslands háttalag ert vís orðinn, eður hefir þú siglt þangað?« Hann bað Guð sig þar frá varðveita, og segir Oðinn mætti það gjöra, en hann aldrei. Í því bili ljet eg honum tvær gildar eyrnafíkjur ríða. Öllum kemur í stans. Einar hljóp út, nær hann sá hvað gjörðist. En þessi hljóp yfir borð og hugði mig strax að helfæra. Við gripumst fyrir. Nokkrir vildu áþyngja mjer, en húsbóndinn fyrirbauð öllum með okkur að skakka. Svo varð að hann komst undir og dreyrði úr nösum nokkuð, því hann fjekk mörg þur högg. Húsbóndinn strauk undan borðum og hans gestir og drógu þennan út, með rifinn kraga og blóðugar nasir, og kváðu allir honum verðugt vera. Og húsbóndinn lofaði að slíkur skálkur og orðsnápur skyldi þar aldrei framar meir inn koma, og kvað mig lofs verðan, að eg svo við hann hefði undirtekið og útreitt, af vandlæting vegna míns föðurlands. Og varð eg þar svo velkominn gestur, er mig þar að bar.

Nú er að tala um höndlan og háttalag týhússins, og hvað þar viðbar hið sjerlegasta af mörgu.

XI. KAP.

Innihaldandi um það hvað mjer tilfjell við þau port, er eg stóð vakt við, í gegnum hver að er einn inngangur í próviantgarðinn; í hverjum húsum að er allur kostur, sem til kóngsins garðs er ætlaður og alls kóngsins fólks, hver hús að eru á sömu lengd, hæð og breidd við týhúsið, sem er hundrað faðmar á lengd, og eru hundrað faðmar þar á milli og ein höfn, hvar inni lágu ellefu skip af þeim smæstu kóngsins herskipum og daglega af nokkrum vöktuðust.[1])

Nú verður svo fyrst til máls að taka, að kóngurinn setur yfir þetta sitt hús og próviant einn mann sjerdeilis, sem nefndur verður próviantmeistari, er í þann tíma hjet Claus Michelborg.[2]) En eftir hann liðinn kom Mattheus Davíðsson. Skrifara og sveina hafði hann undir sjer, og var það meining manna að bæði meistarinn og hans sveinar mundu, þá færi gafst, draga sjer nokkuð til drykkjupeninga af þessu góssi, hvar fyrir í tvær reisur þessi Mattheus Davíðsson varð í Bláturn innsettur og hótað líftjóni, þó náðaður yrði. Það bar og tíðum við, að vjer klöguðum yfir þeim, sakir vors kosts afdráttar, og fyrir þess sakir varð Grabov vor týjunkur að setja þangað nýja vakt frá týhúsinu, við þessi porthlið, hver eð í norðvestur lágu frá týhúsinu, eftir kónglegri befalningu, og þeir helstu þar til valdir, einkum þeir sem lesa og skrifa kunnu, og skyldu hvern dag 2 menn í senn þar vaka, svo aldrei mannlaust væri, þó annar frá gengi, og það alt uppskrifa, er þar útkom og í gegnum fluttist og hvert kvöld það registur afhenda í týhússins skrifstofu.

---

[1]) Höfnin milli týhússins og »próviantgarðsins« var notuð enn 1864, en síðan fylt upp. RC.

[2]) Hann hjet rjettu nafni Claus Mecklenburg, † 1619. Eftirmaður hans var Mads Davidsen er var settur af ca. 1624. RC.

Svo bar við einn tíma um nónbil, að minn stallbróðir, að nafni Pjetur Snur, var burtgenginn eftir okkar kvöldverð, en í öðru lagi hagaðist svo til að einn skútumaður úr Bleking aðkominn með við til bruggarahússins og brauðbökunarhússins áttu nú í þessu út um áðurnefnt port að ganga til borgarinnar. Tveir vintapparar voru í garðinum, ungir menn, Niels Hasenbart, sá var sonur D[octor] Jacobs,[1]) er fyrir tveimur árum var afgenginn, sá eð verið hafði kóngsins lækningadoctor, en hans ágæta ektakvinna Christín eftirlifði, sú eð var vellauðug. Þessi ungi maður Niels var æskumaður mikill og vogháls, svo hans elsku móðir var þrátt um hann óttaslegin, þegar svo viðbar. Þessir tveir ungir menn, annar Lauritz að nafni, vefarasonur, báru frábært hatur ásamt til allra þeirra, er í þessu porti stóðu og vörnuðu að þar bærist nokkuð út, eftir sterkri befalningu kóngsins.

Nú er þar til máls að taka, að þessir tveir vínsveinar tóku þennan skútumann ofan í þann vínkjallara, er í garðinum var, hvar þeir daglega voru í tveggja tunnu föt það vín að inntappa, er til þeirrar fyrstu reisu að Indien var ætlað, og þá var í búningi 1618.[2]) Þennan mann gjörðu þeir víndrukkinn og fengu honum eitt trje í hendina, svo sem eitt borðstólpa efni, að reyna þar með, hvort eg gæfi honum leyfi með það út um portin að ganga eður ei, því ef eg gæfi honum með það leyfi, svo var auðgjört eftir þeirra ásetningi að klaga mig, og svo í ólukku að bringja uppá lífið. En í öðru lagi, þar sem eg hamlaði honum útgöngu með trjeð, þá höfðu þeir uppæst manninn með trjeð í tráss við mig út að ganga, og ef til handa kæmi og yrði hans hið lakara, þá hjetu þeir honum sínu liði. Þessi þeirra ásetningur útspilaðist eftir þeirra vild. Nú kemur maðurinn með trjeð og heilsar. Eg tók honum ljúflega. Eg spyr hann hvert hann ætli með trjeð. Hann kvaðst ei mjer

---

[1]) Jacob Hasenbart (1552—1607) líflæknir konungs. Sbr. Biogr. Lex. RC.

[2]) hjer er átt við hina frægu ferð Ove Giedde til Indlands.

pliktugur vera þar um reikningsskap að standa, þó kveðst hann það í burtu vilja bera. Eg segi honum, að það leyfist eigi, að það útberast megi. Hann segist lítið um það forboð hirða, því hann segist það skuli út bera mjer og öllum að þakkarlausu. Eg segi: »Kæri minn maður, komdu þjer ekki svo viljandi í ólukkuna nje heldur mjer.« Það fjekst í engan máta. Eg stóð í vegi, svo hann komst ei út. Hann reiðir svo trjeð til höggs við mig, eg ber minn sintreyr undir, og sló eg svo trjeð úr höndum honum. Hann býðst þá til að ráðast á mig; eg afeggja hann, hann skuli slíks dirfast, og segi eg honum hvað viðliggi, sem er líf hans. Hann hlýðir engum mínum fortölum. Hann sækir að mjer sem mest orkar, þar til eg gaf honum nokkur spjótshögg, þá komu þessir tveir víntapparasveinar með sína stóra bandstjaka. Varð þar mikið slark svo eg brýt á þeim tvö spjótin, sem var sintreyrinn og knefelspjótið[1]) er þar stóð, sem oss í neyð gafst leyfi til að brúka og oss með að verja. Síðan gripu þeir mig höndum þessir þrír menn og blóðguðu illa; og í þessu bili kom minn stallbróðir Pjetur Snur hlaupandi og kallandi, að þeir skyldu sleppa. Þá flúðu þeir, en eg gekk uppá slotið að hitta cancelerann og Grabov, og nær þeir litu mig blóðugan, undraði þá, og lofa að þess skuli hefnt verða. Líða svo 2 dagar þar til Grabov talar við kóng þar um. Segir kóngur að betur hefði farið að eg einhvern þeirra deytt hefði, og skyldi rjettargangur þar um haldinn verða uppá cancelii fyrir canceleranum, hvað og skeði. Cancelerinn sagði þessum Niels í hverju fári hann stæði, að hann hefði sitt líf með sínum fylgjara forbrotið. Var svo tilskikkað, að þeir báðir urðu í Bláturn innsettir, og skyldu kóngs úrskurðar bíða. Grabov vogaði ei annað en láta mig þar inn til þeirra, vegna haturs allra þeirra, er í móti voru, þeir eð hjeldu að Grabov hefði þeirri vakt í fyrstu ollað. Móðir þeirra kom og þangað með sárum harmi um nóttina og fleira af borgarfólki með

[1]) sintreyr sjá bls. 56, neðanmáls; knefelspjót (o: Knevelspyd) var spjót með lítilli þverstöng undir blaðinu.

henni. Um morguninn vorum vjer útlátnir, og gengum svo til húsa hans móður, Christínar Doctors, hver oss blíðlega fagnaði, og gjörðist þar veisla mikil og gjörðum þann sáttmála vor á meðal, að vjer skyldum sem bræður góðmannlega kynning hafa vor á meðal. Hún gaf mjer til þriggja dala gildis. Skildist eg svo við þau með kærleika. Hún sagði mjer heimilt eitt passaglas[1]) fullt með öl, hvenær eg hjá gengi. Þremur dögum þar eftir varð útlegðarbrjef upplesið yfir Niels og hans fylgjara, af kónglegri skikkan, og úr því sá eg Niels Hasenbart aldrei meir, og lyktar hjer um framar að tala.

Tveir meistarar úr Ítalía komu til kóngsins. Einn þeirra, sem fyrri kom, steypti einn koparuxa, sem vera skyldi vatnspottur til Friderichsborgar, svo nær framandi þar kæmu af herrum annara landa, eður þeirra sendiboðar, þá skyldi þessi koparuxi vera þeirra þvottamunnlaug, af hvers munni og nösum vatn skyldi renna í þeirra hendur. Hinn annar hjet Samúel. Vjer vorum af kónginum átta útvaldir honum til liðs, um einn næturtíma að gjöra hvað hann oss skikkaði. Hann hjet oss drykkjupeningum, ef sjer vel lukkaðist. Þangað sem stykkin voru steypt hafði hann oss. Hann trakteraði oss vel með öl og mat um kvöldið. Eina leirhnyðju hafði hann með að fara. Hann ljet oss stappa þeirri smámoldu umkring þessa leirhnyðju, er vant var að hafa umkring þá forma er stykkin voru steypt í. Þetta leirform var að hæð vel sem eg, og jafnhátt því var moldin stöppuð. Þetta var vort verk um nóttina. Hann biður oss til bænar að leggjast með sjer, og biðja Guð um, að hann vilji sjer góða lukku til síns erfiðis gefa. Þetta gjörðum vjer þó með veiklegum hætti væri. En kopar eða það, sem til formsins var ætlað, var í deigluketilinn, sem var innmúraður, um kvöldið fyrir miðjan aftan í látið að smeltast og undir eldur kveyktur, og brann alla þá nótt út til miðs morguns. Um það leyti kom kóngur sjálfur ríðandi og spyr að, hversu nær að komið væri. Meistarinn kvað innan skamms koparinn smeltan vera.

[1]) d. Pasglas; glas með merkjum er sýndu rúmfangið.

Kóngur stje af sínum hesti og gekk inn í gothúsið og að deiglukatlinum, áhrærði með sínum staf við það smelta kopar, og hjelt til fullnægju smelt vera. Hinn kvað litla stund biðleika yrði fyr en hlaupa mætti. Kóngur hjelt þar í móti og gekk til hanans, sem við rennuna lá, sneri honum, ljet koparið úthlaupa í rennuna sem lá til formsins, gekk svo út, stje á hest og reið sinn ásettan veg til Friderichsborgar, sem liggur 4 mílur frá Kaupinhafn. En nær meistarinn sá, að það tilvegna kopar rann ekki alt í formið afsinnaðist hann stórum, gekk aftur og fram með grimmri hugarangist, óskandi sjer dauða, feldi á oss fjandskap og reiði, og kendi um voru bænræktarleysi. Þar fjellu af oss allar virðingar, veitingar og drykkjupeningar. Að því nær liðinni eykt rennur af honum þessi samviskuþungi nokkuð, svo hann skipar oss þessari mjúku mold burt frá forminu að moka, sú eð var 3 ára gömul, og síðan taka oss hamar hver í hönd að mola leirformið gjörvalt í sundur, og að því skeðu birtist oss ein jómfrú á stóli með sitt sítt krúsað og útslegið hár. Til hennar vinstri handar var einn svanur með löngum hálsi og eitt sveinbarn honum ríðandi með útslegið hár. En það kopar, sem formið ei meðtók og út var runnið til ónýtis á moldina, vantaði vinstra brjóst jómfrúarinnar og sveinbarnsins, og hlaut svo að nýju annað form að gjöra með miklu ómaki, hvar til hann hjelt 3 sveina fyrir stóra umbun og bataði sig upp aftur, hvað honum vel tókst og uppbar ýkja gjald hjá kóngi, og þetta handverk þótti hið mesta gersemi vera, bæði kóngi og innanlands og utan herrum og höfðingjum, er það litu, og stendur nú þennan dag uppá Friderichsborg.[1]) Og lyktar svo þar um framar að tala.

[1]) Hjer er átt við »ljónabrunninn« í Friðriksborgarhöll. »Jómfrúin« er Venus, »sveinbarnið« Amor. RC.

XII. KAP.

Hjer verður minst á einn ítalíanskan meistara, sem víða um heiminn ferðaðist, hver eð myndan eins slots með sjer hafði og flutti, er hann í sundur og saman ýmist skrúfaði eftir því sem undir og afreisu viðlá.

Um sumarið í Augústí mánuði kom þar einn meistari, Michell úr Ítalía, er víða um kristin lönd ferðast hafði, sá eð hafði slotsmynd með sjer með turni frábreittum uppaf því, í hverjum að voru 18 klukkur, berandi sitt hljóð hver þeirra, sem temperaðar voru uppá discant eftir meistarans vilja og sigurverksins regering. Á sjerhverja klukku slógu tveir stálhamrar kljenir í sjerhvert sinn á meðan þeirra söngur svo fagurlega yfirstóð. Þar uppi í turninum voru dyr, hverjar svo oft upplukust af sjer sjálfum, sem sjálf stundaklukkan afljet sín fullslög að slá, eftir því sem deginum leið. Fyrir utan þær dyr sátu tveir englar, að ásýnd kyrrir á milli slaga tímaklukkunnar. En sem hún sló og dyrnar hrukku upp, þá uppspruttu þessir tveir englar, og settu hvor sína básúnu fyrir sinn munn. En í hvert sinn er svo gjörðist, sýndist sem Christur útkæmi í sinni manndómlegri líkingu, svo enginn fáfróður skyldi annars hyggja en svo vera mundi, og sýndist að hann liti til beggja handa sjer og útrjetti sínar hendur og byði öllum til sín að koma. Þetta varaði svo lengi sem klukkurnar spiluðu þau 4 vers af hverjum sálmi, er meistarinn upphóf uppá 4 stemmur, svo stór unaðarsemd var að heyra þar á. Margar af kvinnunum grjetu hjartanlega af fögnuði bæði af spilverkinu og líkamlegri fígúruásýnd Christi. En sem þau 4 vers voru enduð, veik myndin Christi svo hægt sjer inn aftur, dyrnar slógust aftur, englarnir settust niður í stólana, og þeirra básúnur strax frá munninum. En alla klukkustundina út lá alt þetta svo sem í dái. En nokkuð sýndi sig í neðra hluta slotsmyndarinnar; því strax sem himnaríkisdyrnar (er

vera áttu) aftur lukust og Christs mynd hvarf, þá upplukust dyr neðarlega á þessu sloti, og jafnskjótt kom þar út kolsvartur Kölski með krókneglur bjúgar, bjúgnefjaður, hrokkinhærður og hraklegur að líta. Það var að líta, sem hann væri að krumla með klóm og hrífa að sjer, en strax sem stundin var úti og þær efstu dyr upphrukku og Christi mynd útkom, skaust inn skolli, og lyktar svo hjer um framar að tala.

Flestalt fólk í borginni fór hans að vitja og þessa meistaralega kunst að líta, að hverju allir menn dáðust.

Það skeði einn mánudagsmorgun, að flestalt fólk af Bremerhólmi var þangað komið þetta að skoða, og fanst þar af statshaldaranum og Hólmsins aðmírál, hverjir æfareiðir voru og fyrirbuðu þessum meistara þar lengur vist og veru. Hann dvaldist þar 6 vikur í einu húsi fyrir utan Vesturport borgarinnar.

Einn lækningadoctor Henrich að nafni kom eitt sinn í borgina, hann bauðst til hvert nýtt sár að lækna í 12 tíma, sem er dægur, og hvern sting, hver í gegn stunginn væri, sem er alla útlimi.

Einn lækningadoctor Jón að nafni, fæddur í Noregi, sem víða um heim ferðast hafði, kom eitt sumar í Kaupinhafn og dvaldist þar nærri hálfan mánuð. Hann sló upp þremur tjaldbúðum á staðarins torgi, sem kallast Amagertorg og þar innum á hillum stóðu margir baukar með allra-handa dýrmæt smyrsl og læknislist við allskonar meinsemdum karlmanna, kvenna og barna. Hann hafði mörgum til hjálpar komið með sinni lækningslist, þar hann hafði um heim farið. Bæði kónga dætur, hertoga, greifa, eðalmanna, borgara og bænda, þeirra syni og þjenara af öllum innvortis og útvortis meinsemdum læknað, hverja hann hafði uppskorið og með sínum meistaradóm mjúklega á ýmsan hátt viðhöndlað, þar upp á hafði hann brjef til bevísingar af sjerhverjum með hangandi innsiglum, fyrir hvað mikið gjald hann hefði það og það mein læknað, og hversu lengi, og hvað hann hefði fyrir Guðs skuld (án gjalds) gjört við fátækar skepnur, og við hvert brjef hjekk sú meinsemd hörð, er hann af

sjerhverjum manni með list úttekið hafði. Hann bar kærlegt álit og var óstór maður og hinn ljúflegasti í umgengni og ræðu við sjerhvern meiriháttar mann og minni. Hann hjelt 5 sveina með ungum pilti. Nokkuð lítið talaði hann í sínu móðurmáli. Hann var fimtíu ára að aldri. Mig minnir að engin hans lækning mundi bregðast þar innanborgar. Eitt stykki sá eg með skyndi hann gjöra við eina konu við Hábrú um kvöldtíð, er hans um stundarsakir þar beið, sú er hafði eina vonda tönn, af hverri hún leið stórt ónæði, hörmung og neyð. Og nær hann vildi uppá slotið yfir brúna ganga, talaði þessi kvinna til hans. Hann gegndi henni auðmjúklega. Strax upplauk hann sínum smyrslastokk, reið á hennar kinnvanga, þar yfir sem þessi meinsemd var undir og gnýði fast með sínum sjálfs handarjaðri, tók eina gula pípu víða og setti hana henni tanna á milli, og skipaði henni í hana að blása hið harðasta sem orkaði, og nær hún svo gjörði, fjell sú vonda tönn úr hennar munni í gegnum pípuna án nokkrar kvalar, eður tilfinnandi verkja. Ei vildi hann nokkurn bítaling af henni þar fyrir meðtaka, utan bað hana 4 skildinga sínum smásveini að skenkja, hvað hún gjarnan gjörði.

Þeir lækningamenn sem kallast kvaksalver komu tvisvar í Kaupinhafn meðan eg þar dvaldist, þeir eð láta sinn þjenara úthrópa við ströndina, að þar sjeu þeir meistarar komnir, sem allrahanda mein lækna kunni, innan 24 stunda, og þau smyrsli fá þeir hverjum manni, með tilvísunarbrjefi, sem brúkast eiga, er þess við þurfa.

Gjöglarar, er svo kallast, komu þar stundum, sem víða um heim ferðast höfðu. Sumir gengu á trjefótum, svo þeir jafnháir húsbustum urðu. Þeir gera margar missýningar. Þeir kasta lás fyrir munn manna, svo ei mælt geta; þeir dansa á línu (en ei sá eg það), sem legið hafði af háturni dómkyrkjunnar í Kaupinhafn og á Ráðhústurninn, og á þeim línustreng höfðu þeir gengið og dansað, er lá margra faðma hæð frá jörðu, og þar uppá sýnt margar listir. — Þar komu og þeir sem sýndu comedi og æfintýrleg spil uppá historiska vísu. Á meðal annars ljek þar einn þá comediu

þegar 3 Austurvegsvitringar komu að offra barninu Jesú þær þrennar fórnir, og hafa svo búning breyttan þar til, sem efninu hlýðir, svo einn er Jósep, annar María, þriðji er barnið, og vitringarnir þrír, og spilast með veglegum hætti. Margir góðir kostir af Guði ljentir. — Og vil eg nú um sinn hjer frá víkja og til þess fleira er viðbar, frá því fyrst eg kom í Kaupinhafn og til þess eg þaðan burt veik.

XIII. KAP.

Innihaldandi um þá herra og gesanta sem úr öðrum löndum inndrógu í Kaupinhafn á fund vors náðuga herra og kóngs Christjáns 4., einkum sem var biskupinn af Bremen, er til þess biskupsdóms kaus og útvaldi þann þriðja son kóngs Christjáns, sem var hertug Friderich, sem nú er vor náðugi herra kóngur yfir Danmörk og Noregi.

Um sumarið 1618 kom biskupinn af Bremen[1]) inn í Danmörk á fund kóngs í þeirri meiningu að kjósa til biskups eftir sig Friderich, kóngsins son, hver eð var hinn yngsti af kóngsins sonum, hertug Christján og hertug Uldrich.[2]) Þessi biskup var kominn á áttræðisaldur og hafði með sjer 80 menn. Nokkrum dögum fyr enn biskup kom til Kaupinhafn kom kóngsins bróðir, hertug Uldrich[3]), á fund kóngs að fagna biskupi, ásamt kónginum, þeim ungu herrum, ríkisins ráði, og öllum Danmerkur aðli. Sá hertugi Uldrich[3])

[1]) Það var ekki erkibiskupinn af Bremen en Philippus Sigmundur, biskup af Verden og Osnabrück, er kom til K:hafnar 16. Maí 1618, og var þar forkunnar vel tekið, meðal annars vegna þess, að hann reyndi að koma Friðrik konungssyni að sem coadjutor í Verden. RC.

[2]) Kristján konungur átti þrjá syni skilgetna. Kristján f. 1603 (stundum kallaður Kr. V), »útvalinn prins«, † undan föður sínum 1647. — Næstur honum að aldri var Friðrik, f. 1609, er varð coadjutor í Brimum 1621, erkibiskup þar 1634 og konungur í Danmörk og Noregi 1648—1670 með nafninu Friðrik 3. Yngstur var Úlrik, fæddur 1611, myrtur í Slesíu 1633. (Sbr. Biogr. Lex.)

[3]) 1578—1624, biskup í Schwerín; hann bjó í Bützow.

var biskup í landi Pomeren, og hafði sitt aðsetur til Betsau, 4 mílur frá Rostock. — Og nær sá dagur kom, að biskup skyldi koma til Kaupinhafn á kóngsfund, þann morgun bjóst kóngur um með veglegasta hætti, hans bróðir og þeir þrír ungu herrar; og þeirra apalgráu hestar voru og prýðilega tilsettir með veglegum söðlum, með gulli og gimsteinum og perlum settir, er nokkur þúsund dali gilda mundi. Þeir höfðu yfirklæði, hver náðu frá makka á lend aftur og niður á miðlið hestanna, með veglegum hætti samin, og með gimsteinum sett og dýrmætum perlum. Beislin hestanna voru öll slegin og sett með gullperlum og gimsteinum, sem og gildi mikla summu peninga. Eina silfurfjöður (eður refelbusk),[1]) sem roðin var ofan til miðs, báru þeir á milli sinna eyrna, er skrúfuð stóð í beislinu, og stóð rjett upp.

Kóngurinn bar dýrðleg klæði af guðvefjum og hinir aðrir 4, með gullkeðjum. Miklar fjaðrir og veglegar voru umkring þeirra hatta, og náðu þeim á herðar niður. Stígvjel höfðu þeir sjer á fótum með gyltum sporum. Þeim eftirfylgir cancelerinn, með mörgum af ríkisins ráði og eðalfólki.

Tvær mílur dró kóngur út frá Kaupinhafn í móti biskupinum með ellefu fylkingar soldáta, og undir hverju merki [og] var í minstu 300, 400, 500 og 700 undir sumum. Þar með fylgdi rýtarakompagníið. Undir því var 900 manns; og undir öðru kompagnii var hálft fjórða hundrað. Vjer höfðum grænt merki af kláru silki, í því stóð gylt fýrmeisa[2]) máluð. Söfrin Gedling hjet vor merkismaður, hár maður og gildur, og var mjög fimur með merkið að fara. Merkisstöngin var nær 5 álna að hæð eður 6. Pálún eður vegleg landtjöld ljet kóngur uppreisa svo sem hálfa mílu þar frá heim að borginni við, þar sem fyrst fundir urðu. Þau voru að mynd sem eitt herraslot, með turni, og skíðgarði umkring. Allur sá umbúningur var af ljerefti, og voru svo hvítljómandi að líta sem ósaurguð nýdregin drift.

---

[1]) d. regelbusk.

[2]) einskonar fallbyssa.

Kóngur beið lengi biskups, alt fram yfir miðdegi, nálægt einu heiðarkorni, er svo kallast, og ljet ýmsa af voru fólki ríða einum fráum hesti rauðum, er sagður var íslenskur, uppá þessa heiði að hugleiða, nær biskup kæmi. Hver sá sem hans fyrstur var yrði skyldi eignast klæðnað, er kóngur hjet þeim, er það hlotnaðist. Vjer vorum fimm af kóngi tileinkaðir, en einum tilfjell þessi hepni, Jens að nafni, sá eð strax gjörði bending með sínum klút, eftir því sem ráð voru fyrir gjörð. Kóngur og allir herrar, sem á hestum sátu, stigu á bak og sátu á sínum hestum. Kóngur var fremstur, hertug Uldrich og einn af ráðinu, þar næst þeir ungu herrar þrír, prinsinn, hertug Christján, hertug Friderich og hertug Uldrich, síðan canceleren og stadtholderen með herrum og aðli. Og nær biskup kom nokkuð nálægt, reið kóngur með allri sinni herralegri fylgd honum í móti. Og nær þeirra var 40 faðmar á milli orðið, stje kóngur og öll hans fylgd af sínum hestum, biskupinn í sama máta, og gekk svo hvor í móti öðrum, með ljúflegri aðferð, auðmýkt og reverentsíu, og laut hvor að öðrum, þrisvar til hægri og vinstri síðu, og í því sama var gefinn fýr yfir alt undir eins, svo í langan tíma sáu menn ekki frá sjer fyrir reyk og svælu, sem varð af þeirri miklu skothríð; 3 koparstykkjum var fyrst afhleypt nær fundust, í öðru sinni, nær þeir aftur á bak stigu, og í þriðja sinni, nær þeir heim að tjöldum fram hjá oss riðu. 24 trómetarii bljesu í sín gylt trómet. Svo gekk biskup með kóngi og öðrum herrum í pálúnið til máltíðar og stórveislu.

Á þessum degi var frábær hiti með kláru lofti. Þar mátti enginn úr sinni orðu víkja undir hæsta straff. Þann dag var eg mjög þreyttur, því eg var nýlega af köldusótt uppstaðinn. Einn maður, Michel að nafni, aumkaðist yfir mjer, hljóp úr sinni orðu, og kvaðst ei óttast hvað eftir kæmi. Þessi var einn af þeim ársknektum, sem þjentu uppá slotinu, og vakt hafði uppá slotsplássinu og í slotsportinu. Hann tók sinn stormhatt og gekk heim að skíðgarðinum og ljet fylla af því víni, sem menn kalla lútin-

drank,[1]) þar hann var við hoffólkið vel kendur, og færði mjer þangað, er eg í lið og orðu stóð. Þetta mislíkaði hans stallbróður, þeim er Þorkell hjet og var kallaður snikkari, einn ársknekt, svo þeir gripu til vopna, og urðu senn að-skildir fyr en vorir yfirmenn fengu hugleitt, þeir er umkring riðu með sín knefelspjót. Sá kapteinn, sem var fyrir vorri fylking hjet Antonius, einn spanskur maður, aldraður og ágætur og ljet mig jafnan vel; og hann var sá fyrsti maður, sem mjer í slíku undirvísaði hvað stríðsmaneringu eður höndlan viðveik, hver það mjög í ljúfasta máta auðsýndi. Hann kunni flestallar riddaralegar listir og íþróttir, hverjar hann kendi og með mentaði þá tvo kóngsins launsyni.[2])

Í kóngsins pálúni voru 3 kórar, sem var tvær tylftir trómetara, ein instrúmentista, sem að bljesu í básúnur, skalmeyar og krúmhorn, og ein tylft söngvara. Um allan þann tíma, meðan þeirra dvöl viðhjelst í þessum landtjöldum, varði þessi hoffragt þar inni með þrennum hætti á víxl, stundum í trómet blásið, stundum í hin önnur instrúment, stundum upphófu musicanter sína veglegu sönglist á fjögur hljóð. Þetta yfirstóð nærri eykt, og að því svo enduðu, var öllum fylkingum viðvörun gjörð, hvað vera skyldi. Þá upphófst bumbusláttur og larm um allar fylkingar, sem alls voru 13 fyrir utan borgaranna compagni, hverjir þá voru að tölu 1800, svarnir borgarar, þeir eð upphófu sína orðu og stóðu utan til við vesturhlið borgarinnar, og náði svo þeirra klofin fylking út í mörkina, eftir því sem tilhrökkva vildi, og í gegn þá fylking skyldu allir herrarnir ríða. Þessi borgaraskapur var allur veglega búinn og útstafferaður, með sínum munsturbúningi og ýmsum color og lit, með gyltum skórósum og baldýruðum silkileggböndum og gyltum snúrum á sínum silkiklæðum og gyltum hattböndum og prýðilegum fjöðrum um þeirra hatta. Ýmsir höfðu prýðileg og útsnikkuð gehengi,[3]) en aðrir silkigehengi, hvar í þeir báru sínar

[1]) Einskonar krydduð vínblanda.

[2]) þeir voru þá aðeins tveir Chr. Ulrik Gyldenløve og Hans Ulrik Gyldenløve. (RC.)

[3]) d. Gehæng o: sverðól.

amúleraðar[1]) verjur. Þeir höfðu og glæsilegar og álitsfagrar byssur, sem og voru amúleraðar, og í þeirra stokka var víða tönn og dýrum beinum innsmelt. Og nær sem herrarnir gengu út af tjöldunum, stigu þeir upp á sína hesta. Þá var skotið yfir alt og síðan trómetað. Síðan drilluðu[2]) soldátar þar í gegn, er þeir sátu á sínum hestum og riðu síðan heim til borgarinnar, fyrst í gegnum borgaranna fylking, hverjir fýr gáfu eftir hendi alt til borgarhliða. En nær í gegnum borgarhliðin voru komnir, þá stóð þar brynjað lið borgarinnar til beggja handa og gegnum alla borgina, alt að Hábrú. Þegar þar kom, þá stóðu herramenn í amúleruðum herklæðum um allan slotsgarðinn. Svo stigu þeir af sínum hestum og gengu uppá kóngssalinn. Hófst þar stórveisla og stórhóf.

Á plássinu hófst upp mikill glaumur, þar kóngsins popelslagari sló uppá ketiltrumburnar, og þeir 24 trómetarar bljesu til borðs. Síðan básúneruðu 4 instrumentister í slotsturninum. Svo leið sá dagur til kvölds.

Um daginn eftir var upprèist eitt tjald á slotsplássinu, stórt og mikið, af einu skipssegli, því allrastærsta. Það var bikað utan og þar í var dreift mosa. Það var kallað stundum Helvíti en stundum Bjargið. Þar var spiluð ein comedí um þá óguðlegustu týranna, sem verið hafa Guðs og kristninnar óvinir. Þeim var akað í þetta víti af þeim sem var í djöfuls mynd. Í þessu bjargi var allrahanda gæði víns og vista, og urðu þessir menn, sem í þeirra myndir voru útbúnir þar heiðarlega meðteknir og trakteraðir. Vor Nichola[us] Helvaderus[3]) mátti þar og inn, þó grátandi þar til færi í hjólbörum og sendi kóngur honum 16 dala gildi í gulli. Þar varð og mikið fýrverk á einni nóttu afbrent, öllum að skaðlausu, sem biskupinum var til virðingar gjört; þess háttalag verður hjer oflangt að uppreikna. Hann

---

[1]) o: á nýrri d. emaillerede, prýddar með innsmeltu útflúri.

[2]) cfr. e. drill, um hermannaæfingar.

[3]) Niels Helvad (1564—1634) var einmitt höfundur leikrits þess er hjer er getið um. Það er nú týnt. Um hann sjá Biogr. Lex.

gaf oss byssuskyttum kóngsins 500 dali, og urðum vjer þeim aftur að skila, því kóngur vildi ei að hann einn pening útgæfi í sínum löndum, hvar hann um færi. Fyrir þá peninga gaf kóngur oss 2 tylftir öls, af kóngsöli er kallast.

Kóngur sýndi biskupi öll sín herlegheit, bæði innanborgar og utan, á slotinu, týhúsinu, í borginni, í sínum aldingarði, Krónborg og Friderichsborg. Og hvert hann reisti um nefnd takmörk og í vagni sitjandi þá var hertug Friderich jafnan hjá honum og í hans faðmi liggjandi, — sem er nú vor herra kóngur og þá var á sínu 15 ári.[1])

Og að hálfum mánuði liðnum ferðaðist biskup heimleiðis úr Danmörk, og skildist kóngur og hann með gleði, elsku og vináttu, og varð af kóngsins hendi og mildleika veglega með herralegum skeink útleiddur. Hertug Friderich fylgdi honum úr Kaupinhafn langt á leið sem kóngsins lönd náðu, og var fagurlegur viðskilnaður þeirra.

Eg hefi mörgu gleymt hjer inn að setja, sem viðbar á meðan biskupinn í Kaupinhafn dvöl hafði, einkum um fýrverkið, sem afbrent varð á slotsplássinu, og þá kóngurinn gjörði honum veislu á flotanum, og leit eg þá, enn ei oftar, kóng vorn vel málglaðan, en þó með allri æru, röksemd og höfðingdóm.

Einn af meðfylgjurum biskupsins, þá þeir komu af kóngsins skipaflota af Bremerhólmi í gegnum þau port, er þar liggja í borgina, var mjög drukkinn og yfirkominn af sínum selskapsbræðrum forlátinn, því þeir voru allir yfirkomnir að mestu af alúðarstórri trakteran kóngsins þjenara, sem skeði eftir hans vilja. Þenna mann tók eg liggjandi og eftir orðinn af sínum selskap, og gat eg með slitum komið honum í eitt skipherra hús, skamt frá portinu, sem eg fyr nefndi. Þau hús[2]) hafði kóngur látið byggja nýlega fyrir skipherra og hábátsmenn hvar inni þeir bjuggu frí, er þar í röðum um flatlendið stóðu.

---

[1]) Hann var aðeins 9 ára þá (f. 1609).

[2]) Hjer er ekki átt við Nýbúðir heldur við önnur hús, er voru í grend við Holmens Kirke, og konungur hafði látið byggja handa sjóforingjum og öðrum embættismönnum á flotanum. RC.

Kvínna skipherrans varð í fyrsta nokkuð við beisk, en fyrir mína góðmannlega viðleitni varð hennar viðmót hógvært og útlagði eg fyrir henni hvað viðlægi, ef ei væri aðgætt. Eg lofaði henni borgun fyrir sitt ómak. Hún bjó upp væna sæng. Ei var skipherrann heima við. Að morgni vitjaði eg þangað, og var hann ei uppstaðinn. Hann spyr kvinnuna að, hver sjer hefði hjálpað þangað. Kvinnan kvað hann ei langt burtu, sem það gjört hefði. Eg ljet mig í ljósi. Hann spyr mig að ætt og nafni. Eg ljet honum í tje slíkt eg mátti og tilhlýddi þar um. Hann prýddi þetta efni með mörgum fögrum orðum og góðum óskum mjer til handa framar en verðugt var, það mig þar um áhrærði. Hann vildi hafa mig með sjer í hóp sinna kompána hvað ei vogaði, því eg jafnlega með öðrum mínum selskapsbræðrum hlaut upp á að vakta hvað oss skikkaðist við týhúsið. Og nær við kvöddumst, hvað með vinsemd skeði, gaf hann mjer tvo dali, klút og kraga; fjekk eg húsfreyunni annan, hvers eg oftlega þar vel naut. Skipherrann, sá ed Laurus hjet, þakkaði mjer þar fyrir nær fundir urðu.

XIV. KAP.

Að öðru sumri[1]) þar eftir bar svo við sem oftar að almennilegur herradagur var haldinn á Kaupinhafnar sloti, og eftir venjunni dró þangað Danmerkur ráð og aðall, svo þá mátti margan ypparlegan eðalmann með þeirra eðalfrúm og dætrum líta, og það hoffólk, er þeim þangað fylgir. Hver þeirra elstu hefur sinn garð, þar er þeir gista nær þá að bæri. Á meðal annara ráðsherra var Mandrup Passborg,[2])

[1]) Hjer skyldi maður ætla að væri átt við árið 1619, en það ár var enginn herradagur í K.höfn. vegna pestarinnar, heldur í Antvorskov. Ef til vill er átt við árið 1618, sbr. bls. 91, ath.

[2]) o: Manderup Parsberg † 1625, göfugur maður; síðari kona hans var Anna Brahe (1578—1633). Sjá Biogr. Lex.

einn ypparlegur mann, og í þann tíma mjög aldraður. Hann hjelt daglega 7 sveina, 4 af þeim voru verjubærir, það er þeir báru varnir við sína vinstri síðu í gehengi, en þrír báru þær undir sínum vinstra handkrik. Hann hafði sinn herragarð í Jótlandi og mikla forljening, en sinn gistingargarð í Kaupinhafn hafði hann við Austurport borgarinnar.[1])

Svo bar við, að þeirra steikari, Hermann að nafni, einn ungur maður, krenktist einn dag er hann gekk út af Austurporti í þá bygð er þar var, svo sem víðar umhverfis borgina. Hann gekk út í dökkum búningi, en kom inn aftur í rauðum og var orðinn vitstola. Hann hljóp upp á herrasalinn eður borðstofuna, sem kallast, og sókti helst að sínum herra og hans eðallegri frú með dregna verju, en Guð gaf sína náð til, að hann engan skaða gjörði, en fyltist samt ugg og ótta, og þessvegna útsendu eina kvinnu, er þeirra línklæði hafði að vakta, og báðu hana trúlega einn öruggan og fróman mann að útvega, sem það vildi á hendur takast, að halda vakt yfir honum eina nótt eður fleiri, ef með þurfa kynni.

Þessi kona, Elísabet að nafni, gekk til míns herbergis, og með því eg var henni ei öldungis ókendur bað mig um vingjarnlegast sem kunni að ganga með sjer þangað og vaka þar eina nótt yfir þessum manni fyrir gjald og góða umbun. Þetta um síðir ljet eg eftir henni, þó lengi tregur til væri. Og nær við þar komum gekk hún til frúinnar og segist einn mann útvegað hafa. Senn gekk hún ofan af borðstofunni og fann mig með þýðlegri kveðju og bón kærlegri að halda trúlega vakt yfir sínum kæra þjenara Hermanni, og spyr mig blíðlega að ætt og nafni og hverjum eg þjóni, og að þessu öllu henni auglýstu sagði hún mig velkominn til öls og matar. Eg þakkaði henni sem best eg kunni, og segist ekki mín sjálfs ráðandi vera. Hún þakkar Guði, að eg sje kónglegri náð þjónandi, hún skuli þar út yfir hjá honum taka, þó tíu væri af hans fólki. Eg segi það hljóti að spyrjast uppá týhúsið. Hún lofar því, og spyr ennframar hver

[1]) Garður Manderup Parsbergs lá þar sem nú er Amalienborg. RC.

vor yfirmann sje. Eg segi Adolph Friderich Grabov. Hún segir: »Hann skal vera sem vjer viljum.« Svo fylgir hún mjer inn í það herbergi, sem maðurinn hvíldi inni og niðri í garðinum stóð. Þá var svefnhöfgi á hann runninu nýlega, sem hún meinti eg mundi hafa verið á miðja leið kominn, og kvað mig vel að honum sókt hafa og mjer mundi meira gott fylgja. Og með því kvöldmáltíðartími var kominn biður hún sitt hoffólk að taka mig að sjer uppá sinn borðsal og einkanlega gjöra mjer til góða. Hún setur tvo erfiðismenn að vaka á meðan yfir honum. Þessir hofmenn höfðu stór-drykkjur eftir venjunni, en eg veik mjer burt og til þessa manns, og sat hjá honum alla þá nótt einsamall, og var eg í þá bók að horfa, sem »Sá andlegi herradagur«[1]) nefndist. Eigi vaknaði hann fyr en bjartur dagur var kominn; þá vaknar hann og tekur til nokkuð að fanticera og í höfuðórum að tala. Eg geng svo til hans, og bið eg hann Guð að ákalla. Hann gegnir því að litlu og sofnar aftur nokkra stund. Síðan vaknar hann, og spyr, hvar hann sje; eg segi honum það. Eða hvort hann hafi nokkrum mein gjört? Eg segi nei. Síðan spyr hann mig að hver maður eg sje; eg segi honum slíkt er til hlýddi. Svo kemur fólk þangað; herramannsfrúin kom einnin og góðan dag með gladværð honum og mjer bjóðandi, og fagnar yfir heilsu síns þjenara. Hún skeinkti mjer ríkisdal og Mandrup hennar herra, hver að kærlega þökkuðu mjer fyrir mitt ómak. Alls var eg þar í tvær nætur í loflegri veiting og atlæti elskulegu, og buðu mjer sig að finna aftur nær þau þangað kæmi aftur, ef mjer og þeim svo auðnaðist. Steikarinn gaf mjer hálfs annars dals virði. Síðan hjelt eg heim aftur til míns herbergis.

Á næsta degi kom eg upp á munstring, og þar eftir spyr Grabov mig, hvar eg hafi í tvo daga verið. Eg segi honum hið ljósasta. Ekki vogaði hann þar að að finna.

Á þessu sama hausti[2]) var eg með öðrum 30 af byssuskyttum til Krónborgar skrifaður, hvar vjer dvöldumst í tvö

[1]) Líklega „Den himmelske Herredag" eftir Raffn, um dómsdag. (RC.)

[2]) óvíst er hvort hjer er átt við árið 1618 eða 1619, sbr. ath. bls. 85 og 91.

ár, og eftir gömlum byssuskyttanna rjetti og fríheitum höfðum vjer þar til launa árlega 18 dali, og á hverjum mánuði höfðum vjer til vors kosts 5 sljetta dali.

Þar fjell hverri róðu eða vaktkvarteri hverja þriðju nótt að vaka uppá Krónborgarsloti, og í hverri þeirri róð var 50 manns, 10 byssuskyttur og 40 soldátar. Þessi róða eður vaktfylking skyldi öll við Rauðuport samansafnast þá klukkan sló 4 eftir miðdag, sem er stund eftir nón, og af vaktmeistaranum skarplega álitin, hvort þeir drukknir væri og rjóðir í andliti; hjelt þessi vaktmeistari að sá drukkinn væri; og ef sá maður því neitaði, ljet hann cladit[1]) taka hann heim með sjer, og var ein járnspöng þunn honum um úlfliðinn samankrókuð lauslega, án tilfinningar; uppá henni var útþrykt ⁂, það er Christián fjórði. Þangað flyktust bæði soldátar og byssuskyttur að drekka með honum, og hver sem svo er og kallast fangi hann drekkur frí. Þar situr hann til morguns og bíður slotsherrans og vaktmeistarans ályktunar, hvort hann skuli án straffs laus látast og aftur uppá slotið ganga á sína vakt og uppfylla sína tímatölu, sem honum bar með nótt og degi á sínum skildbekk að standa, eða uppá þann stóra og hrygghvassa trjehest að setjast, er jafnan á slotsplássinu stendur, og þar vægðarlaust sitja með járn um fætur undir hestkviðinn, er honum skuli niður þrykkja, og sterkum lás þar fyrir, og svo langan tíma sem ályktað verður.

Nú er þar aftur til að víkja er eg nú frá veik, þar öll vaktin við Rauðuport á tilsettum tíma, er fyr var greint, saman safnast í því vakthúsi, er þar stóð, biðu þess tíma er vaktin skyldi uppþrekkjast. Vaktmeistarinn, sá er Caspar hjet, einn þýðverskur mann, sat á gaflbekknum miðjum og sinn róðumeistari honum til hvorrar handar, sem höfuðsmenn voru fyrir minni vakt. Einn þeirra hjet Hans Tobrich en annar Andrjes Muler, mjög gamall maður. Þessir

---

[1]) Cladit eða Claudit, o: fangavörður, líka stundum í merkingunni fangelsi.

tveir menn voru frómir og ágætir og sem mínir elskulegir feður. Son átti Andrjes Muler i Kaupinhafn, sem var einn bartskeri og hjet M. Blasius, einn frómur maður; sá hafði 3 menn uppskorið lifandi og þeirra meinlæti úttekið og með Guði heilbrigða gjört. Á vinstri bekk sátu soldátar, en byssuskyttur á hægri.

Trumbslagarinn gekk út tvisvar, en í þriðja sinn er hann útgekk uppá trumbuna að slá gengu allir út með vaktmeistaranum í fylking, hver í sinn lið og orðu, eftir því sem í fyrstu var niður sett og hverjum pláss einkað í stöðu og gangi. Fyrst gengur vaktmeistarinn undan með sinn holbor[1]) gildan, síðan trumbslagarinn til hægri handar píparanum, síðan fremst í fylking, sem kallast caperaler í sínum lið, síðan hinir aðrir soldátar, síðan byssmeistarar eður byssuskyttur í liðum, að jafnaði sem í þeim fyrsta lið; liðir kallast breidd fylkingar en róð lengd fylkingar. Svo gengur hann með alla þá fylking yfir slotsbrúna, sú eð hvert kvöld er uppdregin og hurð er á næturnar fyrir slotsportinu, og í gegnum allan hvelfinginn, í hverjum að eru steintröppur, þær eð liggja á snið neðan á slotsmúrinn, sem liggur í kringum alt slotið, og gengur hann með þessa fylking suður fyrir slotið, þá er eitt sljett pláss, að einum útklöppuðum og velfáguðum stórum ferköntuðum steini, sá eð sljett smeltur og þjett feldur er ofan í plássið; á hann var úthöggið ⁂. Vaktmeistarinn, trumbslagarinn, píparinn og munsturskrifarinn gengu þangað, en soldátar og byssuskyttur gjörðu úr sinni fylkingu einn hring umkring þessa fjóra. Síðan setur vaktmeistarinn höfuðklæðið af sínu höfði, og síðan sjerhver einn, segjandi í þýsku máli: »Guð gefi yður eina góða og farsæla nótt, erlegum soldátum og byssmeisturum. Vitið að þessi vakt, sem yður er nú að höndum komin, er Guðs og vor, vil eg því sjerhvern erlegan soldát og byssmeistara ámint hafa að sjá vel fyrir sjer og sinni vakt, svo engin klögun uppá komi, og að svara til síns nafns.« — Síðan les vaktskrifarinn upp sjerhvers nafn. Cladit

[1]) o: atgeir, d. Hellebard.

hoppar í kring og tekur hvern þann, sem drukkinn finst, heim með sjer.

Slotsmúrinn er ferkantaður; á hverju horni er rúndel,[1]) á hverjum þeim rúndel stendur einn maður með byssu og sverð við síðu, og sá fimti maður stendur fyrir utan vakthúsdyr soldátanna, svo fimm menn standa í þessum fimm stöðum í einu, en 10 umskifti verða með nótt og degi, svo það er 50 fólks, sem hverja nótt og dag á slotinu vakir. Þessi hegðan varir þar sífeldlega. Vaktmeistarinn læsir hvert kvöld portinu sjálfur, og hverja nótt er hann upp á slotinu, utan nær hann biður hópmanninn, það er slotsherrann, um leyfi þar til, að hann megi heima hvíla í sinu herbergi.

Fjórir eðlamenn velforsóktir þjóna hjer að auk uppá kastalanum Krónborg, sem kallast adelbúss eður gerunn.[2]) Þessir menn gjöra umskifti að vaka, svo hverjum ber sín nótt til þess að reyna vaktina og kringumgang að hafa á slotsmúrnum, og að handgrípa þá, sem ógætilega sína vakt standa, svo þeir þessvegna yrði gripnir af þessum rúnngöngurum, eður ef nokkrir sofandi fyndist. Nú er það í valdi þessara betrúaðra manna nær þeir svo finna einn í sinni vakt sofandi eður illa sig athugandi, svo hann þessvegna verður gripinn, að deyða hann þar strax, eður með sjer lifandi til vaktmeistarans að leiða, svo hann þá í fjötra innsetjist og að morgni líflátist, hvað títt skeður á slotum og festingum, þá ólukkan einum tilvill, og einn nýlega hent hafði litlu fyrri en eg þangað kom með mínum lagsmönnum, hverjir eftir stríðsmanering og vísu eru af fimm þeirra compagníbræðrum og bestu vinum á tilsettu plássi í hel skotnir, hverja þeir sjálfir útvelja úr heilu compagníi.

Nær vjer fyrst þar komum urðu á þriðja degi þar eftir á því úthöggna steinhúsi, er fremst á múrnum stendur og að sundinu og yfir að Helsingborg vendir, kóngl. Maj:s

---

[1]) d. Runddel, »kringlótt vígi« (Konr. Gísl.)

[2]) þ. adelbursch táknar eiginl. ungan aðalsmann, en svo voru og nefndir varðforingjar. »Gerunn« er = d. Runde, Ronde, þ. e. varðforingjar, er ganga í kring og vitja varðmanna, til að líta eftir að alt sje í reglu.

articular fyrir oss upplesnir, og af oss eiðar teknir uppá trú og hollustu við kóng og krúnuna, hvað þrisvar skeði um þann tveggja ára tíma, eg þar dvaldist, og eiðar endurnýjaðir. Hverjum af oss voru tvö stykki fengin að vakta og hönd yfir að hafa. Mjer voru fengin tvö koparstykki, sem næst stóðu steinhúsinu, sem lysthús nefndist; þau voru þrír málfaðmar á lengd og vörpuðu lóði yfir Eyrarsund, er vóg 32 merkur. Aðrar tvær horfðu til vesturs að borginni við, er Helsingeyri nefndist, en slotið kallast Krónborg, og eru þess múrar við sjómálið upphlaðnir. Ei minnist eg múrshæðina, en víst meina eg það 15 faðma hæð vera. Það eru margir kimar niður við sjómálið, hvar inni liggja gömul og hræðilega stór stykki og gluggar stórir fyrir hverju stykki er beint liggja við skipanna sjómáli ef með þarf, kastalann að verja. Þar niðri í þessum kimum er geymt harðatorf til slotsins og vakthúsanna tveggja og höfðu soldátar eitt en vjer annað; í hvoru þeirra stóð stór kakalofn, og brann eldur í þeim nætur og daga frá því að kæla tók um haust og fram langt yfir páska.

Mikil frost komu þar annan veturinn er eg þar var, svo að Eyrarsund lagði um Þorra og fram á föstu, svo bændur af Helsingborgarlandi, sem er úr Skáney, komu á vögnum yfir Eyrarsund, sem að er vika sjávar milli Krónborgar og Helsingborgar, til torgs með allra handa vöru, æta og óæta, eftir gamallri tilskikkan, að nær svo viðbar að Eyrarsund liggur og þeir á vögnum komast mega yfir Eyrarsund; þá hafa þeir frítt torg í Helsingeyri, en ei oftar. Þetta skeði á því ári er vöndur sást á lofti (eða sú halastjarna).[1])

[1]) 1618 í Nóv. og Dec. sást halastjarna, sem getið er í dönskum ritum frá þeim tíma. RC.

XV. KAP.

Á því öðru ári, er eg þjenti á Krónborgarsloti, sem var 1620,[1]) umgekk mikil pest í Danmörk, svo að í Sælandi afgekk 7000 manns, í Noreg 4000, í Jótlandi 5000. Nú er svo tilsett í kóngl. Majest. artíkulum og þar inni verður strengilega fyrirboðið þeim öllum, sem uppá slotinu þjena, að ganga í pesthús. Nú bar svo einn tíma við, að einn maður af vorum selskap, Thómas Randers að nafni, lá mjög tekinn í pest, en nokkrum af oss var kært til hans, og gengum því einn dag þrír tilsamans að hugleiða um, hvernin þessum vorum kærum vin liði, og í trausti Guðs gengum vjer inn í forstofuna, er þar svo kallast, það er inn í sjálfar bæjardyrnar, og kölluðum til kvinnunnar, er þar átti fyrir að ráða, og spurðum hvernin Thómasi liði, en hún kvað honum vera í afturbata. Vjer báðum hana vel lifa og honum fyrir oss að heilsa. Vjer gengum svo þaðan og hugðum að engir mundu þar hafa við mátt verða varir, en máltæki gamalt er það, að

»þeygi var svo þjóðin traust
að þetta ljeti orðalaust.«

Svo bar við einn tíma, að mjer fjell sú fyrsta vakt til um kvöldið, sem voru tvær klukkustundir í senn, að vaktmeistarinn Caspar sendi boð til mín, eftir það hann var búinn að læsa slotsportinu, að eg gengi af skildbekknum heim til hans, hvað þó ei plagaðist tíðum, og setti þann í staðinn í mína vakt, sem sendur var. Og nær eg kom í vort vakthús, þar var vaktmeistarinn og sátu allir yfir máltíð þar inni, því hverjum leyfð-

[1]) Hvert þetta ártal er rjett er óvíst, eins og sjá má af því sem á undan hefur verið sagt. — Pestin byrjaði vorið 1619 í K:höfn. og er sagt að í þeirri borg hafi látist um 7000 manna, svo tölur þær, er Jón Ólafsson tilfærir hjer, eru áreiðanlega ekki of háar.

ist að láta færa sjer mat á kvöldin úr sínu herbergi, áður en portin tilluktust. Nær eg kem býð eg gott kvöld. Hann tók mjer vel, og spyr hvort eg vilji ekki sitja og fá mjer líka mat. Eg segist það muni þiggja þegar minn tími sje þar til kominn. Hann þegir litla stund. Eg spyr hvert erindi hans sje við mig. Hann kvaðst ætla nokkuð vera mundi. Hann spyr mig hversu oft kóngl. Majest. artikular hafi verið upplesnir síðan eg þar komið hefði. — Eg kvað þrisvar að upplesnir verið hefði. — »Svo veit eg,« segir hann, »að þú munir þeirra innihald vel athugað hafa.« — Eg ljet þar fátt yfir. — »Mig minnir,« segir hann, »að þar inni fyrirbjóðist í pesthús að ganga þeim öllum, sem á slotinu þjóni.« — Þessu samsinni eg. — »Þá veit eg,« segir hann, »að þú munir þar vaktan á hafa tekið.« — »Ei veit eg annars,« segi eg. — »En eg voga að segja,« segir hann, »að þú hafir nýlega í pesthús gengið.« — Eg varðist því og harðlega neitaði. Hann spyr hvort eg dirfist sinn framburð að rengja? Eg kvaðst frjáls fyrir hverjum alt ósatt aftur að bera og sem mjer ranglega tiltalað yrði, en því neitaði eg ei, að eg hefði spurt eftir einum kóngl. Maj:ts þjenara. — Hann segir eg lygi; eg hefði víst til hans gengið og hjá honum etið og drukkið. — Eg kvað þá alla ljúga, sem ósatt segðu. — Hann spyr mig að, hvort eg dirfist að segja sig lygi mæla? — Eg segi, ekki af sjálfum sjer, því hvað hann segði, það talaði hann eftir öðrum, og bað eg hann þann mann auglýsa. — Ei vildi hann það gjöra. — Eg kvað Guð almáttugan að hitta einn og sjerhvern, þar hann vildi, af sloti eða á, því allir stæði eins naktir fyrir dauðanum, hvort hann væri innan múra eða utan, þá Guð svo vildi vera láta, að sjerhver og einn burtleiðast skyldi. — Öllum þeim þar inni voru og hans lund þektu hnykti við, bæði við mína dirfsku og hans hóglyndi við mig, og enginn maður vogaði einu orði að ansa fram í okkar ræðu. Síðan gjörðist hann hinn mildasti, drakk mjer til og sinn skerdisk með góðri fæðu afhenti. Yfir þessu undruðust menn stórlega.

Þessi vaktmeistari átti tvo unga syni. Einn þeirra var 12 en annar 13 ára að aldri. Pest greip þá báða hart, að

þeir innan tveggja daga voru burt liðnir, hverja hann mjög sorgaði, en ei síður fyltist hatri við mig, hvað hann leynilega með sjer faldi og var mjer óvitanlegt, þar hans besti vin, Hans Tobrich, minn sá annar róðumeistari og elskulegur sem faðir var mjer alla tíma, tók mig einn tíma leynilega á tal, og gjörði mjer trúlega viðvörun, og bað mig að gæta min sem best fyrir vaktmeistaranum, því hann bæri mikla ofurþykkju til mín af þeirri ræðu, er við höfðum síðast í vaktstofunni, og það hann svo skjótt hafði mist sína 2 syni eftir okkar viðræðu, og meinti mig einn spámann vera. Hann biður mig engan þetta vita láta, hverju eg honum trúlofa. Hann segir helst muni hann mig umsitja nær tunglþrot væri á minni skildvakt.

Eitt sunnudagskvöld bar svo við, að hann lætur bera uppá kastalann 18 potta af Rostockarbjór, sem er besta öl þar ytra, sem hann var aldrei vanur að gjöra. Nú bar svo við, að mjer og tveimur öðrum af minu liði bar vakt á þeim litla rúndel þessa nótt, en mjer fyrst um kvöldið með soldátum, nær vaktmeistarinn upphóf sína öldrykkju í vaktstofu byssuskyttanna. Og eftir því sem hvert tveggjamarkastaup um gekk inni sendi hann mjer það út. Baltsar Lynbeck hjet sá maður, er til mín ölið útbar, og með hverju staupi gjörði hann mjer bróðurlega viðvörun, að eg skyldi min fyrir vaktmeistaranum sem best gæta. Eg segi, eigi skuli hann formerkja mjer nokkra viðvörun gjörða af neinum, með því eg hafni hans góðvild, heldur skuli eg ókotmannlega við taka, svo hann síður merkja skuli, að eg hans ásetning í neinu viti eður hugleiði.

Svo líður á kvöld og yfir dagsetur, og svo var myrkt, að ei sá eg ofan á mínar hendur. Nú bað eg Guð almáttugan að styrkja mig mínum öllum óvinum á móti, svo eg fengi það að líta, sem mjer lægi mest makt á. Eigi vildi hann bera sinn lyklahring úr vaktstofunni í það sinn, svo mjög var hann viðleitandi að koma mjer í ólukku og mínu lífi umsát að gjöra.

Um síðir varð eg hans var, með því slotskirkjan var

nærri um miðdiki[1]) slotsins, og var hvítara en slotið annarsstaðar fjekk eg hann fyrir Guðs náð deildan við slotsmúrs birtuna, svo eg var fullviss, að maður vera mundi. Eigi gaf eg mig strax upp, fyr en hann kom hið nálegasta mjer sem verða mátti, hvað eg með guðlegri hjálp gjörði með ásetningi og vilja, því að eg vissi það vel, að honum mundi þykja veiður í höndum, og hugsa um gott til krásar. Og nær hann var svo nálægt kominn, sem eg hugði með spjótinu eg mundi til hans seilast mega, þá gaf eg svo mikið hljóð af mjer sem hæst og ógnunarmest eg orkaði, af hverju hann frábærlega skelfdist, svo hann hrökk langt tilbaka og sagði til sín kjökrandi, að hann væri gerunn, eður sá umkring gengi. Eg bað hann afvíkja. Sú hin fimta vakt, sem stóð fyrir vakthúsdyrum soldátanna kvað mig í það sinn sjer líf með Guði gefið hafa, af því hann fjekk svo gjörla mitt kall að heyra. Þar gekk vaktmeistarinn inn til hvíldar eftir venjunni.

Um morguninn kemur vaktmeistarinn inn í vora vaktstofu. Eg bauð honum góðan dag. Hann tók mjer varla. Hann spyr mig að, hvort eg hafi ásett mjer að æra sig í gærkvöldi, eða vitstola verið. — Eg kvað hvorki vera. — Hann segir, enginn hafi sjer slíkan skelk gjört, og sagðist lengi hans minnugur vera. — Eg bað hann ráða, en svo hann skildi mig tíðkaði eg gamalt málstæki, að sá byði sitt hár, sem annars reytti, og gekk eg svo út. — Hann segir að mjer burtgengnum við Hans Tobrich, að ei muni sig gilda við mig ilt að eiga. Hans Tobrich segir honum það litla gustuk vera við mig framandi og einstaka mann kíf að byrja án sakar, því hvorki sje líf nje dauði í minni hendi.

Um kvöldið, nær eg gekk af slotinu og í gegnum Rauðuport og upp eftir steinstrætinu, í hverju inni var kóngl. Maj:s tollari Christian Davíðsson[2]) og margt annara vildarmanna, og eg hugði til herbergis ganga, þá úr einum

---

[1]) gamalt ísl. orð, = miðbik.

[2]) Hann varð síðar borgarstjóri í Helsingjaeyri og dó um 1659. RC.

vinkjallara var kallað til mín, að eg þangað kæmi. Eg þekti hljóð vaktmeistarans. Lengi vogaði eg ekki inn að ganga fyr en Hans Tobrich bað mig koma. Þar drukkum við til þess á vakt var hringt, og drukkum við okkur þar til sátta. Ljet hann mig síðan í meinleysi á meðan eg þar dvaldist og allir soldátar.

XVI. KAP.

Hópmann Krónborgar slots hjet Thómas Nold[1]) og var af líflenskum aðli; hann var mjer jafnan góður, hans frú og hennar systir jómfrú Sesselja, hverjar oftlega spurðu mig hjeðan úr landi, hvað þær ljetu sjer þrátt að gamni verða. Þáði eg þar marga góða máltíð og máldrykkju. Stundum þverskar eg þar brennivið með sög og fleiri af mínum samlagsbræðrum, einkum minn stallbróðir Hans Matthson Lund, sem lengi hafði munsturskrifari verið, og Baltsar Lynbeck. Vjer vorum allir í einni róðu og untumst vel.

Þar var einn af soldátunum, sem hjet Sveinn skánski; við hann kom eg tvisvar í klamarí. Í fyrra sinni bar okkur til undir settri vakt heima í borginni, næsta húsi við vaktmeistara, urðum vjer báðir settir í cladit, en um morguninn upp á þann gamla trjehest, á hverjum hann hafði þrátt setið fyrir klamaríis sakir, en eg fyr aldrei. Þá kom slotsherrann, Thómas Nold, og skikkaði vaktmeistaranum að gefa mig lausan, og segir honum hinn nyti mín, annars skyldi hann þar setið hafa til kvölds. — Í öðru sinni bauð hann mjer fyrir Rauðuport í einvígi. Vaktmeistarinn kom þar og Hans

[1]) Thomas Nold af Maglø var aðalsmaður frá Kúrlandi; hann varð foringi setuliðsins í Krónborgarkastala 1615, og giftist þá um haustið Margrjeti Gjedde. Síðar varð hann forstöðumaður týhússins í K:höfn. Hann var hinn mesti merkismaður. Helstu æfiatriði hans eru rakin í Blom, Chr. IV's Artilleri, bls. 28—30.

Tobrich, hann dregur sína verju og segir, að sá, sem miður dugi, hann skuli hann berja, því við gjörum þetta sem fleiri uppá brúk og gikkerí, og lofar, að hann skuli annanhvorn okkar svo útþvo, að aðrir skuli sig þar í spegli skoða. Þá hugsaði eg, að ei skyldi hið betra eftir liggja og urðu með okkur hvorki löng nje mörg vopnaviðskifti fyr en Sveinn fjekk skeinu litla á kinnbeinið, og var það undir lagt, að hver sem annan fyr blóðgað fengi skyldi unnið hafa. Nú var þessi maður mjög hár og stór vexti. Vaktmeistarinn sló hann illa með sinni flatri verju og skammaði hann út. Sveinn kom aldrei úr því í klamarí, þar til Guð tók hann í burt þremur árum síðar, og varð lengi hlje á útafgöngum og einvígum þar eftir fyrir utan Rauðuport.

Ein ekkja var í Helsingeyri, Katrín Lolliks[1]) að nafni; hún átti 3 börn; tveir hennar piltar gengu í skóla. Þessi kona girntist mig til hjúskaps, en eg hafði þar engan hug til eða vilja, einkum hennar barna vegna. Eitt kvöld kom einn ókendur maður í hennar hús, og ljest vera mikill og mjög forsóktur víða um lönd. Þegar hann hafði þar litla stund drukkið upphóf hann bónorð til hennar. Ei vildi hún honum þar nokkru til svara, fyr en fann mig um kvöldið; spyr hún strax ráða, er eg heim kom af slotinu. Og sem eg leit þennan mann brá mjer illa við. Hann girntist mig til drykkju við sig, hverju eg mótstóð. Eg bað konuna einslega að segja honum af og girnast ei slíkan mann, sem hún engin deili til vissi; hverju hún strax varð samsinnandi. Hann veik þaðan strax. Á vikufresti spurðist hver maður hann var, bæði þjófur og morðingi, og náðist upp í Sindinga-hjeraði,[2]) hvar hann varð mannsbani. Nær þetta spurðist þakkaði konan mjer innilega, að eg fjekk þessu hamlað, því allir gátu þess til, að hann mundi allri hennar eigu rænt

[1]) Tilgáta útg.; sbr. orðamuninn.

[2]) Í Danmörku er ekki til neitt hjerað með því nafni, en tvær sóknir á Jótlandi heita svo; í Ögursbók stendur „Sniðinga-heraði“ og er hjerað með því nafni heldur ekki til, en til er herragarður á Sjálandi er heitir Snedinge.

hafa, en hennar morðingi orðið, svo sem tíðum til borið hefur, líka í Danmörk sem annarsstaðar.

Einn af soldátunum, kallaður Ríki Jacob, var þar minn einn hinn besti vinur. Eitt kvöld bar svo við, er eg gekk frá honum til míns heimkynnis, að einn ríkur borgarason mætir mjer drukkinn, dregur sína verju til mín, og býðst að höggva mig. Eg dró aftur á mót mína verju, og góðmannlega bað hann að koma hvorki mjer nje sjer í ólukku. Hann bað mig eg skyldi verja mig, ef eg þjenti kónginum fyrir einn erlegan mann heldur en óerlegan. Svo urðu leikslok með okkur að hann rann með ben til bæjar. Þessi maður hafði lengi forsókt sig utanlands, og girntist að verða týmeistari. Hann gekk fyrir kóng að sýna sitt meistarastykki, sem var, að hann bauðst til um miðnættistíð að hæfa með stykki uppsett mál í niðmyrkri, hver merkisskífa var upp sett úti í skógi góða vegarlengd þaðan sem stykkið stóð á einni sljettri bryggju, hvað honum vel tókst að nokkru leyti; en fyrir ófundarsakir nokkurra, sem þar til embættis komast vildu og drjúgari urðu, hindraðist hann þar frá. Fyrir þess sakir varð hann oss gramur, sem upp á slotinu þjentum.

Um veturinn á föstu Anno 1620[1]) dró vor náðugi herra kóngur yfir Eyrarsund með nokkur þúsund fólks allsháttaðra embætta upp í Halland til Halmstaðar í móts við kóng Gústaf, kónginn af Svíaríki, hvar þeir gjörðu sáttmál með sjer, sem vara skyldi, og varð öllum sterklega fyrirboðið undir Danmerkurkrónu nokkuð vondslegt Svenskum að tiltala, hvorki almennilega nje leynilega, í ræðu nje kvæðum. Mikill hugur var mjer og mínum stallbróður Hans skrifara í þá herraferð að fara, og komumst vjer fjórir ofan á bryggju, að ferjunni, sem yfir sundið fór, er junkur Grabov oss með valdi þar til skikkaði, en í því bili er vjer skyldum í ferjuna stíga kom hópmanninn, Thómas Nold, og tók oss með skörpum

[1]) Það var í Febrúarlok 1619. Sbr. Slange, Chr. IV's Hist. Líklega er það orðum aukið að „nokkur þúsund" hafi verið í fylgd konungs.

orðum við Grabov, og urðum svo lúðrandi til heimkynna að hverfa. Meðan þeirra fundur og samvist varaði og yfirstóð fjell drifsnjór í mittisstað á Helsingeyrar strætum og lá í hálfa aðra viku. Síðan leysti ís og snjóa. Og nær kóngur var á sinni heimferð með sinni herralegri fylgd og skyldi flytjast yfir Eyrarsund, þá voru á floti meir en hálft annað hundrað ferjur þann dag, sem var nálægt pálmasunnudegi. Nú bar svo við á þeim degi, að mikill ís var í reki, og fóru allar ferjur og flutningar undan kóngi, vestur yfir sundið til Kaupinhafnar og Helsingeyrar, en á einni ferju fór kóngur síðast, og á þeirri eykt stóð eg mína skildvakt. Í þann tíma var frú Christín[1]) upp á Krónborgarsloti með stórri umhyggju og athugasemi, og kallaði drjúgum ofan til mín þar eg stóð, og bað mig að kalla til sín, nær eg sæi kóngsins ferju koma í sundið austan yfir, hvað ei skeði fyr en síðla dags. Og nær hann kom á miðja vegu gjörðist stormviðri hvast af suðaustri og ein mikil ísspöng kom rekandi úr Austursjónum í veg fyrir kónginn, svo ei varð fyrir komist, hvorki með segli nje árum, því ofurmikill straumur gekk í sundinu, og rak þá svo með spönginni í stórviðrinu, sem mjög vaxandi í hönd fór, hálfa aðra viku sjóar, ofan fyrir Koparmyllu,[2]) sú eð stendur í vest-norð-vestur frá Krónborg, og þar komst kóngur til lands með naumheitum, fyrir Guðs náð, og varð gegnvotur, en hleypti í miklum landnyrðingsvindi með grimmum frostkulda. Á meðan kóngur var í þessum háska bar frú Christín sig mjög hryggilega, og bað mig að biðja Guð fyrir honum, að honum vel lukkast mætti. Strax sendi hún vagn með fjórum hestum á móti kónginum; var kóngur þá mjög frosinn og kaldur nær hann kom heim á slotið. Ei vildi hann í trómet blásið væri nje stykkjum affýrt.

Hálfum mánuði fyr kom eitt skip hollenskt frá Spanía

---

[1]) Frú Christín Munk, som konungur hafði gengið að eiga 23. Aug. 1615.

[2]) Hammermölle við Hellebæk á norðurströnd Sjálands. Þar var stofnuð koparmylla um 1600, þar er nú „Hellebæk Fabriker".

með margskonar vöru og dýrmæt aldini. Í þann tíma lá ís langt út í Eyrarsund, og varð inn vakað meir en viku sjávar af þeim, sem ekkert handverk höfðu, og inn fyrir borgina. Margt fólk gekk fram á ísinn að skoða skipið og að kaupa aldini og epli. Skipherra þess skips var mikið stórmenni svo enginn þóttist svo stóran sjeð hafa.

Fyrir páskana kom mikil sigling í sundið, bæði úr Austursjónum, sem út af sundinu vildu fara, og önnur skip, sem komin voru víða að, bæði úr Hollandi, Englandi, Skotlandi og Noregi, sem komast vildu upp að Svíaríki, Dansken,[1]) Stralsund, Rostock, Lýbeck og víðar annarsstaðar. Þessi skip voru að tölu 637, og lágu þar um páskana. Á þriðja dag páska gafst þeim leyfi að tolla hjá Christian Davíðssyni, kóngsins tollmeistara. Og með því að margir voru, sem tolla áttu og gjarnan vildu á leið komast urðu stórþrengsli í tollbúðarforstofunni og áflog og um síðir skemdir. Varð þessvegna sent upp á slotið eftir tveimur soldátum og tveimur byssuskyttum, sem varna skyldu fleirum inngöngu í senn en einum, og var eg einn af þeim fjórum, er þangað sendust. Vjer fengum mikla drykkjupeninga, því hver skipherra gaf oss fjóra danska skildinga.

Tvær kirkjur voru í þann tíma í Helsingeyri, og kallaðist önnur danska kirkja. Söknarherrann hjet M. Hans Krús.[2]) Slotskirkjan var að auki, og hjet vor prestur M. Augustinus; hann gjörði þýska prjedikun; hann var aldraður maður og ágætur. Undir hverja prjedikun var slotsbrúin uppdregin, sem var hurð fyrir slotsportinu, og kæmi nokkur síðar, en portið var uppdregið, hlaut þar að standa eður heim aftur ganga. En nær prjedikun var enduð vorum vjer soldátar og byssuskyttur munstraðir og upplesnir, og hver sem þá var ei til staðar að svara til síns nafns var strax uppleitaður af cladit og uppá hestinn[3]) settur.

---

[1]) o: Danzig, á pólsku Gdansk.

[2]) Hans Kruse, prestur við Ólafskirkjuna 1617, † 1625 og Augustinus Sand, prestur við Maríukirkju og hallarprestur í Krónborg, (1567-1649). RC.

[3]) o: trjehestinn.

Þar var sú stærsta klukka á Krónborgar slotsturni, sem kölluð var Grjónklukka[1]), sem keypt var einn tíma ei fyrir meir af einni ekkju í Landskrónu í óári en fyrir fulla af grjónum. Þessari klukku var hringt á hverri stórhátíð um miðjan morgun í þrjár reisur, og hver sem af byssuskyttum og soldátum ei var kominn upp að Rauðuportum nær þeim var upplokið og henni hringt í þriðja sinni, skyldi setjast í cladit og þar vera um alla hátíð, og á fjórða degi uppá hestinn koma, utan sjerdeilis náð til kæmi. Síðan var skotið þremur stærstu koparstykkjum, sem voru á slotsmúrnum, sem kölluðust nótslöngur,[2]) og af því slagi voru ei fleiri en fjórar þar, en fimm í Kaupinhafn, hverra eg hefi fyr getið, tveimur þeim, sem horfðu að borginni og annari þeirri, sem eg hafði hönd yfir, er stóð hjá lysthúsinu.[3])

Nær skipin sigldu um fyrir Krónborg í þverviðri var sú stóra flagg með rauðum lit uppsett á lysthúsið, hvert merki var til þess, að þeir máttu láta sín segl í toppi standa að ósekju. Læt og svo hjer við blífa um Krónborg að tala að þessu sinni.

XVII. KAP.

Síðan varð eg með mínum lagsbræðrum kallaður frá Krónborg og upp til Kaupinhafnar, hvað oss var öllum í móti, um vorið eftir páska. Varð oss þar vel fagnað af góðu kunningjafólki.

---

[1]) Hjer er það að athuga, að á þeim tíma eiga, samkvæmt því er aðrir segja, tvær klukkur að hafa verið í hallarturninum á Krónborg, og báðar steyptar í Höfn 1577. RC. og rit þau er þeir nefna.

[2]) „Slöngur" voru á þeim tímum kallaðar langar fallbyssur, sem voru hlaðnar með 2—20 punda kúlum. Nótslöngur (d. Nothslanger) voru þær stærstu kallaðar; ein þesshátttar fallbyssa var t. d. 25 fet á lengd og var hlaðin 16 punda járnkúlu. Sjá Blom, Chr. IV.s artilleri. bls. 156—158.

[3]) þar sem nú er kallað „Flagbatteriet". RC.

Og vil eg nú þar frá segja, er fyrst eg fór í siglingar uppá kóngl. Maj:ts og ríkisins vegna, sem var næsta ár eftir það eg kom undir regimentið 1616, og eftir það þau tvö kóngl. Maj:ts stríðsskip höfðu náð einum mektugum og nafnfrægum fríbýt að nafni Mandaus[1]) undir Rússía, og hefst frásögn þar um á þann hátt sem eftir fylgir.

Og með því að kóngl. Maj:ts siðvenja var sú árlega stríðsskip á Danmerkur strauma að útsenda öllum erlegum siglingamönnum til frelsis og forsvars, sem brjeflegt leyfi höfðu um straumana að sigla og með sína vöru reistu frá einu landi til annars, hver passbrjef útgáfust í Danmörk, Hollandi, Englandi og víðar annarsstaðar, þar sem kóngl. Maj:t hafði sína factores, með ríkisins signeti undir, — þá nær skrifaðist 1615, á því ári, er eg hjeðan með Engelskum burt sigldi og áður er nefnt, sendi kóngur út tvö skip, sem var Victor og Juppiter í norðvestursjóinn að Noregi og Rússía. Og nær sem þeir komu við land í Noregi spurðu þeir til ræningjaskips, sem var áðurnefndur Mandaus, hver eð kominn var nýlega frá Færeyjum, og hafði nú landgang gjört og fjenaði rænt sjer til kosts í Fleckerey skömmu fyr en þeir þar komu. Og nær sá danski aðmíráll Jurgin Dá, sem var uppá Victor, spurði til þessa mektuga ræningjaskips tók hann enga dvöl nje forsóman sjer fyrir, heldur strax með Juppiter þaðan úr höfnum hjeldu, og gjörðu þeim stríða eftirför sem mest máttu. Og hvar þeir komu við land eður í hafnir norður með Noregi spurðu þeir til þeirra, að þeir hefðu þar nýlega komið og frásiglt hefði. Og nær kóngsmenn komu til Kielden[2]) í Rússía spurðu þeir þar til þeirra að þeir hefðu þar tvær nætur legið og voru þaðan fyrir þremur nóttum afsigldir norðaustur fyrir Rússland, sem kallast Hvítahafið. Strax ljet aðmíráll blása til burtfarar þaðan úr höfnum. Voru svo akkeri uppundin og seglum útslegið.

---

[1]) Skýrsla Jørgen Daaes um þessa atburði er enn til í ríkisskjalasafninu og ber henni saman við frásögu Jóns Indíafara í öllum aðalatriðum.

[2]) Kildin, dálítil ey í Norðurishafinu. Malmis, sem nefnt er rjett á eftir, er ekki ey, en gamalt nafn á bænum Kola.

Ein ey lá þaðan fjórar mílur afsíðis þeirri leið, er Malmis nefnist; þangað sendi aðmíráll það minna skipið, er Juppiter hjet, að hugleiða ef þeir þangað komnir væru, hvað þeir ei sjer ásett höfðu þangað að fara, heldur sem fyr segir ásettu sjer í Hvítahafinu að liggja fyrir því hollenska skipi, er þeir fulla von um höfðu, að koma mundi í gegnum Veigat[1]) og um þann veg ferðast frá Indien, sem er óvenju vegur, og ei hafa nema 3 skip í gegnum komist. Og gefst þar um tíð nú að sinni ei framar að skrifa, heldur þar frá skýrum að aðmíráll kemur í Hvítahafið og fá að líta kaptein Mandaus undir seglum. Og með því að gott byrleiði gafst neyttu þeir þess næsta vel, og haga nú sínum seglvoðum sem best við vindi er þeir kunna, slá vatni í stórsegl og draga bonet[2]) þar undir og hljesegl við jaðra, að stækka þar með sína seglflaka. Nær hinir litu þessara svo harða eftirför gjörðu þeir slíkt hið sama. Samt vanst kóngsmönnum þá upp að draga um síðir, svo þeir með skotum fengu náð til þeirra. Ránsmenn skutu aftur í móti, en ei þó svo að Dönskum til skaða kæmi. Öll þau lóð, hverjum Danskir í gegn skutu þeirra hinna skip, ljet Mandaus sjer sýna og í káhyttu bera til að skoða þeirra stærð. Einn danskan pilt höfðu þeir fyrir káhyttuvaktara, hvern Mandaus aðspurði, hvort hann meinti þá Dönsku, sína landsmenn, stærri stykki innihafa. Þessi piltur sagðist vel þeirra venju þekkja, að þeir smærstu stykkjum plöguðu fyrst at skjóta, en hinum þeim stærri síðar á eftir; því pilturinn vildi þá gjarnan í helju. Þessu trúði Mandaus, bar sig því aldrei á móti, heldur hjelt harðast undan er mátti, alt til þess þeir komu að þeim Sjö Eylöndum[3]) í Hvítahafinu; þá

---

[1]) Vaigatsundið, sem nú er vanal. kallað Kariska sundið, liggur milli Novaja Semlja og eyjarinnar Vaigatsj, inn í Kariska hafið. — Á þeim tímum gengu sagnir um það að einstöku skipum hefði tekist að sigla þá leið og norður með Asíu og alla leið suður til Indlands, það var þó rangt, og einsog kunnugt er var Nordenskjöld sá er fyrstur manna gerði það á „Vega“.

[2]) bonet, d. boned, sv., fr. og e. bonnet, einskonar hljesegl sem var aukið neðan undir seglin.

[3]) o: Sem Ostrovov, smáeyjar í Íshafinu.

kom Juppiter, og á því var sá kaptugi, sem hjet Einvold Styge.[1]) Og með því að það skip sigldi frábærlega vel komst það í veg fyrir þá.

Ránsmenn höfðu öll ráð í frammi; þeir köstuðu utan mörgum silki- og flauelspökkum, svo þeir, sem eftir sigldu skyldu þar við tefjast þá að innbyrða, hvað af þeim danska aðmirál fyrirboðið var að inntakast skyldi. Og með því Juppiter komst í veg fyrir þá urðu þeir að hleypa sínu skipi uppá grynningar. Samt vildu þeir sig ei gefa að heldur, og ljetu þeir ei síður sitt blóðmerki aftur á sínum skipsrúndel. Sá danski aðmiráll sendi til hans tvo menn, sem var sinn eiginn þjenara Martein og einn annan að nafni Gottskálk, sá eð var byssuskytta, með nokkur brjefsorð. Mandaus tók þá vel, og ljet traktera þá hið besta með öl og fæðslu, og þess vegna varð heldur dvalsamt, hvað aðmirál stórum mislíkaði, svo lá við þar fyrir undir straff að koma, hvað þó afplánaðist, af því að þeirra sjálfræði sýndist hafa verið í annara valdi. Mandaus sendi og honum fáein brjefsorð og 2 menn, sem þar um hljóðuðu, að hann að svo búnu ei sig gæfi honum í vald; þessvegna bauð honum trássugt út á mörkina til orustu. En með því aðmiráll vissi sig að hafa ótamið stríðsfólk og ekki marga þá innanborðs, sem byssu kynni artuglega að skjóta, þessvegna brá honum í fyrstu lítt við þennan boðskap, en vogaði þó ei fyrir sitt líf þessu að neita.

Síðan drógu þeir af skipinu með bumbum og trómetanna skörpum blæstri út í mörkina, hvar þeir hvorutveggja fylktu sínu liði, og stóðu svo til orustu búnir nær kall kæmi. En með því að hefndartími Mandaus nálægðist og hans stallbræðra fjell honum til sinnis, með því hann vissi sig skiplausan í framandi stað, sem víða var af skotum lamað og larað, og nú stóð á einu sandrifi fast og óbifanlegt, að gefa sig fanginn; kallar því með hárri raust til aðmiráls og spyr hann að góðmannlega, hvort hann væri í góðri gúnst hjá

[1]) o: Enevold Stygge; † eftir 1622. (Lind, Chr. IV. og hans Mænd, bls. 191).

sínum herra og kóngi. Hinn kvað það satt vera. Hann spyr enn framar, hvort hann treysti sjer vel til at útvega grið og líf sjer og sínum kaptuga og skipherra. Aðmiráll játar því glaðlega, og segir að sinn herra muni aldrei slíkan mann aflífa láta, hverju hann stöðuglega trúði, og gekk svo og gafst þeim danska aðmirál á vald, hvað þeim Dönsku varð til sigurs og lukku, en hinum, yfir hverjum hefndin hrópaði, til falls og bana. Gekk Mandaus þar strax frá öllum sínum rangfengnum auð, og með fimta mann gaf sig til Danskra, sem var hann sjálfur, kapteinn Bra,[1]) hans skipherra, hans stýrimaður, Jacob að nafni, sá eð var frómur og ráðvandur maður, og varð ei samþykkur þeirra ránskap, og var sjer óvitanlega í þeirra selskap kominn, því hann í fyrstu hugði þá rjettferðuga siglingamenn vera, nær hann rjeðst hjá þeim, og sá danski piltur hlaut grið með stýrimanni. Danskir tóku svo alla hina og lífljetu, með þeim hætti, er þeir sjálfir kusu, sem var, að þeir voru allir á háls skornir, líka sem þeir fyr öðrum gjört höfðu, og í sjó söktir tveir og tveir tilsamans, og við eitt byssukamar[2]) bundið, svo þeir því fljótara til grunns sykki. Danskir gengu svo að öllum þeirra auð og innfluttu í sín skip, sem voru 8 kistur fullar af silfurmynt allrahanda, hverjar svo þungar voru, að fjórir menn gengu undir þeirri minstu nær heim kom, sem hafðar voru á einni tíð uppá slotið í Kaupinhafn, en sú níunda kistan var full af klárri gullmynt, og undir gengu tíu menn nær hún var heim uppá slotið höfð, og vissi enginn svo ríkt skip fyrir Kaupinhafn fyr komið hafa. Þessara ránsmanna skip uppbrendu svo Danskir þar í sama stað að lyktum.

Síðan hjeldu þeir heim að heilu og höldnu og gáfu Guði dýrðina, og þremur dögum þar eftir urðu þessir þrír

---

[1]) Í skýrslu Jørgen Daaes nefnir hann auk fyrirliðans sjálfs Mandaus (Mendoza) kaptein hans Walther Bhrae (sic), og skipherrann Linnertt; hann kallar Jón Indiafari Rúbentzius hjer á eftir.

[2]) einskonar járnhylki, sem var notað sem botnstykki undir púðrið við bakhleðslufallbyssur á þeim tímum. Lýsing á því finst í Blom, Chr. IV.s Art. bls. 113—115.

til gálgans útleiddir, sem gjörður var fyrir utan Austurport, nær þeir voru heim komnir, sem var kapteinn Mandaus, kapteinn Bra og skipherrann Rúbentzius, en stýrimanni og þeim danska pilti var líf gefið. Þá gullkeðju, sem Mandaus bar þrílagða, skenkti hann aðmirál Jurgin Dá, og mintist við fyr en rjettaðist, og sagði hann skyldi þess að njóta, það hann hefði sig unnið erlega. Og nær þeir voru úthafðir til rjettarstaðarins leiddust þeir þrír, og gengu berhöfðaðir með söng og gladværð. Mandaus sagðist þakka Guði fyrir það, að hann mætti nú sína maklega hefnd hjer úttaka, vonandi Guðs náðar, fyrirgefningar syndanna og eilífs lífs alleina fyrir Jesúm Christum. Ein ný vippa var þeim gjörð með svoddan formi, sem sig hjer til sýnis lætur.[1])



Ei minnist eg betur en þeir sakramentið áður fyr meðtæki en þeir útleiddir voru, eftir því sem mjer af hjáverandi frómu fólki var frá skýrt, nær eg kom til Kaupinhafnar um haustið, hvað nýlega var skeð 1615, og hengu þá fyrst eg kom þar heilir og óskaddaðir í sínum silkiklæðum, með gullsnúrum og gyltum rósum í skónum; þetta alt þeirra ysta skart eignaðist meistarinn, sem þá rjettaði, inn til þeirra nærklæða. Og lýkur hjer svo máli Mandaus og hans ránskap, sem yfirstóð í 15 ár, og hans lukkuleysi, sigurtöpun og sorgarlegu útför og endalyktan að lokum, hvað öllum óguðlegum sje til viðvörunar, áminningar og afturhvarfs frá syndsamlegu og óguðlegu athæfi.

XVIII. KAP.

Og nær hans fimm bræður þetta fregna fengu gramdist þeim þvílíkt, og ólmuðust í geði næsta mjög (sem fyr var nefnt), og hjetu stórhefndum þeim dönsku, og bjó kóngur vor árlega út mörg skip í hernað þeim í mót, ef ske mætti þeir eitthvert sinn við risi. Nú að næsta ári eftir þetta svo

[1]) Myndin af gálganum er tekin úr handritinu Lbs. 617, 4°.

skeð um vorið eftir páska seint í Aprilismánuði 1616 ljet kóngur 6 væn orlogsskip útbúa í hernað, þessum eða öðrum ríkisins óvinum og ránsmönnum í móti, sem rjettferðugum siglingamönnum og kaupförum fyndist á straumunum til tálmunar á lífi eða góssi.

Í þann tíma bar svo við á því sumri, að kóngur hjelt herradag í Opsló í Noregi. Í þann tíma skeði afgangur Christian Fris um nóttina, þá hann frá kóngsborðinu var hafður út í það mektuga orlogsskip Fides, sá eð var canceler, meir en áttræður að aldri, hvar um eg fyr áminst hefi.

Nú svo eg komi til rjettilegs efnis aftur og þeirrar frásögu er eg í upphafi þessa kapítula upphóf að segja þar frá, að eg með mínum einka stallbróður Jóni Halldórssyni var skrifaður í fyrsta sinn til útreisu á kóngl. Maj:ts orlogsskipum uppá ríkisins gagn og besta, — þá í Guðs nafni, með bæn og blessan útsigldum vjer frá Kaupinhafn um miðdegi eins fimtudags annaðhvort í Apríli eður fyrst í Maí, hvað eg ei gjörla kann að minnast, og um kvöldið komum vjer fyrir Helsingeyri, þar Krónborgarslot liggur við Eyrarsund, og að næsta morgni þar eftir hjeldum vjer þaðan út af Eyrarsundi á millum tveggja landa í norðvestur og liggur Sælland[1]) alt að Skaga vestan til, en Skáney og Halland að austan, og sú vegarlengd út af Eyrarsundi alt út fyrir Jótlandsskaga eru sagðar 24 víkur sjávar. Síðan hjeldum vjer norður með Noregi, þar til vjer komum í Fleckerey, þar spurðum vjer að ræningjaskip komið hefði, þeir tekið hefðu eitt lítið skipkorn undir Noregs síðu, og sett þar inn 10 af sínu fólki, en deyddu hina, svo nær sem 3 menn. Fyrirliði þeirra manna hjet Laurits Magnússon, norskur að ætt; hann var stýrimaður þessa skips og mjög vitur maður, frábær og sjerdeilis í mörgu, sá eð oft hafði í stórhrukkur komið bæði til sjós og lands, og alla

[1]) Svo í hdr.; auðvitað er átt við Jótland, einsog sjá má á því sem eftir fer.

sína æfisögu framþuldi hann mjer, á meðan saman vorum, hver eð ófögur var í mörgu að heyra.

Þessir engelskir ránsmenn voru sendir af bræðrum Mandai rán og morð að fremja undir Danmörk og Noregi. Þeir fermdu þetta litla skip með allrahanda sína ránsvöru af klæðum og öðru margskonar og hjeldu svo þaðan úr höfnum, norður með Noregi upp á sinn gamlan ránsskap.

Nú er að segja frá Laurits Magnússyni, hvað hann eftir þeirra burtför þaðan úr höfnum aðhefst, sem bífalað var með þeim þar eftirskildu þeirra með skipinu að bíða þar. Einn dag biður hann um tvo menn sjer með bátnum til lands að fylgja, og sína tvo menn, er með honum herteknir voru og daglega ljetust viljuglega þeim þjóna, og ljest vilja í bygðir fara, sem mannfátt væri og ræna þar fje sjer til kosts. Þeir verða gjarnan honum þar um samþykkir. Og nær þeir til lands komu fann Laurits Magnússon bændur, sem þar nálægast höfninni bjuggu, við hverja hann gjörði með fastmælum trygg samtök þessa ránsmenn að deyða, hvað þeim vel tókst, á einum morgni snemma, og var á þann hátt að farið, að Laurits Magnússon sendi þá í land sauðfje saman að reka, en bændur skyldu í leyndum liggja, en hans sjálfs menn tveir skyldu nálægir bátnum vera og strax frá landi til skips róa. Senn komu meir en 20 bændur, þeir eð fyrir bending og tilsett teikn á skipinu voru þar nálægt sjónum í hilming komnir, og þessa ránsmenn alla til heljar færðu. Síðan komu bændur út og lögðu skipinu inn í traustari höfn. Laurits Magnússon betalaði bændum sitt ómak, og var þetta svo nýlega skeð nær vjer þar komum frá Kaupinhafn. Þetta skip sendi vor aðmiráll Jurgin Dá heim til Danmerkur til kóngl. Majest.

Yfirvöld aðmírálsskipsins Victors voru þessi:[1]) fyrst er nefnd-

---

[1]) Um þessa ferð sjá Lind: Chr. IV og hans Mænd bls. 172. Að því er snertir foringjana, er Holg. Rosenkranz kunnur af veru sinni á Íslandi; æfi hans má lesa í Biogr. Lex. — Það sem hægt er að finna um hina foringjana er tínt til í ofanskráðu riti Linds og vísast þeim þangað er vilja um slíkt forvitnast.

ur aðmiráll Jurgin Dá, þar næst Holgeir Rosenkranz, sem var kapteinn, sem seinna varð höfuðsmaður, og einn svenskur eðalmann, Lauritz Brems að nafni, sá eð gengið hafði vorum náðuga herra kóngi á hendur með kvinnu ög börnum í því nýaflokna svenska stríði 1613; skipherrann hjet Pjetur Nielsson, prestur vor H[erra] Knútur, arkelímeistarinn Rasmus Winter, hans mæti Jens Laurzon, sá eð var einn víðförull og forsóktur maður í önnur lönd, og einn gamall stríðsmann. Á aðmírálsskipi var 130 fólks með byssuskyttum, sem voru 24. Tveir eðlaknapar voru þar í bland, mjög forsóktir menn, þeir eð seinna urðu kóngl. Majts. dravantar. Sá eini var aðmíráls systurson, Jens Brandt að nafni, hins annars nafn man eg ei.[1])

Víkjum nú þar til, sem vjer úr Fleckerey fórum og með þessum 6 skipum sigldum norður með Noregi víða, í hafnir og úr, eftir nefndum ránsmönnum að leita og fundum ekki; allvíða spurðum vjer til þeirra, og einnin þá vjer í Rússía komum í því útveri, er Rússar og Finnar róa, 52 fiskibátar, er Kielden nefnist, og á þeim er þriðjungur af Finnum, og hafa 3 menn yfir sjer til lögsagnar. Á þeim vegi liggur Varðey, á hverri stendur mektugt slot með sjálfgerðum múrum af hömrum, er þar umkring liggja orðentlega, á hverjum að liggja stór stykki til varnar, því sú ey liggur langt frá landi ofan undan Finnmörkinni. Þar uppá er einn herramaður jafnan, sem slotið hefir í forljening og lögsagnari er Finnanna, og í þann tíma, sem vjer þar komum í þessari ferð stjórnaði þar sá herramaður, sem Hannes hjet, af skotskri ætt,[2]) sá er skenktur var fyrmeir vorum náðuga kóngi, Christiáni 4., með einu kostulegu skipi er Rauða Leon nefndist, frá Englandi í hans krýning, og var því

[1]) Það er ekki hægt að sanna að J. Brandt hafi verið í ætt við Jørgen Daae. RC.

[2]) Hann hjet rjettu nafni John Cunningham (í Danmörku vanalega kallaður Hans Köning) og var skotskur aðalsmaður. Að því er Lind segir var hann með í ferð þessari og var fyrirliði á skipinu „Gabriel", en 1619 fjekk hann Vardøhus að ljeni. Um hann sjá Lind, Chr. IV. Mænd, bls. 166 og Biogr. Lex.

Hans Konungur nefndur; hann var sjerlegur maður og mjög undarlegur, einkum drukkinn. Eitt sinn setti kóngur hann í Eyrarsund með eitt sitt orlogsskip, sem kallaðist Svarti Riddari, að liggja í vegi fyrir þeim, sem austarlega sigldu í gegnum sundið og eigi vildu tolla, og náði á einu sumri 5 skipum, er send voru til Kaupinhafnar, hafandi allskonar vöru inni, sem voru aftur laus gefin fyrir sjerdeilis náð kóngsins og lítillátlega umbeiðni þeirra yfirmanna, á meðal hverra var einn gamall skotskur maður, sá eð grátandi með knjefalli bað kóng um náð og lausn á skipinu, hvað og skeði hans aldurdóms vegna og það hann betran hjet. Að liðnu þessu ári setti kóngur hann til slotsherra í þetta Varðeyjarslot, því kóngur treysti honum vel yfir Finnum að herskja og ei mundi þeirra galdraillræði vel líða, því einatt gengu sagnir frá þeim um slíka fordæðu, og flestir af þeim slotsherrum, sem þar hafði verið, höfðu ekki dirfst þvílika að rjetta láta, en þessi ljet á hverju ári heilhóp á eldinn kasta, hvers vegna hann varð kóngl. Majest. þess kærari; en svo lengi, sem eg tilvissi, varð honum ekkert grand að gjörð sinni.

Nú sem vjer þar komum með þessi 6 stríðsskip, sem var Victor, Juppiter, Einhyrningurinn, Mjólkurpíkan, Lýbski Davíð og Leopardus,[1]) meðtók hann oss vel. Og í það sinn dvöldum vjer þar ei lengur en eina nótt, og hjeldum vjer svo þaðan undir Rússía til Kielden, hvar um eg lítið fyr talaði. Þar dvöldum vjer tvær nætur, og hjeldum vjer svo þaðan og norðaustur fyrir Rússía í Hvítahafið, alt austur að þeim Sjö Eylöndum; þar er hafið litt sem mjólk, og er í fyrstu mjög undarlegt að líta, meðan maður því ei til lengdar vanist hefur. Nær hálfan mánuð dvöldustum vjer þar burt frá Kielden eftir þessum ránsmönnum að leita, en fundum þá þó eigi.

Í Kielden dvöldum vjer 6 daga. Á þeim þriðja degi kom til vor stríðshöfðinginn frá Malmis, sem undir sjer

[1]) Lind, bls. 172 nefnir ekki „Mjólkurpíkuna“, en setur í staðinn skipið „Gabriel“.

hafði 300 soldáta. Þessi maður var tíguglega búinn og bar yst fata fótsíðan silkikyrtil, annar þar undir náði á miðjan kálfa, hinn þriðji til hnjes, með gullsnúrum. Og strax honum uppgengnum, þremur stykkjum affýrðum og kveðjum orðnum, afdró hann sinn ysta kyrtil og gekk svo til káhyttu með vorum yfirvöldum með stórri kurteisi, auðmýkt og gladværð. Á meðan það stáss yfirstóð stóðu fjórir trómetarar aftur á, er bljesu í sín trómet. Hans 12 soldátar urðu í bátnum eftir, er hann með kom, alt til kvölds. Aðmíráll sendi eftir þeim öðrum kapteinum hinna skipanna, og voru þeir menn af aðli allir nema einn, Pjetur Nielsson að nafni; þeir voru 11 tilsamans í þeim heila flota. Þessi rýski stríðshöfðingi var sjerdeilis ljúfur, glaður, rífur af gulli og lítillátur við hvern mann, bæði yfirsetta og undirgefna. Rýskt gjald hafði hann mikið, þó smátt væri, í sekk litlum, er hann bar í sínum vasa, er dengar[1]) nefnast, og er klárt silfur; það er fiskgildi kostar; þessu án tölu útdreifði oss byssuskyttum við hvert skot með þremur stykkjum og þeim fjórum trómeturum, þeir er básúnur, krúmhorn og skalmeyar bljesu og uppá lúth ljeku, þessi sín fjögur hljóðfæri tempruðu þeir uppá fjögur hljóð með meistarlegri list. Þessi gladværð varaði lengi dags; voru þar minni drukkin, bæði kóngsins og grótfurstans[2]) til Moscovia, sá eð er yfirhöfðingi alls Rýsslands og nefnist *tzar velicoikness*,[3]) hvað útlegst kóngur og stórhöfðingi, — einnin alls kónglegs húss og Danmerkurríkis ráðs minningarskálir, sem og Rýsslands tignarmanna. Síðan nær að kvöldi leið og aðmíráll með sínum tilhjálpandi selskap hafði hann eftir efnum trakterað, og hann auðsýndi sig búinn til burtferðar gaf hann sínum 12 soldátum leyfi á skipið til uppgöngu, en fyr ekki, og við engum mat nje öli vildu þeir taka fyr en síðast af oss, er þeim af sínum herra leyfi gafst þar til, en sjálfir höfðu þeir fæðslu nóglega,

---

[1]) denga, gamall rússn. silfurpeningur, nú löngu úr gildi; hjerumbil 5 aurar í nútíðarpeningum.

[2]) o: stórfurstans, afbakað úr hollensku.

[3]) o: rússn. tsar í vjelikiknjaz.

hverja þeir tvisvar þann dag til sín tóku. Áður fyr en þeim leyfðist upp á skipið að koma, gengu vor yfirvöld öll út á þilfar og settust í stóla, aðmíráll í miðið, kaptein Holgeir honum til hægri en lutenant Lauritz Brems til vinstri handar; herramenn stóðu umhverfis, og þar umkring vort fólk með múskittum, en höfðinginn sjálfur gekk þar fyrir innan með sinn regimentiskvarða eður staf. Síðan gengu þessir 12 menn, hver með sverð við vinstri síðu, en fyrst settu þeir sínar byssur í röð við skipsborðstokk á stjórn, og gengu svo inn í þennan endilangan mannhring, 3 í hverjum lið, og svo aftur eftir, þar til þeir komu fyrir knje þessara áðurnefndra vorra yfirvalda, berandi á málaðri fjöl hver þeirra einn vænan lax flattan, ferskan og svo samanlagðan, sem lifandi og ótilgjörður væri, og hver þeirra þriggja fyrir hinum þremur sig með kurteisu knjefalli auðmýkjandi og hver sinn lax offrandi með stórri reverentsíu, síðan með kurteisi uppstandandi og með lotningu burtgangandi, síðan sínar byssur með list takandi og affýrandi. Sömu aðferð höfðu hinir 9, er og í þremur liðum komu. Og að þessu svo loknu veittust þeim gjafir með virðing yfirvaldanna og víns ádrykkju. Þar með kvöddu þeir, og lutu hverjum sem hæfði og gengu svo fyrir borð í bátinn, steyttu sínar byssur, hverjar allar voru amúleraðar og málfaðmur á lengd. Og áður en höfðinginn burt veik bauð hann vorum aðmírál heim til sín með 24 menn til veislu, hverju hann játaði ef leiði fjelli. Síðan eftir kveðjur þrotnar og blessan yfir skip og menn gekk hann með hýrri lund og ásjónu fyrir borð. Var þá þremur stykkjum á hverju skipi affýrt en 9 á aðmírálsskipinu. Þrisvar veifuðu þeir í augsjón og sínum byssum affýrðu.

Tveimur dögum síðar en svo gjörðist, sem nú var greint, gaf aðmíráll sig með vorum skipbát til ferðar með nokkrum hinna skipanna yfirvöldum, og hlutum vjer fyrir veðurs móthlaup aftur að snúa og naumast með harðfengi náðum slysalaust heim til vorra skipa aftur.

Um Rýssland stuttlega greint sem eftirfylgir þeim til fróðleiks er ei þar um vita.

Rýssland, sem og líka kallast Moscovia, það er mjög stórt umgripið land með miklum skógum, með mýrum, eyðimörkum, svo og líka með mörgum og stórum veiðivötnum og fögrum stórmóðum. Það er 500 mílur á lengd og 350 mílur á breidd. Það er eitt vænt ávaxtarland, með rúg, hveiti, bygg og villivöru. Þar er margslags skinn dýrmæt af villidýrum. Það grensar á norðursíðu til Norðurhafsins og Nova Zemla, en á austursíðu til Kaspiska hafsins og til Stóru Tartaría, en á syðri síðu til Chrim og Podolien, en á suðvestursíðu til Littav, á vestursíðu til Líflands og á norðvestursíðu til Svíaríkis og Kúrlands. Einn hluti Rýsslands liggur í Evropa, en annar þess hluti í Asía. Í Evropa liggur Moscovia og önnur lönd með fleirum öðrum landspörtum; í Asía hafa Rýskir mörg lönd, bæði tartarisk og önnur fleiri, sem ýmislegt villufólk hefur sína bygð, sem er 21, og liggja langt í landnorður þaðan. Yfir öllum þessum löndum ræður einn herra og stjórnari, sá er á rýsku kallast tzar og velicoikness, það útlegst kóngur og stórhöfðingi, og gjörir og lætur hver sem hann vill. Yfir þeirri andlegu stjettinni er einn patriarki, og hefir nokkra yfirbiskupa og biskupa, presta og múka undir sjer; á meðal múkanna eru margir, sem ekki kunna að lesa nje skrifa. Þeir hafa þá grísku religion, halda messur, biðja, lesa og syngja alt uppá þeirra eigið móðurmál, sem kallast það slavoniska tungumál. Í Rússía eru margir stórir staðir og vænir, en húsin eru flestöll af trje og timbri gjörð. Moscov er einn stór staður og alls landsins höfuðborg, og þar með aðrar 40 stórborgir, og aðrar margar fleiri, af hverjum eg engar hjer nefni.

Undir Rýsslandi útí víðum sjó liggur eitt eyland, sem kallast Solofci, þar á stendur eitt ríkt klaustur.[1])

[1]) Hjer er átt við Solovetzki-eyjuna í Hvítahafinu.

Af þessum löndum flytst í önnur lönd hör, hampur, vax, tólk, elgsdýrshúðir og aðrar húðir, sobelskinn, marðarskinn, felfrosskinn, refsskinn, úlfsskinn, luxgufur,[1]) bever, hermelin og önnur gráskinnavara, þar með rúg, lax, harður og saltaður fiskur, lýsi og önnur vara.

Það mikla fljóð Volga uppsprettur í miðju Rýsslandi, og útdreifir sjer í margar áttir, þar til það rennur í það Kaspiska haf, við hvert að standa saltbjörgin, hvar að er svo mikið salt, að það nægðist öllum kristindóminum, ef það annars vel við lægi og haglega sem til hlýddi. Nú skal hjermeð enda um Rýssland að tala um sinn. Um þeirra átrúnað er mjer ei kunnugt, utan hvað eg heyrt hefi sagt að þeir tilbiðji Heilaga Þrenning og engan af heilögum utan St. Nicolaum, sem fyrst skal boðið hafa þeim kristilega trú. Sagt er að þeir vegi öll lík til grafar, yngra manns og eldra, á skálum, og er líkið lagt á aðra skál en trjebílætið á aðra, sem gjört er eftir sjerhvers manns aldri; ef trjebílætið reynist þyngra en líkið, er sagt þeir haldi þann mann sáluhólpinn orðinn, en vegist líkið þyngra þá fordæmdan.

XIX. KAP.

Nær vjer höfðum dvalist í Kielden 6 daga lysti oss þaðan að reisa á vora heimleið. Þá tveimur dögum fyr keypti aðmiráll, kaptuginn og lutinant uppá von allan eins dags fisk, sem aflaðist á 52 þeirra báta, hvar af þeir fengu þrefaldan ábata. Minn góði lagsmann Jón Halldórsson og eg gjörðum allan þann fisk til, sem lutinant við kom,

[1]) Svo stendur í bestu handritunum; hjer er auðvitað átt við gaupuskinn (lux = d. los), eitt hdr. (C) hefur luxhúfur, en það er víst tilgáta skrifarans.

sá eð var svenskur, og gaf hverjum okkar ríxdal og vínflösku af besta víni meðan erfiðið yfirstóð.

Það finskt og rýskt verfólk þar nærri á morgna, áður en það hreyfir sínum skipum eður veiðarfærum ganga til þess stóra krossmarks, sem stendur á eyrinni við höfnina skamt frá þeirra búðum, bygð og híbýlum, og framfalla og tilbiðja fyrir því. Það fólk etur harðan kost með salti, og brennivín drekka þeir sem vatn, og í einum drykk 2 eða 3 merkur. Þar um ei meir.

Síðan hjeldum vjer þaðan úr höfnum og aftur á vora heimleið og komum til Varðeyjarslots, sem Hans Konungur var slotsherra, sá oss gladlega meðtók.

Einn morgun bar svo við um þann tíma vjer þar dvöldum, að vjer fórum til lands með vorn bát útskipaðan með fólk, og skyldu bátsmenn vatn sækja, en þar í bland voru byssuskyttur, kokk og kjallarasveinn, undirskipherrann og aðmírálsins systurson Jens Brandt, og var það vort erindi til lands að sækja vor línföt undan þvotti. Nú bar svo við, að bátsmenn höfðu gleymt ambara, það er austurkeri, en stormur af landsuðri hljóp á, en vegur frá landi til skipa var vel hálf vika sjávar. Flestir af oss voru nokkuð drukknir. Og nær hvassviðrið vaxandi fór dreif sjór yfir, en ei varð ausið. Báturinn var mjög hlaðinn, því 52 tunnur voru innanborðs, þar til bátinn kæfði og fylti; þó sökk hann ei, heldur marði, en ei varð hjálpað af aðmírálsskipinu, en dálítið bátkorn stóð á þiljum, og treystu menn því ei út í stjórsjó, enda var þar ekkert rið undir sakir smærðar, þó menn vogað hefði. En þeir í hinum skipunum, hver eð lágu til djúps við oss, fengu ei sjeð hvað að gekk, af því vort skip faldi oss þeirra sjónar. En af því bendingar, veif og stórhróp gjörðust af voru skipi fengu þeir um síðir oss hjálp gjörða. Fimm menn mistum vjer alls með vorum kokk, sá eð 3 dögum síðar andaðist. Jens Brandt og eg sátum fram á bátnum, og varð okkur því fyrst hjálpað. Einn dag lágum við, sumir engan, en nokkrir viku og þaðan af minna.

Tveimur dögum síðar burthjeldum vjer þaðan og komum undir Finnmörk og Hálogaland. Víða lágu þar snjóar ekki

allir uppleystir, og var það um Jónsmessuleyti er vjer þar komum. Finnar komu á sínum bátum út til vor einn sunnudagsmorgun, áður en tekið var til predikunar með sínum kvinnum og börnum, og biðu þar svo nær til kvölds. Þeir hafa mest sín dagleg klæði af loðnum elgsdýrshúðum, sem kostulega er tilreitt, og vendu því hinu loðna útá, og eru þeirra börn undir þessum skinnabúnaði og þeirra kvinnur heldur rjóðlituð og vel til fansa. Fisk seldu þeir oss fyrir klæði handa sínum kvinnum. Eg og minn lagsmann seldum þeim 12 stikur klæðis af tollbúðarklæði, rauður var helmingurinn en annar blár. Viðvik þeirra er það að þeir kalla hvern mann frænda, sem við þá eru í ræðu. Þeirra kvinnur bera gull og silfur mikið í sínum eyrum, ennisspengur og kúrielssteina-úlfliðabönd[1]); þessum fátækari bera látún, kopar og fagurt tin í sínum eyrum af kvinnunum. Þetta fólk er flestalt fult af fjölkyngi, sem rykti af fer víða, og ei gjörist þörf hjer að innsetja nje framar að skrifa, og er þriggja handa Finnar nefndir, Sjófinnar, Lappfinnar og Fjallfinnar. Kristnir látast þeir vera, og nokkrir af þeim ganga til sakramentis; börn sín hafa þeir til norskra presta undir skírn, þó sum ei fyr en árgömul. Þeir eru þjóðsmiðir upp á trje og járn; skútur, ferjur og báta smíða þeir ávalt og önnur fleiri amboð og þarfindi. Í Noregi til fjalla og líka við sjó búa Finnar allvíða. Ei leyfist þeim lengur í hverjum stað að búa en 10 ár; þá setja þeir, (en þó með leyfi), sína bygð í skóginum, þar sem er þykk mörk og væn, hverja þeir uppryðja til nefndra þarfinda og þar sínar bygðir setja og svo dvöl hafa í greind 10 ár; taka þá Norskir þeirra pláss og bólstað að þeim burtfluttum. Þeir elska mjög lýsi, smjör og allskonar fitu úr öllum kindum, hvert þeir drekka sem öl til máltíðar, og þetta lýsi gefa þeir sínum óljettum konum á tíma síns barnburðar.

---

[1]) kúrielssteinar = kórallar.

XX. KAP.

Þaðan hjeldum vjer og undir það fjall sem kallast Nordcaput[1]), það er einn núpur eður barði vestan til og útvestan við Finnmörkina og Hálogaland. Og nær vjer þar vorum á siglingu einn morgun snemma sáust úr merskörfum 5 stór skip. Þessi skip sigldu austur að Rússía í móti oss, hver vjer meintum ófriðarskip vera mundu, hvað þó ei svo reyndist. Voru öll rúm, þau eð bundin undir þilfari voru, strax niður skorin og með öllum klæðum ofan í skip með mesta hast látin, portum úthrundið, stykkin tilsett, púður í belgi látið, helming fólks við sigling settur og annar helmingur við stríðshöndlan að fara með byssur (sem vjer köllum luntabyssur), hvar til margur óþjálgur og lítt taminn var, brennivín í áttungum upp tekið og fólkinu gefið, merkjum offrað. Aðmiráll hefur sitt merki eður stórflaug á stóratoppi, viceaðmiráll á fortopp, en skotvanacter[2]) á sínum meisantopp, en hin skipin fram á bogspjóti, er þeir kalla beofenblind eður gickmers[3]), í móti þeirri reglu eður orðu leyfist engum að gjöra undir lífsstraff. Síðan var skipið Einhyrningur upp í móti vindi sent í veg fyrir þau, því það sigldi best af vorum skipum, og svo undan vindi; sigldi hvert þeirra til vor, en síðast þeirra aðmiráll, hver eð innihafði 4 trómeter, er listilega bljesu. Við þá sem fyrst komu töluðum vjer og spurðum hverjir eða hvaðan væri. Þeir kváðust frá Hamborg sigldir, austur að Rýsslandi, þar eð kallast Archanchel[4]) með kaupskap. Aðmiráll bað þá til vor á skip koma og sinn pass eður sjóleiðabrjef að auglýsa, er innihjelt um siglingaleyfi á Danmerkur straumum, hverju þeir og

---

[1]) Nordkap, Knöskanes?

[2]) afbökun af hollensku orði Schout bij nacht, d. schoutbynakt, nú = Kontreadmiral, sem gengur næst viceaðmirál í tign.

[3]) svo mun hafa verið nefnd þá lítil flaggstöng á bugspjóti.

[4]) o: Archangelsk.

hinir trássuglega neituðu fyr en sinn aðmíráll kæmi. Ei vildu þeir sín merssegl lægja, en rjeðu seglum í vind og ljetu voðir kala. Nú sem þeirra aðmíráll kom taladi vor aðmíráll til hans glögt og snjalt, og bauð til vor á borð strax kæmi með sitt leiðibrjef, hverju hann hátt afneitaði, og bauð oss vorn bát að útsetja og kvaðst oss jafngóður. Nær vor aðmíráll það heyrði, hver að stóð við meisenmastrið með sitt slagsverð, af greip sinn hatt og fleygði sjer undir fætur, kallaði hárri röddu og sagði upp á þýsku: »Wer bi sein!« það útlegst »hver við sitt!« Og nær þeir sáu svo fólkið tvístrast hver til síns verks og heyrðu alarm á bumbuna slegið, senn hljóp þeirra aðmíráll aftur á með hvítan líndúk, hverjum hann upphjelt, hrópandi með hárri röddu: »pes, pes, pes!«[1]), það útlegst friðarhróp, en aðrir hjuggu þeirra bát lausan, útsettu og allra þeirra 5 skipa yfirvöld með sínum aðmírál oss um borð komu, lutu og leituðu friðar, og í sáttarbætur gáfu 12 tunnur með gott Hamborgaröl, eina tunnu smjörs, eina tunnu fulla af ostum, tvær tunnur af saltaðri síld. Varð þeim svo til kvölds veisla og störveiting gjörð, og það hreindýr, sem vjer með oss innan skipsborða frá Finnmörk höfðum var þeim í skenk afselt, og með skotum og trómetanna hljóði og kveðjum varð vor skilnaður.

Öðrum degi þessum síðar varð ráðstefna og þing haldið á aðmírálsskipinu og varð þar stór samkoma alls flotans yfirvalda, og gjörðist sú ályktan, að vjer skyldum hingað til Íslands halda eftir kóngl. mandati og skikkan Íslenskum aðstoð að gjöra móti öllum áherjandi óvinum, einkum Spönskum, sem von var á hingað í þann tíma eftir manna hyggju í hefndarleit fyrir sakir þeirra Spönsku, er hjer voru slegnir 1615, hverja hefnd vor himneski herra og almáttugur elsku faðir hindrast ljet, lof sje hans dýrðarfulla nafni fyrir alla sína velgjörninga. Amen.

Þvínæst hjeldum vjer undan Norðcaput á þá leið, sem hingað venti, og fengum góða og hæga byri, og vorum á

---

[1]) Líkl. hefur verið kallað á frönsku „paix“! o: „frið!“

leið hjer í milli 3 vikur, og hittum vjer fyrst land undir Húsavík. Sigldum vjer úr miðsmorguns stað hingað. Hjeldu menn, að ei mundi sú leið sigld hafa verið í 300 ár. Austan til við Húsavík lá oss við töpun á einu skeri, hver skerjaklasi að langt frá landi er, um kvöldið meðan corum og kvöldsöngur yfirstóð. En svo bar við lukkusamlega, að í þann tíma, en ei oftar, að aðmíráll gekk úti um þiljur, og varð mjög seint var skersins, af því beint á horfði og skipsborð á skygndi, en vjer eftir skikkaninni sigldum fyrir öðrum hinum skipunum. Og með því skipið hljóp í krók nokkurn til djúps með óvilja þess sem stýrði á meðan hann umventi stundaglasinu gat aðmíráll litið boðann, er kominn var undir skipsborðið að mestu, og með háu hljóði kallaði til þess er stýrði enn meir til djúps skipinu að halda. Við hans kall spratt hver maður úr sínum sess, og svo rann skipið nálægt boðanum við stjórnborðssíðu að kasta mátti af borðstokk hverju einn vildi ofan á skerið. Síðan varð bending gjörð með skyndi hinum er eftir sigldu. Þetta var eitt af óteljandi dásemdarverkum Drottins þess almáttuga. Eftir það varð almennileg þakkargjörð á skipinu haldin. Síðan sigldum vjer austur fyrir land, og hingað undir Eyjafjöll. Þar kom sterkt stormviðri af norðvestri, hvert eð yfirstóð meir en hálfan mánuð, og varð hverjum degi harðara og meintu menn að gjörningaveður vera mundi, því þeir hjer á landi mundu þessi vor 6 skip ófriðar og hefndarskip ætla, svo sem og margar vonir til stóðu og fyr var umgetið. Aðmíráll hafði ásett sjer flotanum að halda inn á Hafnarfjörð hefði lukka tilgefist og svo uppá alþing ferðast, og skyldum við stallbræður Jón Halldórsson og eg með honum þangað ferðast. Helmingur skipanna skyldi liggja á meðan á Hafnarfirði, en hinn helmingur skyldi hingað á djúpið halda, um Spanska að forvitnast hvort hjer komnir væru eður ei. Þetta áform hindraðist, því mótviðri tröðkuðu, og urðum því fyrir kost og mun hjeðan frá að halda til Færeyja, og var það um kvöldtíma, að við hjeldum undan Eyjafjöllum er peningur var heim rekinn til að nytjast, og á öðru kvöldi vorum vjer undir Færeyjum, hvað þó er vel

70 mílur, og rann þó skipið ei meir en fyrir einu stórsegli, því fokkunnar naut ei, af því vindur lá jafnan í bæði skaut, en svo var stórsjór mikill, að ei varð komist lengra fram en á miðjar þiljur, og oft kastaði sjó yfir topp með bogspjóti sínu. Tvö skip vor náðu ekki Færeyjum og vissu ekki af sjer fyr en undir Líðandisnes í Noregi komnir voru, hvað á þremur dögum rann hjeðan frá landi; meintu þessa hvorir af oss og þeim umkomna vera.

Í Færeyjum dvöldum vjer heilan hálfan mánuð, og lágum vjer fyrir innan Þórshöfn, sem er kaupstaðurinn, og skipið liggur á einum firði, sem nefnist Calaman.[1]) Út með sjó þar inni bjó lögmaðurinn Michael í Lambhaga, hvers gestir að vjer nokkrir af aðmírálsskipinu með sjálfum aðmirál og 4 fjögurra skipa kaptugum vorum í tvær nætur, og var oss þar veglega veitt af margskonar fæðslu og margháttuð ölskyn, sem var mjöður með þrennu móti, vín margháttað, Hamborgaröl, lýbiskt öl, Rostockaröl, Þrándheimsöl, Kaupinhafnaröl með tvennu móti, engelskt öl með þrennu móti, sem var all, strangbýr[2]) og skipsöl. Þar var gleði höfð á margan hátt með hljóðfærum margskonar og uppá færeyska vísu dans og hringbrot með söng og kvæðum. Líka drukkum vjer með aðmirál hjá einni ekkju, sú eð var móðir Jóns Olafssonar færeyiska,[3]) er vjer 14 vetra þaðan með oss út fluttum til Danmerkur, og komst í herraþjónustu, og fjekk hjer 5 jarðir í 3 ár til forljeningar í Álftafirði.

Á því skipi Einhyrningurinn bar það til að stýrimaður skipsins var hengdur í bogspjóti, ei fyrir þjófnað, heldur fyrir annað slæmt stykki, að hann fyrir leti sakir í þessum nefndum stormi frá Íslandi gjörði sína þörf í brauðrúminu (með leyfi að tala), og var af þeim færeysku bændum greftr-

---

[1]) Svo stendur í bestu hdr.; líkl. er átt við Kaldbaksfjörð nokkru fyrir norðan Þórshöfn; síðan hafa skipin siglt til Austureyar, þar sem Michael bjó í Lambhaga. Um hann sjá N. Andersen, Færøerne 1600—1709. Khöfn 1895. bls. 192.

[2]) o: ale og strongbeer.

[3]) Sjá um hann Sýslumannaæfir Boga Benediktssonar II,84 og III,115 og athugasemd Hannesar Þorsteinssonar við síðari staðinn.

aður, en þó með leyfi aðmiráls, hvað þó með nauðgan skeði. Síðan var annar tekinn með miklum fortölum og í hans embætti innsettur, og á þinginu, sem á Einhyrningsskipinu var haldið, með hárri röddu af aðmirálnum öllum strengilega tilsagt öll lýti og lesti að varast, bæði leynt og ljóst, til máls og gjörða, og að hver stundaði sitt kall og embætti með guðhræðslu og góðri athugan, svo enginn annars feldi yfir sig nje aðra í þeirra samför Guðs óbliðu og þungt straff. Allir játuðu með Guðs fulltingi sem best að gegna.

Nær vjer komum í Færeyjar voru á voru aðmirálsskipi 22 menn sjúkir af skyrbjúg; voru okkur stallbræðrum þeir til skifta bífalaðir á landi þá að hygla með ferskri fæðu, víni og mjólk, svo enginn þeirra þar andaðist, utan einn, sá eð var norskur, Þórður að nafni. Þessir allir voru í einni stofu, á einum bóndagarði hjá þeim manni er Ólafur hjet, og var góður smiður uppá allrahanda járnsmíði. Sá maður var ágætur við mig Hann hafði lært sitt handverk til Þrándheims. Hann átti tvær engelskar bjórtunnur af strangbýr fyrst eg þar kom, og hjelt hann þeim helst fyrir mig. Eina íslenska bók gaf eg honum en seldi aðra prentaða, sem var »Ódauðleiki sálarinnar« og »Enchiridion«;[1]) þær las hann skýrlega, því lítið skildi vort mál og þeirra, og svo var um aðra siðvenju í mörgu, um skyrgjörð, flautir, ósaltaða fæðu, eldhangið kjöt og barinn fisk, einnin klæðabúnaður kvennfólksins, skautafaldar, köst og kasthempa, skólag og skikkan önnur. En nú er þar komin dönsk vísa, bæði í kirkjum og utan, með eiginlegu dönsku tungumáli. Karlmannabúningur var þar áður mótlíka og hjer, nema hversdagslega voru margir bændur þar og vinnumenn á albrókum, og þar á ofan á treyjum af færeysku vaðmáli, með loðnum skó á fótum, á ristum og vörpum, mótlíka og Finnar og Kúrlenskir.

[1]) Enchiridion var prentuð á Hólum 1600, og var samansett af Guðbrandi biskupi eftir ritum eftir D. Chytræus og M. Chemnitius. Hin bókin, Kristileg undirvísun um ódauðleika sálarinnar, var prentuð á s. stað 1601 (Fiske, Bibl. Not., VI. 6).

Í Færeyjum sögðu þeir mjer væri 15 kirkjusóknir, einn prófastur en enginn biskup. Eyjarnar eru 7 stórar en 10 smáar, og á þessum öllum voru í þann tíma 300 bændur, og sendi aðmíráll þeim öllum strengileg boð, að þeir kæmi til sín og fyndi sig, hver einn þeirra taki sauð með sjer, fólkinu á skipunum til forfrískunar, hvað þeir og ljúflega gjörðu allir hver um sig, og þar á ofan tóku þeir með sjer ferska mjólk og osta, hverjum bændum aðmíráll skifti á meðal þeirra fjögra skipanna. Varð svo fjóra daga gestaboð haldið á þessum fjórum skipum eftir aðmírálsins ljúflegri tilsögn og befalningu, svo eyjanna innbyggjurum gjörðist aftur æra og velgjörð af hans hendi. Þess fyrsta dags gestaboð byrjaðist á aðmírálsskipinu Victor á sjerdeilis góðum veðurdegi, og voru borð á þiljum uppslegin, og sæti umsett; við þessi borð sat aðmíráll og öll skipanna yfirvöld, og varð þrisvar til borðs blásið, síðan eftir borðblessan til matar og drykkjar tekið, minni drukkin, 600 stykkjum á þeim degi affýrað og í trómet blásið þess á milli. Peningur þeirra varð í landi við stykkjanna hvelt hljóð hlaupsa og felmsfullur. Nær þessir bændur gerðust ölvaðir sýndu þeir allrahanda skemtan með aðmíráls leyfi uppá þeirra vísu. Eins skeði á hinum skipunum og var aðmíráll þangað boðinn og önnur vor yfirvöld. Og á þeim öðrum degi var gestaboð haldið á Juppiter með sömu aðferð, og 700 skot affýrð, á þriðja degi var gestaboð haldið á Davíð og 800 skot gjörð, á fjórða degi á Einhyrningnum og 900 skot affýrð, og í það sinn fjekk einn maður skaða á sína vinstri hönd fyrir stykki, sá eð hjet Leon Frijs, og misti tvo fingur og lá lengi í sárum. Á þeim sama degi varð ein kona á landi mjög skelkuð af því að svo bar við, að hún um kvöldtíma var að nytja kú sína, og kom eitt fallbyssulóð við kýrhælinn í þúfuna; kýrin brá við og varð linhlaupa og spilti mjólkinni, en konan í óviti lá þar lengi eftir. Og þetta kvöld var eg á landi að gefa gaum að þeim sjúku, og einn finn maður með mjer, hverjum eg var svo sem nokkurn veginn á hendur falinn, mjer að undirvísa í mínu embætti, sá eð Gottske hjet og lengi hafði herrafólki þjónað, og var artugur maður

í mörgu, en til sjóar óhentugur sakir sjóveikleika, í hverjum var þunglega oft plágaður, og varð eg þrátt honum að þjóna sem minn faðir verið hefði; hjer fyrir varð eg honum kær sem sonur. Og nær einn yngri og óvitugri er á þessum skipum öðrum til samvinnu fenginn, þeim eldri og vitugri, og þau stykki afgreidd, sem skulu vakta uppá sitt líf, að þar ei komist vatn inn, svo alt sje í fullu lagi nær við þarf, og að ei verði fyrir neins athugaleysi eður forsóman hindran eða vansemd í nokkrum parti eður ólukka megi afhljótast, þeir verða nefndir hinna eldri handlangarar eður aðrjettendur, þvílíkur einn var eg þessa manns. — Nú skal segja frá því, að þessi nefnd kvinna kom til okkar með miklum gráti og felmtran. Við hugguðum hana sem best við kunnum, og til góða gjörðum með því fyrir hendi var, svo hún komst aftur til sinna fyrri burða. Við ráðlögðum henni að upp-grafa lóðið úr þúfunni, og að morgni fá sjer einn mann með bát og láta hann róa sig út til aðmírálskipsins, nær við værum út þangað komnir, og skyldi lóðið sýna; svo skyldum við láta aðmírál vita hvernin alt slíkt væri skeð, svo fengi hún ríxdal fyrir lóðið, og það meira sem til vildi. Svo skeði að við til skipsins komnir vorum, og nær konan kom kunngjörði eg aðmírál alt sem gjörst hafði í greindu efni. Kvinnan varð uppkölluð fyrir aðmírál og tók lóðið með og sýndi honum; hann fjekk henni strax ríxdal, og gaf henni gamla en þó góða skyrtu, mikið brauð og af fleski og kjöti, og bífalaði öllum innan skipsborða henni til góða að vera, hvað og skeði, svo hún fjekk meir en til hundraðs með því sem kapteinn á Einhyrningsskipinu og hans fólk gjörði henni til góða, frá hverjum þetta lóð var komið. Hún bað mjer góðs hvar hún leit mig á landi.

Að hálfum mánuði liðnum hjeldum vjer þaðan og heim til Danmerkur að öllu slysalausu. Og nær vjer komum að St. Önnu brú sáum vjer eitt kóngsins orlogsskip sigla geyst eftir oss með niðurstroknu merki á stórtopp, hvað oss mjög felmtraða gjörði, því vjer vorn kóng annaðhvort sjúkan eða látinn hugðum. Þetta skip var Fides, eitt með þeim helstu

kóngsins orlogsskipum, og höfðu inni cancelerans lík, hver eð til Opsló var í þann tíma nýlega afgenginn, og eg hefi fyr umtalað.

XXI. KAP.

Og nær vjer svo heim komum varð sjerhverjum af oss vel fagnað eftir því sem hver átti sjer vini til, og höfðum vjer þá úti verið 22 vikur.

Um veturinn eftir hafði eg vakt við kóngl. Maj:st hertýgjahús með minum besta stallbróður Jóni Halldórssyni og öðrum frómum mönnum er vinir gjörðust, og gekk alt í þann tíma meinlauslega til fyrir öllum undir regimentinu, bæði mjer og öðrum, lof og dýrð sje Guði.

Að næsta vori eftir, 1617 útsendi kóngur vor fjögur skip í hernað, og það sumar urðum vjer við enga ránsmenn varir. Og nær vjer aftur heim komum fór kóngur að reyna skip sitt hið nýja Patientia, og vjer með honum, og í þeim mikla stormi fjell um koll þar á grynninginum, hvert að fyr hjet Caritas, og fyr er um getið.

Á öðru vori eftir komu 24 menn úr Búskaia[1]) 1618, sem liggur á milli Frankaríkis og Spanía, inn í Kaupinhafn á fund vors kóngs Christiáns 4, eftir hans loflegri umbeiðni, til hvalveiðar. Og um veturinn fyrir ljet kóngurinn tvö skip tilreiða, sem var Einhyrningurinn og Lampinn,[2]) sem fara skyldu í gegnum Veigat á þessu vori, en vjer með tvö skip til Grænlands, og nefnist Spisberg.[3]) Um veturinn var viðleitað með faguryrðum af vorum yfirvöldum við

---

[1]) Baskar, er þá voru oft nefndir Buskaier á dönsku, voru dugandi hvalveiðamenn, og oft fengnir til Danmerkur í þeim erindum.

[2]) Þetta skip hjet rjettu nafni „Lamprenen".

[3]) Þá var alment haldið að Spitzbergen væri áframhald af Grænlandi, eða stundum að það væri sama landið. J. Ind. á við Spitzbergen.

týhúsið við oss, hverjir fara vildu að Veigati. Sumir fengust með fagurgala, sumir ei. Eg var einn tíma kallaður í skrifhús þar yfirvöldin sátu öll saman komin, og bauð týjunkurinn mjer, ef eg vildi þessa ferð reisa, skyldi eg fá mánaðarpeninga og góð laun, því í þann tíma var eg í gunst Adolphs Grabov mjög vel. Eg andsvaraði þeim og bað um respit til morguns, hvar með þeir nægðust. Að morgni og að yfirstaðinni almennilegri munstring var eg í skrifstofuna kallaður, og þá enn að nýju aðspurður, hvað mjer nú í geð fjelli um áðurnefnt efni, hverju eg afneitaði með öllu, því um nóttina í svefni var mjer 'sú reisa bönnuð, og síðan varð sá maður í minn stað fenginn er Rasmus Rúss hjet, sá eð var constabelsmæti, og mjer var tilsagt það sama embætti, hefði eg annars því játsa orðið, og sjálfur constabel hjet Niels Skoster, einn kostulegur maður. Kaptuginn hjet Jens Munck,[1]) ein aðalpersóna, og voru þau bræðrabörn, kóngsins gemahl frú Christín. Hann var sjerdeilis vitur maður einkum í himinsins hlaupi og stjörnulist eður stýrimannsskap; var hann svo yfirsagnari hinn æðsti beggja skipanna, Einhyrnings og Lampans, á hver að ágætt fólk valdist Og um vorið 1618[2]) hjeldu þessi 2 skip undir eins með oss frá Kaupinhafn og tvö skip borgaranna, svo vjer vorum 6 í ferð, og áttu þau sömu tvö skip þeirra sömu leið sem vjer að ferðast uppá hvalveiði, og höfðu þessi vor 4 hvalveiðarskip hvert fyrir sig 11 Búskaiska inni og 10 hvalabáta, er þeir kalla zelupa,[3]) það er sjóhleypur; hver þeirra var í 4 parta sundur og saman skrúfaður, og á reisunni svo í pörtum á sjerdeilis stað í skipinu látnir afsíðis. Síðan gaf oss góða byri út af Eyrarsundi, og hjeldum vjer svo samför norður með Noregi undir Norðcaput í Norðlandi

[1]) síðar frægur af þessari ferð sinni, er hans reit um bók Navigatio septentrionalis. Aðeins 2 af mönnum hans komust lífs aftur með honum.

[2]) á að vera 1619. Jens Munk getur ekki um að hann hafi orðið hinum samferða. RC.

[3]) líkl. afbökun af hollensku orði: zeelooper.

norður af Noregi, sem fyr Bjarmaland og Hálogaland kallaðist og nálægast liggur við Finnmörkina. Þar skildum vjer við Jens Munck, og báðum hvorir vel fyrir öðrum; minnir mig að Jens Munck hjeldi í norð-norð-vestur, en vjer í land-norð-norð-austur. Vjer fengum mjög góð byrleiði þangað í hálfan mánuð, og nær vjer fengum Grænland að sjá, sem er geysilega fjallahátt land, og komum undir þess vest-suðvesturs-hluta, urðum vjer glaðir við.

Nú er þar frá að segja að á þessu ári gekk mikil pest í allri Danmörk, svo að í sjálfri Danmörk afgekk 7000 fólks, sem eg hefi fyrri nokkuð áhrært, og þess slags sjúkdómur var nú kominn í vort aðmírálsskip, sem að kallaðist Hector. Vor aðmíráll hjet Henrich Vind,[1]) einn mikilsháttar herramaður, sá eð var bróðir Jurgin Vinds, sem hingað sendist ásamt Friderich Frijs útaf cancellíinu einn tíma.[2]) Henrich's lutenant var og einn eðlamann að nafni Magnús Krabbe[3]); hann krenktist í pest og andaðist um það bil vjer hjeldum norður fyrir landið, og keypti aðmíráll að öllu skipsins innihafandi fólki hans líki til lands að koma, eftir gamallri skipsvenju, hvað treglega veittist, því strax hljóp á suðaustanveður mikið, svo oss lá við töpun, og mistum stórmersstöngina yfir borð. Þessi mikli stormur sleit oss frá hinum skipunum, svo vjer mistum þeirra í heila viku og komumst úr öllu landsigti, þar til allir gjörðu áheit og Guð gaf oss sína náð til að vjer komum til lands aftur, þar sem nefndist á hollensku Thómas Smiðs Bæ, 5 mílur norðvestur betur en þar sem vjer ætluðum oss höfn að hafa, þar inni á einum löngum firði. Í þessari Thómas Smiðs höfn lágu 3 mektug engelsk stríðsskip, er þar voru og komin til hvalveiða, 4 hollensk og tvö skip frá Kaupinhafn, sem í vorri

---

[1]) Um hann sjá Lind, bls. 208—213.

[2]) til að rannsaka embættisrekstur Herluf Daae's 1618. J. V. var hetja mikil og hinns mesti merkismaður, sjá Biogr. Lex. og Lind, bls. 46—49.

[3]) RC leiðrjetta hjer frásögu Lind's (bls. 215) um ætterni þessa manns; sbr. dönsku þýðinguna bls. 153.

ferð þangað fóru og fyr var nefnt; þeirra yfirvöld voru Bernet Berns og Niels Honning.[1])

Nú vikjum þar til máls aftur er vjer komum inn í nefnt fjarðarmynni, sem þau þrjú mektugu engelsku stríðsskip lágu fyrir innan nærri viku sjóvar, en ei vissum vjer nú hvað leið um vora fjelaga, áðurnefnd 3 skip, hvort þeir mundu vera lífs eður liðnir. Nær þessi 3 engelsku skip heyrðu vor skot útsendu þeir frá aðmírálsskipinu útskipaðan bát af völdu fólki og sinn lutenant, að hugleiða hvaða menn vjer værum; urðu þeir af oss vel meðteknir til matar og drykkjar. Aðmíráll fjekk það útvegað af þeirra lutenant að fjórir menn skyldu um nóttina gröfina taka, svo um morguninn væri búin, og gaf hann þeim eitt rosenobel[2]) fyrir það þeirra erfiði. Um morguninn eftir, mjög tímanlega, kom sami engelski bátur og inntók vor yfirvöld og líkið, að hverju gjörðar voru tvær kistur, ein af eik, önnur af furu, en vjer skyldum róa á eftir með vorn bát, sem var útskipaður af völdu skipsfólki, og þar að auk vor constabel Niels Damsgaard, góður og gamall maður, með 4 af oss byssuskyttum. Á veginum fundum vjer dauðan rostung, hvers tennur að eru silfurvægar, en á þeim engelska bátnum drápu þeir annan, og varð skenktur vorum aðmírál. Og nær þeir komu skipunum nálægt með líkið var 3 stykkjum af hverju þeirra skipi afhleypt til virðingar. En á vorum bát höfðum vjer 3 smá koparstykki, sem falkónur[3]) nefnast, og tilsett var að affýrast skyldi nær líkpredikun hefði enda og líkið í sína gröf væri komið. Og nær svo ske skyldi gjörði aðmíráll mjer bending með sínum handdúk. En á meðan predikunin yfirstóð hugði eg þann umbúning stykkjanna og þann byssubekk, sem lá yfir um þveran bátinn framan, og fann eg strax veiklega umbúið, og tók eg því allar þóttur úr bátnum, sem lausar voru, og lagði eg þær með endilangri borðsúð,

[1]) Um Niels Honning sjá Lind, bls. 242; hann var sendur til Íslands með Holg. Rosenkrans 1628 og 1629.

[2]) svo nefndist þá enskur gullpeningur sem gilti 6 sh. 8 pence.

[3]) Svo nefndust einskonar smáfallbyssur.

svo eg fengi mjer afturkastað ef svo byðist, hvað mjer til góðs kom, því nær eg gaf fýr uppá fyrsta stykkið kom losun á, en með hinu öðru gjörðist með skyndi alt laust og snaraðist aftur í bátinn svo mjer lá við bana, en með því eg fjekk mjer kastað aftur í bátinn og einkum fyrir Guðs fulltingi, þá slapp eg án skaða í það sinn. Og nær eg kom á land þar sem þeir voru yfir gröfinni samansafnaðir og sungu þeir síðasta vers liksálmsins, og að uppsettu sjerhvers höfuðklæði spyr aðmíráll mig að því þriðja stykkinu úr Danmerkur lausn.[1]) Eg gjörði afbötun eftir tilgengnum atvikum, hvað honum ei nægjast kunni, heldur með stórmensku og grimmri reiði útdró sitt sverð, er hann í gullbaldýruðu gehengi bar sjer við síðu, og auðsýndi sig að vilja mig til dauða strax höggva, en eg rann honum og hans höggi undan það hraðast eg mátti. En í því hann meinti mig til dauðs að höggva rasaði hann í snjógryfju, því snjór og klaki lá þvínæst yfir öllu, svo hans hattur af fjell svo sjálfum lá við falli, en þeir engelsku kapteinar gripu hann og til friðs stiltu og kváðu slíkt þrátt við bera. Ei vildi hann gegna orðnu tilfelli. Síðan varð á skipi hverju þeirra engelsku þremur stykkjum afhleypt. Constabel minn, arkelímeistari Niels Damsgaard, sampindist mínum hörmum, gekk til strandar að hugleiða, og fann svo alt í sannleika sem eg frá hermt hafði. Síðan varð aðmíráll gestboðinn af þeim enska aðmírál, hvað hann með nauðgan þáði, sakir meðbúandi haturs, ekki nú til mín, heldur til vorra beggja timburmanna, hverra verk honum virtist ótrútt, og hefði leitt eftir sig minkun í mannsstað, einnin vera orsök til hefði okkur ólukka og slys tilfallið. Engelskir trakteruðu hann og oss í besta máta og með hljóðfærum og trómetanna blæstri á veiting víns öls og matar stórum við juku. Svo var aðmíráll beisklundaður í það sinn, að hann forbauð okkur uppá það enska aðmírálsskip að koma. Samt veittist oss allrahanda gott af þeirra hendi.

---

[1]) „Danmarks Løsen“ (o: Danmerkur kveðja), voru 3 skot.

Nú er þar um að tala að nær vjer höfðum við skipin litla stund dvalið þá kom kaptuginn, er Gabriel Krús[1]) hjet, af því öðru danska stríðsskipinu, er í storminum með þeim tveimur borgaraskipum hafði oss frá drifið, og varð vel fagnað og trakteraður í besta máta, alt svo lengi að aðmíráll geðjaðist þar að vera. En sakir þungra geðsmuna vildi hann þar ei lengri dvöl hafa. Og í vorri burtför affýrðu þeir 30 stykkjum og í trómet blásið og skildust þeir svo hvorir við aðra í góðum kærleika. Gabriel Krús fór í bát til vor, og á leiðinni út til skipanna, er út í fjarðarmynninu lágu, barst áðurgreint efni í mál hvernin alt væri tilgengið, og þykir Gabriel honum heldur mikið hafa um orðið, og kvað mig verðugan vera nokkurs góðvilja fyrir slíkt háskasamlegt tilræði og það með í mannsstað fyrir sakleysi. Aðmíráll gekk því ekki freklega í gegn, en heitstrengdi þó þeim aumu timburmönnum stóru straffi að endurgjalda. Og nær sem vjer til skips komum bífalaði aðmíráll að þessir báðir timburmenn skyldu fram í galión í járn setjast til næsta morguns, og þá á settu þingi skyldi greint efni til skoðunar koma og þvílíkt straff dæmast sem mönnum virtist þeir maklegir vera, annaðhvort undir kjöl þrisvar dragast eður þeim níu sinnum frá stórseglsránni að hleypa í sjó. En að morgni bar svo við að Gabriel kapt. kom árla að afplána þvílíkt til vors skips hjá aðmírál, hvað honum tókst að þeir í það sinn ljetist lausir, en skyldu þó nær þingað væri sinn rjett standa, hvað alt þó niðurhjaðnaði og upp þaðan var aldrei áminst.

---

[1]) Þetta er rangminni höf., það var ekki hinn merkilegi sjóliðshöfðingi Gabriel Kruse (Lind, bls. 177—181) heldur Enevold Kruse; um hann sjá Lind, bls. 175—176.

XXII. KAP.

Síðan hjeldum við þaðan og austur með landi, alt þar til vjer komum að þeirri höfn, þar sem það eitt engelska skipið lá fyrir og hvar vjer skyldum höfn hafa fyrir þessi tvö kóngsskip á meðan vjer þar við land dvöl höfðum. Strax sendu þeir sinn bát út í hafnarmynnið mót oss, og meðtóku oss blíðlega með skotum og blæstri.

Þar í landi stóðu stór hús, sem Engelskir höfðu fyrir nokkrum árum uppbyggja látið, í hverju einu þeirra að einn engelskur maður var ár umkring einsamall, og kom fyrir kappmælgi hans og eins annars, þeir eð þar um þráttuðu, að einn sagðist geta þar beðið og verið til þess að skip aftur kæmi, með Guðs fulltingi, en annar talaði því harðlega á móti, og slógu veði með sjer til hundrað dala, og skyldi kaptuganum af þeirra launum afgreiðast. Þeir skildu eftir hjá honum alla nauðsynliga hluti, sem var matur, vín, öl, eldiviður, 3 byssur og púður nægilegt, sverð, vatn, salt og hvað meir honum þjenti, item biblíu, sálmabók, bænabók. Nótt og dag ljet hann ljós brenna og hafði sína sæng við eldstóna, hver eð var á miðju húsgólfinu. Hann var stundum að lesa, stundum að syngja, stundum að spila uppá sína fíólu, er hann og hjá sjer hafði, stundum var hann að smíða hæltrje i svarta skó, af hverjum hann gjörði fulla altunnu. Svo var þar grimt frost um veturinn, að alt hvað frá eldi horfði fraus, þó nálægt lægi. Svo varðveitti Guð hann dásamlega að hann ekkert skaðaði, og bíhjelt sinni heilbrigði alt til þess um vorið í Júlímánuði, er skip komu þangað frá Englandi. Og nær þeir á land gengu og upp til hússins, hvar hann var inni, þá heyrðu þeir hann syngjandi þar inni vera það kvæði, er hann ort hafði um veturinn með 100 versum með fögrum tón. Hjá húsinu fundu þeir þrjá hvítabirni dauða, er hann hafði skotið gegn-

um þá glugga, sem á húsinu voru, en með hlemmum innan fyrir dregið Þeir meintu hann dauðan, og nær þeir í fyrstu heyrðu hans hljóð urðu þeir skelfdir. Síðan urðu þeir honum fegnir mjög og hann þeim í sama máta. Svo vann hann alt það veðfje með þeirri vogan, og nær hann kom fram í England varð hann sem engill meðtekinn, ef segjast mætti, og stórgjafir af mörgu herrafólki gefnar. Og voru tvö ár liðin frá því þetta skeði þar til eg þar kom með mínum lagsbræðrum, og lyktar hjer um framar að tala.

Þar spurðum vjer til borgaraskipanna, að þau voru komin á þá höfn, er þau skyldu lag hafa, 4 mílur þaðan, hvar og Engelskir og Hollenskir höfðu sitt skipalag, vesen og umgengni, og fyr er umtalað.

Síðan ljet aðmíráll seglbúðir á land setja, handa því fólki, er hvalbræðsluna skyldi stunda, og var þeim þangað fenginn vikukostur í hvert sinn. Og nær vjer á land komum meðtóku þeir oss vel, og með mat og öli plöguðu í góðan máta eftir föngum, hvað og einnin í sama lagi þeir Engelsku gjörðu. Ekki var á annað að stíga, nær vjer á land gengum, en blájökla og skaðsamt eggjagrjót, en grasstrá eður þesskonar sást þar ekki, en þó ala sig þar fullvel hreindýr og birnir, af hverjum hreindýrum vjer náðum 22, og var eg oftlega í því verkslarki með aðmírál [sjálfum mjög] þreyttur, hvar fyrir hann hjet mjer stórum launum, hver ei þó sáust. Þessi hreindýr ganga 3 í tunnu, en sum $3^1/_2$, sum $2^1/_2$; þau hafa sína fitu mesta á sínum lendum, sem er læfðar og þverhandarþykt; þau hafa horn mótlíka og einn hjörtur og þvílíkt til fráleika; þau hafa klaufir sem naut og húð í sama máta, og eru grá að lit; mosi er þeirra fæða og eins líka bjarndýranna, hver þó eru frábærlega feit og stór. Önnur dýr sjást þar ekki utan melrakkar og eru flestir hvítir. Einn þeirra ásettum vjer oss til Danmerkur að flytja, þó ei tækist sakir melrakkaódauns, hver geymd var í tunnu, með hverri henni varð útfleygt. Fuglar voru þar ei aðrir en æðifugl, már, svartbakur og brimmár; már flýgur manni í hendur, en með því að þeir eru ónýtir sakir megurðar og þeirra fiður illa lyktandi akta menn þá eigi. Már er þar í háfjöllum

uppi og næst því ei hans egg. Eitt æðifuglssker lá þaðan tvær vikur sjávar, hvar hann varp eggjum; þangað fórum vjer með bát og lá það sker í landnorður frá vorri höfn, og fengum vjer þar eggjatunnu, en nær matgjörast skyldi var alt ónýtt, því kominn var sá tími að fuglinn skyldi útleiða. Fiskur var þar enginn, svo vjer yrðum við varir, utan marhnútur.

Landið er með háum fjöllum og flestöll hulin með jöklum frá ofanverðum brúnum niður til sjávar. Sól skín þar nótt sem dag alt fram í Augusti mánuð. Alt frá dagmálum og fram yfir miðmunda heyrast skriður og dynkir frábærlegir á hverjum degi nær sjerhvers fjalls jökull fyrir sólarinnar verkan losast og framspringur og í sjóinn fellur; svo mikið ryk kemur þar af með ýmislegum farfa fyrir mannlegri sjón, að sólin um heila stund sjest glögglega eigi. Þeir jöklar frjósa úr því ferska vatni, sem er þar ofan á fjöllunum, og er það sá drífandi hafís, er hingað til Íslands kemur.

Litinn veg frá oss í suðurátt lá eitt svelgi mikið inn í miklum jöklum, hvert menn kölluðu Víti; það var mjög ógnarlegt og skelfilegt tilsýndar, í hvert sinn, nær vjer þangað litum, og hvað fljótandi þar framhjá dreif hvarf þar inn. Á því fyrirfarandi ári er vjer þar vorum bar svo við að Engelskir höfðu náð einum sljettbak og með þremur bátum voru að róa hann, en landstraumur fjell uppá; þá bar svo meir og meir að þessu svelgi, svo þeir gátu ei við gjört, en þeirra leið lá þar fram um, þar til þeir með bátum og hval í svelgið með hast inndrógust og hurfu, svo að ei meir sáust. Þetta sögðu Engelskir oss til að varast, og fleira annað.

Nú víkjum þar til, að strax sem vjer vorum á land komnir og höfðum búðir sett fóru Buskaier til hvalveiðar með þrjá báta og 6 menn á hverjum þeirra, voru þrír danskir þar í bland á hverjum. Var þeim vikukostur útfenginn, og lágu við tjald á útnesjum þeim er til hafs venda. Á hverjum bát eru fjórir til róðurs, einn við stýri og harpónerinn fram á hinn sjötti, hann tekur mest kaup, og fá þeir 100 dali fyrir hvern hval, er þeir veiða. Svo náðu þeir fjórum hvölum til kóngsskipanna tveggja, og úr þeim

bræddust tvennar 80 lestir og hvert þar af tók sinn helming skipanna. Einn maður, sá ellefti af Buskaier, var jafnan heima, hvers embætti var að spika hvalina, ei við aðmírálsskipið heldur við hitt skipið, sem var Juppiter, hvað honum ljett veitti. — Þeirra túlkur hjet Jón og var til móðernis engelskur að ætt; hann kvaðst kunna 16 tungumál með því litla, sem hann kvaðst kunna í íslensku tungumáli, hafði hann fyr meir siglt hingað þá hann var 14 ára að aldri með þeim mönnum, er komu einu ári eftir Pining á Arnarfjörð, og voru fjórir af þeim sendir til sýslumannsins sál. Ara Magnússonar, sem sat að Ögri við Ísafjarðardjúp, og var eg þá 9 vetra er þeir komu til Svarthamars við Álftafjörð, þar mín móðir var og bróðir Halldór, einn sunnudagsmorgun, og þeirra fyrirliði hjet Davíð. Og nær hjer varð af honum áminst kannaðist eg við þetta alt áðurgreint og varð eg því umfram aðra af mínu kompanii honum kær og í þessari hans vingan bleif til skilnaður, og hinir hans lagsbræður tóku sjer lag eftir honum og gjörðu mjer ásamt honum jafnan til góða af víni, brauði og kryddum, er þeir nóglegt með sjer höfðu. Einnin staðfestist okkar vinátta ei síst þar af, sem skeði í þann tið sem vjer fyrst landið litum, því svo bar við, að með því að vjer í hálfan mánuð höfðum ekki eitt sinn haft viðtal við nokkurt hinna skipanna þar fyrir lysti aðmírál að finna Gabriel Krús, kaptugann á hinu kóngsskipinu sjer til skemtunar, eftir því á þeim degi leiði tilgafst, og ljet kalla á túlkinn, áðurnefndan Jón, og spurði hvort hann og hans stallbræður langaði ekki til að sjá og finna sína landsmenn, hverju hann játaði, og sex af þeirra liði gjörðu sig strax með einn þeirra zelup ferðuga með aðmírál og hans þjenara til hins skipsins, hvar aðmiráll og þessir urðu í góðan máta meðteknir og plagaðir. Og nær þeir höfðu þar litla stund dvalist og voru teknir til hálfdrukknir að verða þá bar svo við, að þeir sem voru upp á þiljum litu einn mikinn síldreka, er þeir kalla tröllhval. Og strax sem þessir hvalamenn það heyrðu, og með því strengur með lagjárni lá niðurhringaður í bátnum nýr 300 faðma langur, urðu þeir sem óðir og hlupu í bát

og lögðu sjer róður eftir hvalnum og í einu sendu þetta járn í hvalinn, en af því þeir voru of nálægt honum og fyrir sjálfra þeirra athugaleysi og í því sem þeir járnuðu hann sló hann upp sínum sporði undir bátinn, svo hann lyftist langt frá sjó í loft upp, svo allur botn undan honum mölvaðist, en menn allir hrutu alla vega út um sjó úr honum. Og með því allir þeir voru syndir tapaðist enginn þeirra, því þeim varð strax hjálpað af skipfólki hins skipsins, þeir eð hjuggu sinn bát undan festum og fluttu þá til vors skips, því þeir voru ragir að líta aðmíral, af því þeir vissu sig hafa gjört í móti kóngsins skipsartíkulum, þarmeð og líka átti aðmíráll í bátnum nýja síðhempu sú eð gilti 32 dali. En það vildi þeim til lukku að ei fórst af strengnum utan 5 faðmar, því fyr skarst en meira útrynni á því járni er út stóð fram á. Jón túlkur lætur kalla á mig og kvað sjer stórt slys tilfallið hafa, og bað mig sjer að kunngjöra heimuglega hvað aðmíráll til segði og góð orð til leggja, og segja honum vissa borgun hjá sjer fyrir það sem farist hefði, hvað eg og gjörði þá aðmíráll kom, og var hann hinn reiðasti í það sinn. Eg gjörði mikið af þeirra hrygð fyrir sína ávirðing, og að þeir hefði við komist; hann kvað til þings koma skyldi. Skömmu seinna skipaði hann þeim varmt vín að færa. Eg hermdi Jóni með mjúkasta hætti orð aðmiráls. Svo lyktaði þetta, að til þings barst það aldrei og enga borgun af þeim heimti.

XXIII KAP.

Einn sunnudagsmorgun var aðmírállinn Henrich Vind gestboðinn af Hollenskum þeim, er lágu þar sem borgaraskipin höfðu hafnir og 3 skip engelsk, og þar eftir predíkun haldna var uppslegið miklu gestaboði. En um nónbil kom einn hvítabjörn heim rennandi að búðum, sá eð var mikill vexti og ógnarlegur tilsýndar, og enginn af öllu því fólki

þóttist slíkan fyr sjeð hafa; hann var bleikur að lit og rauðkinnóttur. Þar spratt hver úr sínu sæti að elta björninn með byssum og vopnum. Hann gaf ei færi á sjer, en rann til strandar hið hvatasta og á sjó, og beit speldi úr þeim bát, er hann varð á unninn, hvern Buskaier gripu og æddu eftir honum, og björninn með harpónajárni á streng járnuðu og yfirunnu, hver feldur vorum aðmirál var skenktur. Síðan um kvöldið ferðuðumst vjer þaðan næsta vel plagaðir.

Þegar fyrst sem vjer komum þar í landið stóð til stríðs með Engelskum og Hollenskum fyrir sakir kífs og ágreinings um þetta Grænland, hverjir það fyrst fundið hefðu, en vor aðmíráll stilti það klamarí með ljúflegri meðalgöngu þeirra á milli, en lýsti landið undir Danmerkur krónu, og varð svo alt í góðri forlíkun. Það liggur í landnorður hjeðan hálft annað hundrað mílur, og þar sem vjer lágum venti í norð-austur. Viðarreki er þar mikill, hvaraf vjer tókum til margs efniviðar sem við þurfti. Eigi verður landið kannað sakir jökla til lands og íssins margfaldlegleika til sjávarins. Það sje nú þar um sagt að svo stöddu.

Nú vil jeg með fáum orðum minnast á missátt vorra yfirvalda, sem var aðmírálsins Henrichs Vinds og Gabriels Krús, sá eð var kapteinn á því öðru kóngsskipinu, og kom til af litlu efni. Einu sunnudag bar svo við að Gabriel Krús gjörði gestaboð og hugði sjer að bjóða þar til aðmírál og þeim engelska kaptein, sem var á því skipi, er lá oss samjafnt innanhafnar; þessvegna ljet árla prýða skipið með venjulegu skipsskarti, og ljet sína flaug upp á stórtopp, hvað ei bar utan aðmírál og er stórum viðlagt í kóngsins artíkulum. Þessvegna reiddist aðmíráll stórlega og þáði ei boðið, og varð stór missátt þeirra á milli nokkra stund, svo þá einn dró til lands fór annar frá. Ein tíma bar svo við að aðmíráll fór til lands og eg óverðugur var einnin ásamt mínum fleirum cameratis í ferðinni með. Dirfðist eg að tala til aðmíráls nær hann var á land genginn og tala um þetta efni, og sagði eg það líti illa út ef þeir gæfi sig svo til heimferðar óforlíktir, bæði vor á meðal og framandi, en ei allra síst er þeir kæmi heim á kóngs og annara góðra vina fund. Hann

þyktist nokkuð við og spurði mig hvort eg þættist vera góður til að forsvara hans tráss og lögbrot, sem hann í móti kóngsins mandat og befalningu gjört hefði. Eg sagðist það afneita, heldur það í góðri meiningu nefnt hafa, og eg heyrði Engelska daglega þar um tala. Hann sljákkaðist nokkuð og sagði ef sá engelski kapteinn vildi þar góðan þátt í eiga þá mundi hann til friðs stillast. Eg spyr hvort eg mætti þess leita. Hann kvað já, og svo gekk eg þaðan til hans. Senn gjörði hann sig reiðubúinn og fór svo og fann aðmirál og forlikti þá þar strax og ljet sína menn sækja Gabriel Krús og kom svo öllu í gott lag. Hjer af varð eg í stórvirðingu hjá þeim öllum.

Nú sem vjer höfðum þar verið í 11 vikur fýsti oss þaðan að halda í Guðs nafni bæði vegna frosts og snjóa, því vjer urðum stundum tvisvar á dag akkerum að ljetta og undir seglum aftur og fram að ráfa eftir straumanna háttalagi og ísdrifsins aðþrengingu. Gjörðu svo öll skipanna yfirvöld orðentlega samþykt sín á milli með brjefum nær þeir skyldu úr höfnum losa. Og á hverjum degi mánaðarins Augusti voru þar þá svo mikil frost allareiðu að strax eftir nón er frosið tveggja fingra þykt við sjómál skipsins þó sól skíni. Fyrst vjer þar komum skein sól nótt sem dag, sem var í Júni og Júlímánuði. Þá síðustu nótt vjer þar vorum kom svo mikill snjór, að eg á minni síðustu vakt, er mjer bar, stóð yfir hnje á þiljum. Og um morguninn snemma klæddist aðmiráll og fjekk varla grilt til mín úr káhyttudyrum, og kendi þá mjög í brjósti um mig og sókti vínflösku af rínsku brennivini og fjekk mjer að drekka svo mikið sem vildi. Og á þeim sama degi hjeldum vjer 15 skip út af þessu fjarðarmynni, en í því miðju var eitt blindrif á hverju vort skip þrisvar sinnum svo hart steytti að vel flestir þeir, sem stóðu fjellu um koll, og varð þá mikill skelkur á hverjum manni innan skipsborðs. Strax gengu margir af þeim skynsömustu með skriðljós að hugleiða hvort skipið mundi nokkuð leststst hafa og gátu ei fundið, hvaraf menn glöddust og sögðu Guði þakkir. Svo hjeldum vjer hindrunarlaust lengi vorum skipum í samsigling heimleiðis, þar til vjer komum undir

Noregi; höfðum vjer þá siglt úr norðaustri hjeðan hálft annað hundrað mílur og hjeldum vjer austan um Ísland, en fyr en vjer komum undir Noregi skildu skipin að í einum ógnastormi og vor borgaraskip, er tekið höfðu 5 hvali, og skikkað var með sitt tran til Hollands að sigla.

XXIV. KAP.

Nú sem vjer komum undir Líðandisnes í Noregi með því öðru kóngsskipi og hin öll skipin voru oss við skilin og svo nálægt landi, að vjer máttum til hafna hleypa hefði oss annars svo litist, og það var einn þriðjudagsmorgun árla, þá á hljóp hastarlega svo mikill suðaustanstormur að stórundrum gegndi og varla var skiphelt, og það yfirstóð í fimm nætur og daga, og allan þann tíma ljetum vjer án segla svo drífa í norðvesturhaf, og ei sáum vjer út fyrir skipsborð fyrir samsævi og sjóvargrefti, hvað yfir máta tók, og vora galión mistum vjer, sú eð með stórum bílætum var öll forgylt. Eitt sinn sáum vjer hjá oss fara eitt hollenskt skip, þeir eð höfðu mist sitt stóramastur. Og nær sem þessi ógn var sem hörðust bar oss það til rauna, að vor pumpa varð blind, og svo hart tillukt að hún dró ekkert vatn, þar til hálf fjórða alin var orðin dýpt vatns í voru skipi, og var tekið til að hafa út í stömpum, hvað ómögulegt reyndist, því enginn gat notið sinna fóta eður nokkra sinna aðburða. Þá gekk aðmiráll út í káhyttudyrnar grátandi sem eitt barn, og fyrir sig kallaði mig, og bað mig í Guðs nafni nokkur góð ráð útgefa til lífs og hjálpar. Eg sagðist ei önnur vita en pumpuna upp að draga, hvað honum leitst ómögulegt í slíkri ógn. Eg geng svo ofan í skip, en þó með hans ráði, til túlksins Jóns, og segi eg aðmiráls orð til, að hann biðji ham um sitt lið og hans landsmanna og góð ráð pumpunni að ná, og alla þá hjálp gjöra, er til lífs og liðs þjena kunni,

hvar til eg og lagði mín orð með klappandi hendi; hvar til hann með sínum mönnum sig strax reiðubúinn gjörði ásamt skipsfólkinu, og varð hún svo uppdregin og með krossköðlum stöðvuð; var hún þá full af smágrjóti nær hún náðist og var margborað blý látið og neglt undir hennar neðri hluta, svo alt komst í gott lag aftur. Aðmíráll lofaði mjer nýjum klæðnaði, hvern eg fjekk þó ekki, nje nokkuð fjemætt úr hans hendi, utan jafnan ljúflegt tiltal hvar hann sá mig og hitti.

Um sunnadagsmorguninn sáum vjer Hjaltland, og hafði oss rekið 80 vikur sjávar, og ei vissum vjer hvað um hið annað skipfólk leið, hvort þeir voru lífs eður ei. En svo var fyrir þeim langt komið, að hver þeirra hafði gefið sig frá þessari veröldu og öldungis til Guðs og stór heit gjört, og hver þeirra til fátækra offrað peningum, þeir eð innlögðust í börs, sem fátækrapeningar plöguðust inn að leggjast og siðvenja er á hverju kóngsskipi, að hver gefur þar í hvern sunnudag sem góðvild og geðsmuni þar til hefur og svo mikið, sem sjálfan lystir. Með sama hætti skeði innan skipsborða hjá oss. Á sunnudaginn snerist vindur til norðvesturs og lagðist þá góður byr í bæði skaut, en stór háski var í slíkum sjó í móti rjett að halda á meðan hann lægðist ekki; og liðu 4 dagar fyr en Noregur náðist, náðum vjer þar landi er Fleckefjörður heitir, og var meir en helmingur vors fólks sjúkt og kvillað af skyrbjúg og margslags tilviljan annara; af 16 byssuskyttum voru engir á felli, utan fjórir menn, sem var arkelímeistarinn Niels Damsgarður, Jóhann Jern, Jacob Nielsson og eg, hvað þó var eftir hrumara hætti, því vjer gátum varla hrært oss fyrir skyrbjúgsbólgu og hafði eg flestar tennur lausar í höfði sem fleiri, og brúkaði eg hveitisalt og tóbaksösku og margir síðan eftir mjer; gnýði eg fyrst með hveitisalti alt tannholdið, svo mikið blóð af rann, og síðan með tóbaksösku, hvað hart er að líða.

Í greindri höfn lágum vjer 4 eða 5 daga. Og fyrst nær vjer þar komum gjörðum við staðföst ráð okkar á milli, bartskerinn og eg, á næsta morgni að kreika og reisa eitt-

hvað langt, þar til við bygðir einhversstaðar uppi hefðum, hvar með við og einnin hugðum okkur lækninga leita, ef verða mætti nær limir þreyttust og ef svitna kynnum, hvað og skeði. Og nær um miðdagstíð komum vjer úr einum dal, sá eð lá undir lítilli fjallshlíð, og var allur fögrum grösum og blómstrum vaxinn, að einum bóndagarði. Þar brann eldur miðdagsfæðslu í eldaskála. Ein stúlka leit okkur í fyrstu og varð frábærlega hrædd, svo hún kollhljóp sig, og sagði bónda hvað um væri. Senn kom hann að hitta okkur með spjót í hendi, því hann vissi ei hverjir voru. En sem hann það spurði tók hann okkur í besta máta með öli og fæðslu, mjólk og ferskum fiski; brauð gáfum við aftur og tvo klúta. Hann spurði okkur margs og við hann svo aftur, svo að vort samtal til kvölds varaði, og skildum við hann með góðum kærleika að entri fylgd. Vorum við þá nótt á ferð og komum til vors skips árla morguns og hugðu menn okkur liðna vera.

Að liðnum 5 dögum hjeldum við þaðan og heimleiðis með góðu byrleiði. Einn dag í góðum byr bar svo við, að einn af þeim Buskai, sem jafnan var glettinn og gangmikill við vort fólk, sem ei síst skeði af hatursrót hans og annara pápiskra til þeirra lúthersku, og að mjer óvitandi lagði fót fyrir fætur mjer til mikils falls. Og nær eg aftur með skyndi upp spratt greip eg hann í reiði og setti hann ofan í einn stóran vatnsketil, og gaf eg honum svo tvær eyrnafikjur öllum viðstöddum ásjáandi og skildist eg svo við hann. Senn hljóp hann svo orðinn upp fyrir aðmirál og forklagaði mig. Var eg og þangað jafnskjótt kallaður og aðspurður harðlega hvað þar um sannast væri, hvers eg ei synjaðist. Aðmiráll sagðist meina mjer þann artíkula kunnugan, að enginn þá menn að saklausu til vonds áhræra skyldi, hverju eg ei neitaði.[1]) Varð hann þar við mjög bystur og bað mig strax í fangelsi setja. Eg leiddi mitt mál svo í ljós með öllum vexti fyrir honum, að öllu fólkinu samankomnu,

[1]) Samkvæmt „skipsartíkulunum“ átti að kjöldraga þrisvar hvern þann, er annan lysti pústur eður hnefahögg innan skipsborða. RC.

hvar um allir mjer vitni báru að eg satt fram bæri. Síðan snerist alt hans klögumál honum á hendur til falls og óbata, þó án straffs, en samt fjekk hann áminning en eg þökk og virðing, og gjörðist kært síðan okkar á milli.

Síðan komum vjer með lukku og blessan heim í Kaupinhafn; höfðum vjer þá úti verið í 17 vikur, og mist 15 menn; var hitt skipið þá fyrir nokkrum tíma heimkomið. Um haustið eftir fór eg með fleirum öðrum til Krónborgar, þar að þjóna, og fyr er umgetið.

XXV KAP.

Og nær eg þar kom um hausttíma varð mjer skipuð vakt í kóngsins skipaflota um veturinn eftir, á hverjum mjer kom raun til handa af sjerlegu tilfelli, er svo skeði, að nær þeir 4 dánumenn hjeðan frá Íslandi út til Danmerkur fóru, sem var Jón Magnússon, Henrik Gíslason, Þorsteinn Magnússon og Daði Jónsson,[1]) bar svo við, að eg varð af þeim blíðlega beðinn og tilkvaddur hjá mínum yfirmanni Adolph Friderich Grabov lítillátlega umgangast, að hann ljeti þá vita, (en þó í hljóði) nær kóngl. Maj. væri einn upp á Kaupinhafnar sloti, svo þeir mætti því heldur við kóng í góðu tómi um þessa lands gagn í leyndum ræða, svo reiðararnir þar ei af vissu, og hjetu honum góðvild ígjen; hverju

---

[1]) Um þessa nafntoguðu sendiför sjá Espólíns Árb. VI. 8. sq. Fjórir Íslendingar fóru til að kvarta yfir einokunartaxtanum, þeir Jón Magnússon eldri, sýslumaður á Reykhólum (sjá B. Ben. Sýsl. II, 652—658), Hinrik Gíslason, sýslumaður í Kjósarsýslu og síðar í Borgarfjarðarsýslu sjá B. B. Sýslum. III, 435—439, Daði Árnason Oddsonar (ekki Daði Jónsson eins og Jón Ind. segir), sbr. B. Ben. II, 649, hann dó í Khöfn þann vetur, og loks hinn ágæti fræðimaður Þorsteinn Magnússon sýslumaður Skaftfellinga og klausturhaldari í Þykkvabæjarklaustri † 1656, lögfróðasti Íslendingur á sínum tíma. Eins og kunnugt er varð árangurinn enginn.

hann í fyrstu þunglega gegndi, kvað mig færa sjer vandræði á hendur og líf sitt við liggja, ef þeir fengi það að vita, og sagðist það að mjer eiga ef öðruvísi en vel tilgengi. Um síðir gjörði hann lofan hjer um, þó hann vissi sjer það ei vel tilstanda að gjöra nein samtök við framandi í gegn sinni landsþjóð, en afneitaði þar annað með að hafa en nú var nefnt, og bað að þeir í sama herbergi ljeti sig finna strax boð kæmi. En með því þeim var þungbært þar lengi sitt lossamenti hafa er þeir voru fyrst inn lagðir, sakir kosts og öls dýrleika, sem var í þeim gamla hofmeistaragarði við ströndina, og hver máltíð gilti hálfan rixdal, þar fyrir leituðu þeir við sjer annað herbergi að umgangast, hvað og skeði. En sem þeim frá Grabov boð komu til þessa herbergis, þá voru þeir þaðan í burt fluttir í hin önnur, sem junkursins þjenari ei af vissi; kom hann því svo búinn til síns herra, hvar af hann gramdist, og fjekk hatur til mín, og hugsaði þess á mjer að hefna nær sem eg í nokkru brotlegur fyndist, því hann reiknaði sig af mjer gabbaðan vera.

Nú bar svo við einn sunnudag að eg fylgdi einum brúðguma til kirkju og frá og var litla stund dags með öðrum góðum mönnum við hans veiting, af því um kvöldið mjer bar vakt fyrir annan að hafa í kóngsins skipaflota, og vogaði eg því ei lengur að dvelja. Þessvegna gekk eg strax til míns lossamentis, hvert eð var hjá einni frómri ekkju, Birgitta að nafni, og með því norðaustanvindur bljes hart í þann tíma, svo ei heyrðist nær stundaklukkan sló, gekk eg því heldur fyr en hæfði upp að Hólmsins portum, hvar jafnan herskipavaktin samansafnaðist. Og nær sem klukkan sló 4 slög upphóf þeirra vaktmeistari í gegnum þessi port með vaktina að fara uppá Bremerhólm og út á ísinn, hvar hann gaf þeim sitt lausnarorð og þar við þá skildist. Nú bar svo við að eg fann þá frómu menn fyr en eg gekk til portsins sem vaktin skyldi viðmætast, og lofuðu þangað koma fyr en vaktin uppþrekt yrði, því aðmírállinn yfir Bremerhólmi hefði leyft sjer þangað, og fengu mjer einn pilt, sem

var Hákon Þorsteinsson,[1]) er í þann tíma var með föður sínum Þorsteini Magnússyni, sem í þann tíma hjelt Þykkvabæjarklaustur, og bað hann mig að láta hann með mjer þangað fylgjast og þeirra hjá mjer bíða, hvað og skeði, að pilturinn með mjer fylgdist, en þeir fyrir nokkra hindran komu ei þangað í það sinn. Nú sem hann og eg komum að þessum nefndum portum voru þar í þann tíma engir af vaktinni komnir. Þá segir Pjetur Róð, sá eð var fyrirliði þeirra þriggja manna, er þar daglega höfðu dagvakt, og settir voru til glöggrar athugunar, að ekkert af Hólminum ólöglega í burt færðist þar í gegnum, að eg komi of snemma. Eg kvaðst til klukkunnar ei heyrt hafa. Skömmu síðar komu tveir af vaktinni, Jóhann Járn og Jacob Nýkauping, og með því veðrið bljes bæði hart og kalt lokkuðu þeir mig upp í eitt skipherrahús, sem nálægt var portinu, og ei lengra frá en sem eitt örskot, og skyldum vjer þar staðar nema og gust af oss taka þangað til tíminn kæmi, hvar til mig stórum áhvatti Hákon, og ei síst fyrir hans ósk eg ljet mjer þar til koma. Þar báðu þeir skipherrakonuna að láta heita oss einn pott öls til hita. En á meðan það yfirstóð var vaktin burt farin, því vjer sakir storms fengum ei heyrt til bumbunnar, sem eg þó ljet þessa tvo menn til skiftis þar upp á vakta. Og nær eg það heyrði, hleyp eg með þeim af stað, en það þeir urðu litlu einu fljótari en eg olli því pilturinn, er mjer hjelt og vildi ei við mig skilja, því hann var í þann tíma bæði ungur og ókunnugur. Og nær vjer komum að portunum stóð vor prófoss þar með vorar byssur í hendi sjer, og án alls mótmælis fjekk hann þeim sínar byssur, svo þeir án viðtafar í burtu hlupu, og náðu þeir vaktinni fyr en vaktmeistarinn við þá skildi, en eg stóð í fári við prófoss, og vildi hafa án allrar vægðar mig upp til týhúss, í fjötur og fangelsi þar inn setja, með því honum fyrir nokkrum tíma liðnum var þar um af Grabov ströng regla út gefin og heimuglega bent, að í hvert

[1]) Hann varð síðar klausturhaldari í Þykkvabæ eftir föður sinn. Espól. VII, 26.

sinn sem svo til falla kynni það eg mig í miklu eða litlu forsæi, þá skyldi hann mig gripa, og slíka aðferð hafa, sem nú var nefnt, til hvers haturs engin orsök önnur finnast kunni en sem sagt er.

Fáum dögum fyr en þetta viðbar mætti eg Adolph Grabov á einu stræti, og vildi þá ei taka mínu ávarpi, hvað aldrei fyr hafði viðborið, og kvaðst skyldi fá mjer annað að starfa en samfylgi með Íslenskum að hafa eður með þeim öðrum dár að gjöra. Hans þjenari Baltzar Lynbeck, sem eftir honum gekk, bað mig vakta mig fyrir junkur í hljóðmælum. Þangað til hafði eg aldrei hans móðyrðum mætt, því hann hjelt mig ei þann sísta, sem undir kóngl. regimenti var mjer samjafnt þjónandi, einkum af yngismönnum, og sendi mig oft með sín heimugleg erindi, bæði upp á Kaupinhafnar slot til slotsherrans og hans frúr og víðar annarsstaðar.

Nú sem prófoss stóð fast á því að vilja ei slippa minni byssu og ei var neinn kostur annar á ferðum fyrir nokkur mín auðmýktarorð eða mútur, þá svarar Pjetur Róð prófossinum: »Því breytir þú svo illa við þennan mann og vilt svo skinbarlega koma honum í ólukku og dauða?“ Hann gramdist mjög hans orðum og bauð honum að þegja. Síðan tekur hann mína byssu og setur fyrir brjóst mjer svo harðmannlega, að eg hrökk í múrinn og hrófnaði á kinninni, svo nær eg leit þar af dreyrði varð eg reiður mjög, og greip til minnar verju, en þó hóflega, svo af balínu útrann nærri því handarbreidd. Þar hjelt hann eg hefði dregið hana til sín, hvað þó er líflaust verk fyrir þeim eð gjörir, því hann ber kóngs regimenti[1]) við síðuna, og hver sem honum misþyrmir þess sök og sekt rís svo hátt sem við kóng hefði gjört verið; en minn ásetningur var ekki sá sverð til hans að draga, heldur sagði eg svo, ef hann bæri ei kónglegt regimenti við sína síðu og við værum ekki á því plássi sem við vorum, þá skyldi hann mig ekki forgefins slegið hafa.

---

[1]) „Regimentið“ var skrautbúinn sproti um hálfa aðra alin á lengd, er prófossinn bar sem embættismerki.

Petta fororð kom mjer síðar til góðs nær eg stóð upp á þeim stranga týhúsrjetti og fyrir skörpu lögmáli. Þá mælti Söfren prófoss: »Nú skaltu fylgja mjer uppá týhúsið,« og fjekk mjer kóngsins regimenti í hönd, svo sem plagaðist eftir venjunni, og enginn má neita við sinn háls, og gjörði eg reverentíu fyrir því, hvað mig ogsvo til góðs vegar leiddi. En Hákon varð af mjer slitinn, og bað eg Pjetur Róð um hann trúlega, að koma honum til síns föðurs, hvað hann og dygðarlega gjörði.

Svo gekk eg með prófoss upp til týhússins, þar sem vaktin var samankomin, og einn af týhússins yfirvöldum var og uppgenginn, Pjetur Falk[1]) að nafni, minn góður vin. Og nær sem hann mig leit og vaktmennirnir hnykti þeim við og aumkuðu mig hjartanlega, með því prófoss gjörði svo mikið af minni misgjörð, fyrst kvað hann mig drukkinn uppá vaktina komið hafa, þar næst vaktina forsómað, í þriðja lagi sverð til sín dregið.[2]) Eg aftur á móti lýsti hans ákæru til mín ranga í öllum þessum þremur punktum, sem var fyrst að eg væri drukkinn, og öllum leitst ósatt vera; þar til lýsti eg ofriki honum á hendur, sem mig hefði hindrað mína vakt að halda, og eg skaut mínu máli til aðmiráls álita og Hólmsins laga rjettar; og í þriðja lagi sýndi eg honum að eg bæri sverð við síðu, en ei til hans dregið hefði. Síðan lagði hann hendur á mig í týhúsgarðinum og bauð mjer að fylgja sjer í Brockenhús, sem allir fangar voru fyrst innsettir og í járnum læstir. Eg sleit mig úr hans höndum, og kvað eg ei fyrir hans harðýðgi það gjöra heldur fyrir minn eigin vilja ef mjer svo litist. Hann bauð þá vaktinni allri að grípa mig, hverjum eg fyrirbauð hendur á mig að leggja. Pjetur Falk gekk til mín blíðlega, og mig sjer í fang tók og bað mig fyrir sína skuld til friðs að vera og mig til fanga taka láta, lofaði hann mjer aftur sínu liðsyrði, hvað hann og vel enti.

Sat eg og svo í Brockenhúsi frá sunnudagsaftni til þriðjudags, þvínær til hádegis, þvert á móti kóngl. Maj:s

---

[1]) Um hann sjá ath. RC. og Blom, Chr. IV's Art., bls. 23.

[2]) Við þessu öllu lá dauðahegning.

artíkulum, því prófoss ber tvisvar á hverju dægri sjerhvers fanga að vitja. Og nær hann kemur fylgist með honum minn sjerdeilis góður vinur Sr Þorlákur Þorkelsson sá eð var sonur Þorkels Gamlasonar, Hólastiftis ráðsmanns, og mín húsmóðir. Þau báru mjer vín og fæðslu margskonar, hvert eg hafði þó varla lyst að meðtaka. Grjetu þau bæði yfir mjer og mínum raunum sárlega, hvers eg bað þau hafna, því eg treysti Drotni og huggaðist við meinlítið málefni, hvernin sem ganga kynni. Eg gjörði prófoss stórar ávítur fyrir vanvaktan sinnar kallanar og embættis er sig svo mjög haturlega auglýst hafði, á vanrækt við mig kóngsins fanga, hvern hann hafði þó ranglega inn sett. Hann kveðst mjer skyldi drjúgur verða, hvartil eg honum andsvaraði að eg setti beggja okkar mál í Guðs hendur. Þau bæði gengu í burt grátandi með prófoss.

Nærri miðmunda var eg kallaður í skrifstofuna þar sem yfirvöldin voru til samans komin, og þar skyldi okkar mál í fyrsta sinn til greina og álita koma. Og nær eg var þar innkallaður sátu þar 5 týhússins yfirvöld, sem var Adolph Friderich Grabov, týmeistarinn Christofor Sveink, Pjetur Falk, Henrik Butzmand og Hans Búss[1]) og 12 arkelímeistarar. Prófossinn stóð og eg. Grabov spyr hann, hvort hann standi staðfastur við sitt klögumál yfir mjer sem áður er nefnt — hinn kvað það satt vera — og hvort hann þar til hafi vísa votta, hverju hann og játaði. Eg bað það eg mætti vita hverjar þær sakir helst væri, en hann framtaldi skjótlega, hverju eg neitaði. En Grabov tók sinn hatt af og kvaðst hann ei fyrir mitt líf vilja gefa ef svo reyndist sem prófoss segði. Eg kvað það langt um meir kostað hefði. Engum stökk orð utan þessum tveimur, en margir feldu tár fyrir mig. Grabov bauð prófoss að

[1]) Um alla þessa menn er getið í Blom, Chr. IV's Art. 23—27; merkastur þeirra er Christoffer Schwenke (Svenke), sem var mesti dugnaðarmaður, barðist af mikilli hreysti við Lutter am Barenberg og fjekk þar stór sár. Hans Búss (Bútz) segir Blom að hafi fallið í Kalmarstríðinu, en annaðhvort er það rangt, eða þetta er annar maður með sama nafni. Sjá líka ath. RC. og ritin er þar eru nefnd.

taka nokkra af vaktinni með sjer og fylgja mjer upp á slotið, og þar mig inn í fangelsi setja sem kóngsins líffangarar plöguðust að innsetjast. Eg bað þá gjöra svo mikið sem gæti, en lengra kynnu þeir ei komast en Guð leyfa vildi.

Síðan gekk eg út grátandi með prófoss og fjórum af vaktinni. Gekk eg upp á Kaupinhafnarslot, en turnvaktarinn hjet Niels og var mjer kunnugur mjög, og með stórri nauðgan og grátandi tárum ljet mig ofan síga í Bláturn í mjóum línstreng. Var þar svo til háttað niðri að þar var eitt fjalagólf eða sem einn mikill pallur, en umkring fordjúp ræsi, sem ofan liggja í vatnsgröf þá, sem slotið umhverfis liggur, í hverja liggja allar rennur af slotinu. En þessi Bláturn er skaptur sem eitt egg innan, svo öllum mönnum er ómögulegt með náttúrlegum hætti eður manns krafti á burt þaðan að komast, en þó 3 menn hafi þaðan sloppið, hvað skeð hafði fyrir djöfulleg meðöl. Þar inni sat eg án járna eður fjötra aldeilis í fullan mánuð. Og enn þó kóngur kæmi tvisvar upp á slotið í þeim mánuði Martii, þá var hann leyndur að eg í Bláturn innsettur væri, alleina þessvegna að eg kónginum óvitandi skyldi, fyrir hans hatursemi til mín, frá lífinu dæmast. En þá fyrstu nótt, er eg þar inn settist, dreymdi mig þvílíkan draum sem eftirfylgir, að mjer þótti þessi Adolph Friderich Grabov sitja upp á einum pallbita með dregið sverð, og til höggs reitt vera mjer á háls, en eg þóttist á hinni fremri pallslánni standa með beru höfði og bljúgu hjartalagi, en þó með góðri samvisku og von til Guðs náðar, góðgirndar og miskunar um mína velferð og sáluhjálp fyrir Jesúm Christum. En nær mjer þótti hann sjer til höggs herða svo að öldungis gilda skyldi sá eg svo sem einn barnungan prestsmann, skrýddan síðum messuslopp mjög hreinum og hvítum, og halda á fögru leiftrandi sverði í sinni hægri hendi, og það hastarlega til höggs reiða að hans höfði, en sinni vinstri greip í hægri handlegg Grabov, sem hann hjelt sverðinu með hendinni, og fyrirbjóða honum mig að slá með sverðinu, en ef ei svo vildi skyldi hann síns sverðs skarpleika mæta verða. Lengi var fyr en mjer þótti hann vilja afláta, en þó kom svo um

síðir að mjer þótti hann verða sverðinu í slíðrir stinga. Síðan eftir hans skikkan þóttist eg glaður uppstanda og í þeirri gladværð vaknaði eg skyndilega. Þar fyrir allan þann tíma, er eg sat í Bláturn inniluktur, var eg jafnan þar eftir með góðum huga og geði.

Á hverjum degi þessa mánaðartíma gengu daglega til mín upp á slotið þeir 3 frómu heiðursmenn, Jón Magnússon, Henrik Gíslason og Þorsteinn Magnússon, sem eg fyr nefnt hefi, mjer til huggunar, og með mjer jafnan samhörmuðu. En af því þeir fundu mig í hvert sinn heldur með gleði en fáleik nokkrum, hvaryfir þeir sig næsta mjög forundruðu, eyddist og þverraði mjög þeirra hrygð, er þeir fyrir mig þunglega báru, og daglega ljetu peninga á víxl í millum strengsþáttanna, hvar eð knýttur var í það stampkorn er daglega til mín ofan seig með könnur og diska, er mín matmóðir daglega mjer þangað færði fulla matar og öls, og fleira fólk í borginni, sem mjer góðs árnuðu og untu, því eg fyrir sjerdeilis Guðs náð var heldur vel kyntur en hitt hjá mörgu góðu fólki innan borgar og utan; einnin ljós og annað fleira sem mig um nauðsynjaði; þar með og líka var mjer sent frá slotsherranum Keye Rantzov[1]) með hverjum tveim dægrum einn saltfiskur, brauðhnoða, bjórkanna og eitt stórt ljós, eftir skyldu við fangaða menn og gamallri laganna venju og tilskikkan. Hvorki var þar á nóttu nje degi myrkt. Eg ljet hverja nótt 5 ljós brenna í senn, en á daginn eitt, og aldrei var eg þar mannlaus utan eina nótt. Voru þar margir innsettir fyrir litlar sakir, bæði þeirra, sem voru þar innanlands og komnir voru bæði úr Jótlandi og Noregi og öðrum smærri umliggjandi löndum og hjeröðum. Einn maður, Jurgin að nafni, kominn úr Jótlandi, sá eð þjónað hafði lengstum herrafólki og nú var kominn í óvild síns herra, hann sat fulla viku í Bláturni, og hann gjörði mjer fulla skemtun með mörgum frásögum hvað í Jótlandi hafði merkilegast tilborið í bland eðla og óeðla karlmanna

[1]) Cai Rantzau af Rantzausholm (1591—1623). Um hann sjá Biogr. Lex.

og kvenna. Þessi kom uppá Bremerhólm í það fjölmenna og stóra fangelsi, sem fyr er umgetið, og var ályktað eftir vexti hans máls í 3 ár þar inniluktur vera skyldi, með því hans mál ekki framar með nýjum glæpum ykist, annars skyldi hans mál aftur að nýju trakterast, svo sem og hinna annara og eftir upphæð ályktast til lengri tíma. En vaktarinn var mjer svo elskulegur og eftirlátur og bað mig kveðja sig til í hvern stað eg hann senda vildi, og hjet mjer gjarnan það framkvæmast skyldi, er eg vildi umganga og útrjetta láta.

XXVI. KAP.

Á það er nú að minnast hvað þeir frómu menn aðhöfðust nær þeir heyrðu hvað gilda skyldi, að þeir einn dag gengu til borgmeistaranna og yppurstu manna innanborgar og fengu þá til að ganga upp á týhúsið og gjöra alvarlega bæn fyrir mjer hjá yfirvöldum týhússins, og ef þeir fengi því ei orkað þeirra á meðal að eg laus yrði, kváðust þeir vilja mjer frelsi og lausn fá og útvega innan skamms hjá kónglegri tign. En er Grabov það heyrði og leit þá hina yppurstu í ráðast, sló hann uppá annan hátt efni sinnar meiningar, og sagði ei svo hart gilda skyldi, það væri gjört öðrum til viðvörunar og mína djörfung þar með að lægja, og leiddi þá af með góðyrðum og mildri ræðu svo ei skyldi fyrir kóng koma. Síðan gengu þeir heim í sín hús með gleði treystandi hans góðmælum.

Að mánuði liðnum gengu þessir þrír frómu heiðursmenn upp á slotið til mín eftir venju einn kvöldtíma að kunngjöra mjer hvað þeir heyrt hefðu að á morgni næstum skyldi upp á týhúsinu þing setjast og rjettargangur haldast um mitt málefni, biðjandi Guð með grátandi tárum að gefa mjer sigur og blessan, og að gjöra míns máls góða endalyktan

og kváðust mín vitja skyldu að morgni, ef Guð náð til gæfi og skildust svo við mig í það sinn. Nú hafði svo til fallið, að einn bóndi af nálægstu landsbygð, sem lá undir slotið, að nafni Lauritz var í Bláturn innsettur fyrir litla ávirðing, sem var þesshátt að honum skikkaðist á þriðjudag til slotsins nauðsynja eitt viðarhlass þangað að færa, en forsómaði og miðvikudaginn næstan eftir kom og var innsettur. Og með því þessi maður hafði áður sagt mjer sína drauma spurði eg hann um morguninn hvað hann ætlaði um mína þessa dags velgengni, hvort hann hygði mig dæmast til lausnar eða lífláts, eða hvort eg mundi í Bláturn inn aftur settur verða. Maðurinn andsvaraði og sagði, að víst kæmi eg í Bláturn aftur, en ei lífljetist, heldur væri mjer lengra líf ætlað af Guði, því sig hefði dreymt um nóttina, að honum þótti eg standa í einum húsdyrum í borginni en hann ganga um strætið og eg kalla á hann og bjóða honum til mín og til góða gjöra, hvað og sannlega svo skeði.

Að morgni snemma nær klukkan var sex komu þessir 3 dánumenn upp í turninn og fjórir kaupmenn með þeim, sem var Hans Holst og Boye Lauritzson, kaupmenn[1]) hjeðan úr höfnum, item kaupmaðurinn af Akureyri, Hans Thorkelsson og kaupmaðurinn af Hofsós, Jost Losekyl, frómur og gamall og guðhræddur maður, og einnin mín matmóðir Birgitta Lauritzdóttir, sú eð bar mjer hrein klæði og fæðslu og flösku víns, hverju eg hafnaði að mestu. Þessir frómu menn aumkuðust yfir mjer stórlega, en eg bað þá ei hryggjast, því eg treysti Guði, hvað sem hann ljeti mjer tilfalla líf eður dauða, og þar með vissi eg mitt málefni vera ekki í slæmasta máta fyrir mannlegu áliti, en fyrir mínum Guði vissi eg mig margsekan vera, treystandi þó fullkomlega hans ilmandi náð í míns Jesú trúfasta endurlausnara lífkröftuga nafni, hvar fyrir eg gekk frímóðugur undir Guðs vilja og hvað sem uppá fjelli, og til þessa bað eg þá mína vitnismenn vera hingað til minna náunga.

---

[1]) þeirra Hans Holst, Joost Lossekull og Hans Therkelsen finst getið víða í Kjøbenhavns Diplomatarium. Sjá registrið þar.

Skömmu síðar kom prófoss með fjóra menn vopnaða af vaktinni frá týhússportinu, er þar daga og nætur varðhald höfðu, að sækja mig; svo fylgdust þessir þrír dánumenn, og þeir fjórir kaupmenn með uppá týhúsið, er fyrir bón höfðu orðlof fengið þangað að ganga uppá rjettarganginn að sjá og heyra. Og nær vjer komum að portinu tóku mínir sambræður fagnandi við mjer, en þó grátlega margur mig aumkaði, og leiddu mig í það vakthús, er við portið stóð innanvert í garðinum, í hverju vaktin hafði sitt venjulegt athvarf og umgengni. Þar inni brann kolaeldur í einni járnpönnu mjög víðri gamallri og þar til gjörðri, og þar við kolaglæður vermdi eg mig, þangað til prófoss sókti mig og hafði mig inn fyrir rjettinn.

Fyrst sátu þar innan vjebanda þau 5 yfirvöld, sem drotnuðu yfir kóngsins hertýgjahúsi og öllum byssuskyttum, sem þjónuðu undir því stranga kóngl. Maj:ts regimenti sem var 3½ hundrað fólks og fyr hefur nefnt verið. Af þessum 5 var Grabov ein aðalpersóna, þarnæst Christofor Sveink, týmeistarinn, síðan nokkuð minniháttar yfirvöld, Pjetur Falk, Henrich Hansson og Hans Búss. Sá eiginlegi týhússkrifari hjet Gottfred,[1]) ungur vænn og dægilegur maður. Þessi elskaði mig mjög, og vildi þennan dag ekki upp á týhúsið ganga, en kveðst sjúkdóm fengið hafa um nóttina fyrir; þetta skildi Grabov og kvað uppgerða sótt vera og lofaði að minnast skyldi, og úr því greri aldrei um heilt með þeim, þar til Gottfred fjekk vinsamlegt burtfararleyfi aldeilis. Nú bar svo við, að einn af byssuskyttunum að nafni Hans Mattheusson Lundur var tekinn í hans stað á þessum degi til skrifara. Þessi var og minn góður vinur, og í þau tvö ár, er eg var uppá Krónborg minn stallbróðir, og tilforna verið munsturskrifari og þjónað herrafólki. Þessum var skikkað af Grabov að uppskrifa allan málsvöxtinn okkar prófossins á millum og mín frá fyrsta til síðasta. Þessum þremur dánumönnum og fjórum kaup-

[1]) Gottfred Mikkelsen týhússkrifari 1618 til hjerumbil 1626. Um hann sjá Lind, bls 349.

mönnum var pláss tilskikkað að standa utan vjebanda og fólksins samansafnanar.

Og nær eg stje inn fyrir vjeböndin þá bað alt fólkið er í kring stóð með hárri raust að Guð vildi styrkja mig og góðan framgang veita minu máli. Síðan varð skrifaranum bífalað að upplesa hvað hann hafði eftir prófossins fyrirsögn uppteiknað. Og nær hann svo las meðkendi eg ósannindi í mörgu fram koma, og fyrirbauð eg honum neitt ósatt uppá mig að skrifa. Hann afsakaði sig stórlega og bað mig sjer til góða að virða, þó hann yrði svo að skrifa sem sjer væri fyrirsagt. Grabov bað mig ei þar um sýsla, því hann kvaðst vita að prófoss mundi sönn rök færa og finna uppá sinn framburð og kærumál yfir mjer, hvar til hann skikkaði honum sín vitni að leiða og sinn framburð þar með kröftugri gjöra, hvað og skeði, að tveir menn af þeim fjórum, sem stóðu í Hólmsportinu daglega vakt og fyr var nefnt, hverra formann að hjet Pjetur Róð, einn frómur mann, sá eð kallaðist inn fyrir rjettinn, og annar að nafni Christofor skraddari. Þessir voru yfirstaddir okkar prófossins viðureign. Þessum tveimur var til eiðs haldið, með svo feldu inntaki, að þeir skyldu það eitt í dag um okkar viðureign bera, sem þeir sannast vissi og þeir vildu bíkendir verða fyrir Guði og mönnum, og til ályktunar sverja þeir bókareið. Síðan greindi Pjetur Róð og hinn annar hið rjettasta frá fyrsta til síðsta hvað við portin hafði við borið, svo að þessi þeirra vitnisburður var prófossins framburði gagnstæður.

Þar gjörðist mikill larmur í týhúsinu, því alt fólkið upphóf að lofa Guð fyrir mitt betra málefni en prófoss með minnilegri áklögun og haturlegum áaustri. Mínir frómu landsmenn þrír og þeir fjórir kaupmenn glöddust og hjervið hjartanlega. Síðan bað Grabov að gefa hljóð allan lýðinn; varð það lengi fyr en hljótt varð yfiralt. Óvart kom honum það að prófoss framburður mundi bregðast, en með því að svo skeði upphugsar hann ráð með hverju hann skuli kollkasta mjer. Og nær hljóð gafst útheimti hann 12 manna dóm af 6 arkelímeisturum, sem og kallast constabel, og 6

ársknektum eður landsknektum, þeir 6 menn þjónuðu uppá Kaupinhafnar sloti og hjeldu daglega vakt og á nætur bæði á slotsportinu og á slotsplássinu. Þessir tólf voru fyrst útkallaðir til þessa máls skoðunar og í dómssæti settir fullkomlegan dóm að uppsegja eftir artíkulanna hljóðan og á hvern veg sem málið rekjast kynni.

Þá stóð junkur Grabov upp af sínu sæti og kvaðst dóms krefjast yfir þeim mönnum, sem drukknir kæmi uppá sína vakt og hana þarmeð forsómuðu. Þá svaraði eg, að mjer hefði ei slíkt enn nú á hendur borist með sanngjarnlegu prófi, en eg lýsti undir heyrn allra þarverandi mig frá vaktinni með valdi og ofríki í það sinn hindraðan vera af prófossins eiginlegri hatursemi og þeirra annara, sem hann þar til styrkt og uppæst hefði, hverja Guð best sjálfur þekki. Þessi mín grátleg orð ljet Grabov sjer mislíka og bað mig munni halda. Týmeistarinn Christofor Sveink talaði ekki eitt einasta orð, heldur setti hönd við kinn sjer og bljes þungum anda.

Síðan gengu nefndir tólf menn utan vjebanda að forhöndla og traktera undir dóms aðkvæði þvílíkt málefni, er Grabov dóms á beiddist, og að því svo hugleiddu eftir artíkulanna hljóðan gengu þeir aftur innan vjebanda, og einn sá fyrir þeim var hjet Andrjes Holst, einn gamall maður, sá eð var hinn þrettándi þeirra tólf dómsmanna, þessi ljet í ljósi hvað þeim hefði ásamt komið eftir artíkulanna útvísan og forlagi junkursins Grabov, eftir hverju dómsatkvæði hann næsta langaði, sem var þesshátt, að þeir hefðu dæmt höfuð frá hálsi.

Allir menn í einu hljóði kváðu slíkt strangan úrskurð vera. Grabov ljet sem sjer stórum ægði, en þó af fláttskap meir en frómu geði. Í þetta sinn var mikill larmur í týhúsinu. Einn minn besti vin að nafni Jóhann Christiansson skaut til einu orði nær Grabov ljetst af klókskap spyrja að minni sakargift og svarað varð eg hefði drukkinn uppá vaktina komið og vaktina forsómað, því lagði Jóhann þetta til segjandi: »Og hann kom ekki að fylgja trumbunni í gegnum portin.« — Þá leit eg til hans og sagði:

»Nú brast ekki nema þitt tillag.« — Strax gekk hann burt og vildi gjarnan ei talað hafa, og þess oftlega síðan iðraðist og kvaðst óhugsað mælt hafa.

Nú sem málsklið fólksins sefaði svaraði eg þeim, sem dómsatkvæðið uppsagði að þeir skyldu sinn dóm hljóta að ábyrgjast og fyrir Guði reikningsskap afstanda verða. Grabov kvað mig þar litlu um varða. Þá svaraði sá frómi heiðursmann (góðrar minningar) Jón Magnússon og kvað sjer þætti þessi dómur harðla strangur vera, með því mjer hefði ekki borist sannar sakir á hendur, og sagðist hafa lesið garðsrjett og keisaralegan rjett, þarmeð dönsk og íslensk lög, og kvaðst ei betur vita en eg fullan rjett ætti að þeim sem mig röngu máli borið hefði, og á röngum framburði væri fallinn, og með svörnum vitnum þar úti augljós orðinn. Þá uppstóð Grabov með miklum móð og reiði við Jón Magnússon, og sagðist til þess eins hafa leyft honum og hans fylgjurum að ganga upp á týhúsrjettinn að styrkja lögmálið og hugleiða kóngl. mandater, artíkula og skikkanir, en ekki að mótmæla eður tröðkun gjöra. Hjer við blygðaðist Jón og hinir hans meðfylgjendur, sem von var í ókunnugum stað og dýrum, og kváðust ei annað mæla skyldu, en hvað tilheyrilegt og rjettvíst væri og sjer sómdi. Síðan bífalaði Grabov prófossinum Söfren Nibe að taka 4 menn vopnaða af vaktinni og að fylgja mjer uppá slotið aftur og í Bláturn innsetja, því mit mál dæmdist til kóngsins náðar og ónáðar, því þeir sögðust ekki kunna að leggja fullkomlegan dauðaúrskurð á mitt málefni, og ekki því dómsatkvæði samþykkir verða, sem Andrjes hafði fyrir utan þeirra viðurvist yfirvöldunum og öllum þar nærstöddum innan vjebanda upphátt framborið og uppsagt. Þá grjetu margir í týhúsinu og mínir frómu og elskulegu landsmenn með hinum sínum fylgjurum. Týmeistarinn Christofor Sveink talaði ekki eitt orð heldur grjet nær eg var á burt leiddur úr týhúsinu.

Eg gekk með góðri samvisku þaðan og kvaddi svo alla í einni summu með gráti. Og nær eg kom uppá slotið grjet Níels, turnvaktarinn yfir mjer, og bað mig ei sjer misvirða þó hann mig aftur í turninn innsetti. Eg bað hann ei

þarum fást og þakkaði eg honum fyrir kristilegt og bróðurlegt kært viðmót. Svo fann eg Lauritz bónda samt í turninum ófrelstan í það sinn, og kvað sinn draum að nokkru auglýstan vera, hvað eg sannaði, og segi til þyngri og hættari hluta horfa muni, en hann mótstóð þá meining, og kvað hitt sannast mundi án alls efa það eg lausn fengi og lífi hjeldi, og sagðist ætla, að enn meir mundi yfir mig flóa og lengra líf af Guði tilskikkað og fyrirhugað vera.

XXVII. KAP.

Nú bar svo við þremur dögum síðar en þetta greint tilfjell að junkur Grabov ljet samankalla sína áðurnefnda 12 dómsmenn til að undirskrifa sinn dóm og innsigla, og taldi sjer góða von að dauðadómur fullkomlegur mundi skrifaður og innsiglaður verða, hverju þeir 6 ársknektar, er uppá slotinu þjentu, harðlega í gegn stóðu, neitandi því að mig til dauða dæmt hefðu, hvar af jókst kæla og óeining þeirra á milli, því þeir afneituðu með öllu þann dóm að dæma, samþykkja nje undirskrifa, að eg líf forbrotið hefði, og á því stóðu þeir fastlega. Adolph Grabov kvaðst skyldi nefna aðra 6 menn í þeirra stað af týhúsinu þeim til tráss, þeir eð skyldu mig líflausan dæma þó þeir vildu ekki Þeir kváðu honum það innan handar vera fyrir sjer, og gengu með bræði í burt úr skrifstofunni. En nær Adolph formerkti og sá þeirra einþykki, og leit þá óyfirvinnanlega sendi hann boð eftir þeim. Og nær þeir komu gjörðist sú samþykt þeirra á milli, að setjast skyldi alt málið inn fyrir kóng, og hvað hann ályktaði skyldi fullkomlega gilda. Svo hlaut alt prófossins haturlegt aðfylgi og atferð einnin þar jafnframt að innsetjast, þó Grabov því lengi mótstöðu veitti, og með þeim hætti varð dómurinn samsettur, undirskrifaður og sendur kónginum til Friderichs-

borgar, því einkum slotsins ársknektar ljetu sjer ei annað líka en málefnið og röng áklögun prófossins fyrir rjetti og dómi kæmi alt uppritað fyrir kóng.

Einn að nafni Michel af ársknektum, sem bjó í Víngarðsstræti, einn skraddari að handverki, minn góður og gamall kunningi, hvers eg áður hefi getið í þeim stað nær biskup af Bremen í Danmörk innkom, þessi gekk uppá slotið til mín seint um kvöld þess sama dags er þessi þráttan skeði í millum Grabov og hans kompána, og færði mjer þangað flösku af rínsku brennivíni, og sagði þá alla historíu í gegn, og hann gramdist yfir Grabovs harðýðgi, sem og bæði þeir helstu í borginni og mínir stallbræður, er undir regimentinu þjentu, með sjálfum yfirvöldunum týhússins, svo að allir forundruðu sig yfir hans þverlyndi, harðýðgi og hatursemi til mín. Síðan gekk Michel heim til síns herbergis gjörandi bæn og blessan yfir mjer.

Að þremur dögum liðnum snemma morguns kom frá týhúsinu upp í turninn til mín einn frómur maður og minn sjerdeilis góður vin Marteinn Holst að nafni,[1]) sem jafnlega við mig ljek sem móðir við sitt barn. Sá hafði verið hjer þrjá vetur eftirlegumaður fyrir norðan land, og á Eyrarbakka 1 ár. Þessi kvaðst sendur af týhúsinu með dóminn á kóngsfund til Friderichsborgar, og bað hann mig nú að biðjast fyrir til Guðs að sín reisa mætti vel lukkast, hvers eg af hjarta óskaði að ske mætti. Síðan kvaddi hann mig grátandi, steig á vagn, er stóð fyrir slotsportinu, og fór svo til Friderichsborgar.

Kóngur meðtók og yfirleit dóminn, og að öllu svo hugleiddu spyr kóngur að, hver þessi Jón væri, hvort sá eldri eður yngri þetta sje, en Marteinn sagði þann yngri vera. Kóngur mælti að sjer virtist prófossinn hafa meiri sök, og sagði Jón skyldi laus látast, »því ei vaxa,« sagði

---

[1]) Hans er getið í Kbh. Dipl. árið 1620 sem prófoss og öltappara; hann hefur, einsog sjá má á þessari frásögn, ekki veri orðinn prófoss þegar málið var fyrir, en orðið það rjett á eftir, þegar Söfren Nibe var settur af.

kóngur, »höfuð á kálstöngum á meðal vor.« Kóngur kvaðst þekkja mig vel, og eg hefði tvisvar með sjer innan skipsborða verið; þar með væri enginn Íslenskur nú utan eg undir regimentinu. En eitt járn skyldi eg bera til þess hann sjálfur kæmi, en prófoss skyldi afsettur verða.

Síðan tók Marteinn leyfi og kvaddi kóng virðuglega; ferðaðist svo hið greiðasta til Kaupinhafnar. Og næsta morgun eftir snemmindis kom Marteinn upp í Bláturn til mín, hrópandi ofan til mín spyrjandi hvort eg sværi eða vekti. Síðan heilsaði mjer mjúklega. Sagðist eg þá nótt lítið eða ekkert sofið hafa, og spurði hann tíðinda. Hann ljet sem fátt vissi nýtt að segja, utan við ættum nú að skilja, og mjer tilsegðist af kónginum að segja veröldinni góðar nætur. Hjer við tók eg til að hryggjast. En strax sem hann það heyrði umskifti hann orði í munni og kvað sína gamanræðu verið hafa, og girnst að tilreyna hvernin mjer við yrði, og bað mig einkanlega sjer til góða að halda, þó hann af okkar kunningsskap svo gjört hefði; kvaðst nú fagna yfir minni lausn framar en sagt gæti og bað Guð sjer lofaðan gefa, að sjer veitst hefði þá gleðifregn mjer að færa.

Síðan kom prófoss með sína fjóra vopnaða stríðsmenn af varðhaldsmönnum týhússins að sækja mig. Og nær eg kom uppá týhúsið fögnuðu mínir sambræður minni þarkomu. Síðan varð eg í skrifstofuna kallaður, hvar inni sátu öll týhússins yfirvöld og 12 arkelímeistarar, og báðu mig allir velkominn vera, utan Adolph Grabov, hver eð hóf orð á þann veg: »Nú ertu, Jón Ólafsson, aftur hingað kominn með lífi, hvað eg ætlaði síst verða mundi.« — Eg svaraði: »Guð er mönnum meiri.« — Þá svaraði Grabov: »Samt hefir kóngurinn gefið mjer vald til að láta þig bera eitt járn þangað til hann kemur, en ef eg hefði mátt um ráða, skyldir þú hafa komið í það stóra fangelsi á Bremerhólmi, eftir því að þú hjelst lífinu.« — Þá svaraði eg: »Hver er sú mín verðskuldan við yður að eg skuli slíkri heift og hatri mæta? En tíðum hafa þau orð sannast, að sá öðrum gröf græfi án stórsaka hafi sjálfur í slysast.« — Hann spyr hvort eg óski sjer ófara? — Eg segi það ei vera, þó eg

gömlum orðskvið offri, en eitt sje það eg sannast viti og sjái í þessu efni, og eg meini hann muni ei reiðst geta, að eg eigi meir Guðs náð og kóngsins að þakka og eigna í minni lífgjöf, heldur en hans góðum ásetningi, viðleitni og orkan. Þá brosaði týmeistarinn Christofor Sveink. Grabov segir lítt sje minn móður lægður enn að svo gjörðu. — Týmeistarinn kvað svo búið nægja, stóð upp hastarlega og gekk út.

Síðan befalaði Grabov prófossinum að fylgja mjer uppá Hólminn til m[eistara] Andrjes,[1]) sá eð var kóngsins forsmiður, og skikkaði honum að festa um háls mjer einn járnhring á utanverðum klæðum, sem við fleiri gjört var, og uppúr honum við hnakkann var ein þunn járnbugða, í hverri að svo stór klukka hjekk, sem stórhentur maður hendi sjer hylja mátti. Og nær meistari Andrjes þennan boðskap fjekk og eg stóð frammi fyrir honum í hans stofu á Bremerhólmi, — sú var næsta prýðileg og velluktandi — gramdist hann stórlega Grabov og hans hvatskeytlegri orðsending, og kvað hann mætti vera sjer út um annan böðul eður hentugri svein en sig, því hann vildi ei fyrir Grabov til vinna sjer að baka neins manns óþokka að þarflausu. En af því eg óttaðist Grabov mjög og hans heiftarlegt tilræði, því eg vissi ei hver verða kynni, þá bað eg M. Andrjes innilega, að svo mætti ske sem Grabov hafði um mælt, og eg þess heldur með góðu en illu minnast og aldrei þar fyrir á honum nokkra misþykkju hafa, og svo fyrir mína bón ljet hann sig þar til neyða, og gaf mjer góðan vindrykk af sinni krús fyr en eg burtgekk. Líka gjörði hann prófoss fortölur fyrir tilefni okkar viðskifta, og var mjer í mörgu meðmæltur. Síðan gengum vjer þaðan og á veginum að portunum mættum vjer aðmírál yfir Bremerhólmi Steini Vilhjálmssyni,[2]) og sjer hverju skarti

---

[1]) Anders Bentsvinger var yfirsmiður á Hólminum 1591—1625. Sjá um hann Lind, bls. 359.

[2]) Sten Villumsen Rosenvinge, var yfirmaður Hólmsins 1613—1630. Um hann sjá Lind, bls. 73, og Biogr. Lex.

eg er með prýddur og brosar við, ekki yfir minni vansemd, heldur yfir Grabov og hans hatri við mig, og segist merkja Adolphs litla elsku til mín, og segir Grabov skammar maklegan fyrir það, að hann hafi ranglega seilst til sín og inn í sitt embætti, í því að hann hafi dæmt um það mál við týhúsið, sem sjer hafi tilheyrt á Bremerhólmi um að dæma, að sækja og svo kvitt að gefa, og hefði jeg sent sjer skilvís boð þá skyldi hann mig strax liðugan gjört hafa, og lofaði að Grabov skyldi eiga fullkomlegt lagaávarp hjá sjer þar fyrir áður en alt um þryti, og segir að Grabov eigi ekki neitt með þá sem kóngsins flota vakta skyldi, og þar sem Grabov hefði án kóngs befalningar það járn upp á mig setja látið sagðist hann strax skyldi láta burttaka. Síðan skildum vjer og gekk hann upp á Hólminn en vjer upp á týhúsið.

Grabov þóttist eiga happi að hrósa að honum gafst makt svo við mig höndla, og forbauð mjer út af týhússins portum að ganga fyr en kóngur kæmi, og var mjer þá af honum tilskikkað uppá einum hvelfing eður háum steinsal einmana næturstað að hafa, og voru mín sængurklæði þangað höfð. Grabov skikkaði mjer klukkunni jafnlega að hringja, annars hjet hann mjer meiri harmkvælum, en týmeistarinn og hinir þrír, er mjer jafnan góðs untu, sögðu mjer í hljóði að eg það ei gjöra skyldi, heldur hitt, honum til trass og móðs klukkuna með hamp tilstappa, hvað og skeði, svo hann oftlega þaraf fyltist heift og bræði, en af því allir hjeldu með mjer skeytti eg honum að litlu, og þess lengur sem leið þess djarfari gjörðist eg honum í gegn bæði í orðum og atvikum, svo hann um síðir þreytti nokkra aðfinni við mig á loft að bera.

Þeim járnsmið, sem þjenti upp á týhúsinu að smíða allrahanda er við þurfti, var eg fenginn til erfiðis, hverjum eg vel þóknaðist og minn góður vin gjörðist. Var eg nærri í mánuð uppá týhúsinu, svo að mig minnir, að þessi mín rauna og fangelsisdægur, er eg í þremur stöðum úthjelt, reiknuðust 9 eða 10 vikna tími alls og alls. Oft bar það við í þann mánuð, er eg á týhúsinu var inniluktur, að frómt

fólk af mínum kunningjum sendi tvisvar og þrisvar í hverri viku mjer uppheittan mat vel tilreiddan, þar með vín og öl með sínum þjónustusveinum og meyjum. Þessi kærleiksverk og kristilega náungasemi var ekki sístur sá frómi mann Söfren Villatsson skraddari bæði með vilja og verki að auglýsa þann tíma sem endrarnær; sá mátti reiknast faðir allra Íslenskra þeirra er höfðu veru og vist innan Kaupinhafnar porta, og hans góðmannlega leituðu, hvers nafn og minning ekki ætti af mjer gleymt verða, svo lengi sem eg fyrir náð Drottins hjer í veröld til endist.

XXVIII. KAP.

Og nær eg í þrjár nætur hafði uppá týhúsinu um þennan tíma míns fangelsis verið þá kom þar einn turnsmiðsmeistarasveinn að nafni Zacharias, skertur nokkuð að viti, uppá týhúsið, að hverjum bífalað varð varðhaldsmönnum týhússins trúlega að gæta. Þessi maður var gæddur mjög með andlegri og veraldlegri visku og skörpum skilningi. Hans meistari bjó í Helsingeyri. Svo hafði skeð fyrir liðnum tíma að kóngurinn hafði sent honum boð, og á blað uppritað eitt mjög fábreytt turnsmíði, á þann hátt þar sem þúsund manns upp gengi í turninn skyldi ekki sjást nema einn í senn uppstíga. Þar með hafði kóngur ásett tíma nær ferðugur og búinn skyldi. Þetta kóngsins uppáfundið og tilsagt smíði fjell þessum turnsmið harðla þungt, og fjekk fáleika svo glögglega merkja mátti. Einn dag í heimuglegum stað finnur hann þennan áðurnefnda Zacharias, sinn meistarasvein, og biður hann um aðstoð og góð ráð, svo hann verði ei sneyptur fyrir vansemdar sakir, ef svo til fjelli, sem hann þóktist glögglega fyrir sjá, ef sjer legðist ekki hjálp og góð ráð af hans hendi, en bað hann þó dult með fara, og hjet honum án síns daglegs verðkaups góðum launum að gjörning framkvæmdum. Zacharias upphóf

að viðleita og speculera uppá greint smíði, svo að verkið vel til gekk og til lykta fram leiddist, svo að kóngi vel geðjaðist, hvað meistarinn alt sjer og sinni ment tillagði. En að nokkrum tíma liðnum kveiktist rómur í borginni þesshátt ar að Zacharias hans þjenari mundi meistaranum hafa drjúgari orðið í greindu smíði, hvaraf hann fjekk hatur til þjenarans, og meinti hann vera orsök til þvílíks ryktis, hvað þó ei sannaðist. Skömmu seinna fann Zacharias missmíði á högum sínum og hjelt hann það að hann hefði sjer með göldrum það gjöra látið, en með því mönnum leitst hans orð af brjáluðu sinni og þau komu ekki fyrir yfirvöldin, þar fyrir talaðist þar ei framar um af hans hendi. Var það í hálft ár hann bar þennan veikleika og batnaði vel síðan. Þessi maður var einn frómur maður og guðhræddur eftir mínu veiklegu áliti, og merkja mátti millum áhlaupa og þungra freistingahríða. Þessum skikkaðist rúmstaður á þeim hvelfing eður steinsal, sem eg hvíldist, og var við höfnina og fyrsta innhlaupið, í hverri að lágu 11 af þeim smæstu kóngsins stríðsskipum, á hverjum vakt var haldin nætur og daga, sem þau hvern vetur þar inni lágu. Zacharias hafði bækur hjá sjer í hverjum hann daglega las þess á milli hann freistaðist, en í mestu áhlaupum fleygði hann þeim af hendi og bar til hann guðlastaði, hvers hann seinna sárlega iðraðist. Í hans stóru árásum máttu engir hann snerta utan eg alleina, svo eg tók hann þrátt með mestri hörku og dirfsku nauðugan í mitt fang og bar hann til rúms, og lagði mig svo flatan yfir hann með góðum fortölum og hörku aðfylgi. Stundum sló hann mig og hrækti í mína ásjónu, hvað eg leið með þolinmæði, utan hvað eg með hastyrðum og andlegri vandlætingu fyrir Guðs anda upplýsingu kastaði þrátt djöflinum fyrir nasir sína andlega skömm og vanvirðu æfinlega og ofbjóðlega harðýðgi, er hann ljeti í ljósi við Guðs börn, þegar Guð svo leyfði. Oft þakkaði hann Guði og mjer með grátandi tárum og bað mig auðmjúklega fyrirgefningar. Canceleranum og slotsherranum hafði hann fyr en þar kom með þunglegum orðum grimmlega tiltalað. Síðan kom Guð með sitt hjálpræði

honum til liðs og góða, svo að hann komst til þess embættis er hans meistari skömmu síðar frá deyði, og varð eiginmaður hans kvinnu, og lýkur því máli á þann veg sem nú er greint.

Nú er þar til máls að víkja að í Aprilismánuði sem var eftir páska að kóng Christián kom með veglegu föruneyti upp á Kaupinhafnar slot og samdægris til týhússins, hvar um þangað boðskapur barst fyr en skeði. Týmeistarinn kom í smiðjuna mjer þetta að undirvísa af góðmensku sinni, og segir eg skuli nú í dag láta mína klukku hringja í kóngsins nálægð, og ráðleggur mjer að eg skuli mig auðmjúkan auðsýna og til kóngsins djarflega tala, en þó með allra mesta auðmýktarhætti. Hann lofar hið mildasta tilleggja ef nálægt stæði.

Nú rennur rakki kóngs eftir venju undan honum hvert sem kóngur ásetti sjer að ganga, svo hann varð oft þægileg viðvörun mörgum, svo að kóngur kom ei óvarlega tíðast. Eitt hús innan múra stóð við smiðjuhúsið, sem nefndist verkstaður. Þeir sem voru nefndir kóngsins fýrverparar,[1]) sem voru ungir menn af byssuskyttunum, þeir þjónuðu þar inni uppá fýrverkið, er eg fyr um talað hefi. Þangað plagaði kóngur ávalt að ganga nær hann kom til týhússins, svo sem nú og einnin viðbar. Með honum gekk prinsinn s[álugi] og hinir tveir hans synir, hertug Friderich og hertug Uldrich, þar með cancelerinn Jacob Ulfeld[2]) og slotsherrann Keye Rantzau með þeim fleirum þjónustusveinum og hofjunkum er með fylgdust.

Og nær kóngurinn af dyrunum inn stje stóð eg við belginn að blása, og í því af ljet er hann gekk nær. Þá segir kóngur: »Hver hefir þig Jón svo prýtt og tilsett?« — Þá fjell eg niður á mitt annað hnje og bað kónginn náðugan

[1]) á dönsku Fyrværper eða Fyrværker; þeir voru næstir fyrir ofan byssuskyttur í fallbyssuliðinu, og urðu menn að standast próf til þess að komast í þá tign; sbr. Blom, Chr. IV.s Art. bls. 22.

[2]) Jacob Ulfeldt (1567—1630) varð ríkiskanslari 1609. Um hann sjá Biogr. Lex.

álíta yfir mjer fátækum og framandi. — Hann gekk svo fram betur að smiðnum, og horfði á hann það hann var að smíða. Og með því kóngur þagði gjörðu og slíkt hið sama allir hans meðfylgjarar. Nú stóð Grabov á bak til við kóng og hugsaði hann skyldi nú nálægt til andsvara ef með þyrfti. Þá lítur kóngur til Adolphs og segir: »Er það Jón, sem vaktina hefir forsómað?« Grabov svarar strax já. — Eg svaraði: „Náðugi herra! Eg bið yðar kónglega Majestat náðuglega að virðast að heyra mitt eitt orð.« — Kóngur svarar: »Svo tala hvað þú mátt með æru gjöra.« — Eg lýsi prófossins hatur og ofríki í það sinn við mig framkomið hafa, hvar með eg hindraðist mína vakt að standa, og þar með hans ranga ákæru fyrir dómi. — Grabov svarar: »Haltu þínum munni!« — Kóngur þagnaði við um stund, og allir þeir umkring stóðu. Síðan leit kóngur mjög hastarlega til Grabov og sagði: »Láttu hann verða lausan af sínu járni og fangelsi nú rjett strax, svo hann sje frí!« — Síðan segir hann til mín: »Sjá þig vel umkring framvegis, kæri Jón!« Eg bað grátandi Guð honum umbuna með tímanlegri og eilífri blessan. Kóngur sagði til Jacobs Ulfelds og hinna er þar umkring stóðu: »Þessi er einn Íslendingur, einn fallegur ungur maður, og hefir verið í tvær reisur innan skipsborða með oss, og þóknaðist oss vel hans umgengni, og eru hjer nú ekki fleiri undir regimentinu en hann einn. — En sá prófoss skal afsetjast, og bæri að hafa skömm í þökk.« — Fyrirbauð honum að bera stjórnarsprotann framar meir. Grabov vogaði ekki eitt orð að tala.

Kóngur skipaði smiðnum, sá er hjet Hans Vestfoling, að taka járnið af mjer, hvar honum varð mikið fyrir að ná því með þjöl, því þar var hnoðinn nagli í þar sem hálsbryggjan var samanlukt. Kóngur gekk í verkstaðinn, þar sem fýrverkið inni handtjeraðist. Og nær hann gekk fram um aftur spurði hann hvort smiðurinn væri ekki búinn. En hinn kvað mikið að gjört vera. Kóngur skipaði honum hraða sjer og enga dvöl á gjöra.

Kóngur gekk burt og út í forgarð týhússins, og gekk að skoða eina bómu tveggja eða þriggja feðminga þykkva,

er hann hafði til hafnarþröskulds þar við týhúsið gjöra látið, er svo var stór og þung að hundrað menn höfðu nóg af, ef úr stað hræra skyldu. En svo var henni háttað að einn maður gat við hana vel ráðið nær hún skyldi fram á sjóinn af landi rennast, sem gjört var hvert kvöld, að henni var yfir um höfnina af landi skotið, og var gjört með einni vindu, og eins var hafnar-vængjahurðinni með sama hætti aftur lukt hvert kvöld.

Nú sem kóngur var að skoða þessa bómu þá kemur týmeistarinn hvatlega og með grimmri reiði í smiðjuna gangandi og útdregur sitt sverð, er við hans síðu hjekk, og segist skuli smiðinn heilahöggva, ef hann ekki með fljótasta og kostgæfilegasta hætti sem fyrst mig af járninu losi, og bölvaði með reiðasta hætti junkur Grabov fyrir þrásamlegt hatur og ilskufult umsátur í gegn mjer, hvað hann nú auðsýni úti, þar hann sje nú að klaga mig fyrir kónglegri tign, að eg sje sjer of stórbrotinn, og bað kónginn að hann mætti fá því ráðið að halda mjer undir þvingan eitt hálft ár uppá týhúsinu, en sagði kóngur hefði engu tilansað.

Síðan varð eg laus af mínu fangelsi. Þá skipaði týmeistarinn mjer að ganga strax burt af týhúsinu, og heim í mitt herbergi, sem var upp í Austurstræti, og ekki í fullar 6 vikur aftur koma. Hann kvaðst skyldi það forsvara Eg þakkaði honum auðmjúklega fyrir sína kærlega og kristilega meðaumkan og góðar tillögur. Síðan kvaddi eg smiðinn og þakkaði honum fyrir alt vel gjört, og hann grjet sem barn, og kvaðst engan slíkan mundi fá af öllum, er sjer af byssuskyttum skikkaðir yrðu.

Svo gekk eg til portsins og vildi út ganga. Satt var það, að vaktarinn og alt fólkið gladdist yfir minni lausn og frelsan, en samt bar svo til, að nær eg vildi út ganga varð mjer því hamlað, því þeir sögðu sjer það af Grabov fyrirboðið vera, og báðu mig sjer það fyrirgefa. Eg setti mig niður á vaktbekkinn og grjet beisklega, og hugsaði eg þá til Davíðs og Sáls. — Í því kom týmeistarinn hvatlega gangandi, og þangað sem eg sat, og spyr hvað því valdi að eg